

skoðun 20

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur





Glæsilegt Borgarleikhúsblað
fylgir með Fréttablaðinu í dag.

Sala áskriftarkorta hefst kl. 9:00!

Borgarleikhúsið



# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FÖSTUDAGUR

20. ágúst 2010 — 194. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Hálfgerð sálfræði

*Jökull Jörgensen hefur rekið hárgreiðslustofuna Amadeus í 25 ár.*

**tímamót** 26

## Brúðkaupið í dag

*Anita Briem gengur í það heilaga á grískri eyju.*

**fólk** 46



## Útilokar ekki Kasakstan

*Alfreð Finnbogason er opinn fyrir tilboðum frá öllum heimshornum.*

**íþróttir** 38

**veðrið í dag**




**BJART MEÐ KÖFLUM** sunnan- og vestanlands en skýjað að mestu og lítilsháttar væta norðan- og austanlands. Hiti verður á bilinu 8 til 18 stig, hlýjast suðvestanlands.

VEÐUR 4



**HEIMILI HANNESAR ÞÓRS Í HAFNARFIRÐI** Fjöldi fólks hefur komið að heimili Hannesar Þórs Helgasonar að Háabergi og vottað hinum látna virðingu sína með því að leggja blóm á tröppurnar. Í gærkvöldi loguðu þar líka friðarljós. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skil einfaldlega ekki hver getur gert svona

**Unnusta Hannesar Þórs Helgasonar segist lítið hafa hvílst eða sofið síðan morðið var framið. Fjölskylda Hannesar biðlar til þjóðarinnar um hjálp. Sóknarprestur segir málið gríðarlega sorglegt. Glæpurinn framinn í mikilli heift.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég skil einfaldlega ekki hver getur gert svona. Ég bara sit og bíð eftir því að þessi manneskja finnist,“ segir unnusta Hannesar Þórs Helgasonar í samtali við Fréttablaðið. Hún vildi ekki koma fram undir nafni.

Það var unnusta Hannesar sem kom að honum látnum á heimili hans um hádegi á sunnudag. Hún segir erfitt að útskýra líðan sína við aðstæður sem þessar og hún hafi hvorki náð að hvílast né sofa mikið síðan atvikið varð.

Hannesi var ráðinn bani með hníf og var hann stunginn margsinnis og skorinn. Mikið blóð var á vettvangi og aðkoman skelfileg, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Áverkar á líkinu benda til að um mikla heift hafi verið að ræða og eindreginn tilgangur ódæðismannsins að myrða hann. Morðvopnið er ófundið. Rannsókn lögreglu er enn í fullum gangi og er hún ein sú viðamesta sem hefur átt sér stað hér á landi. Í fréttum Stöðvar 2 í gær bað fjölskylda Hannesar almenning um aðstoð við lausn málsins og þakkaði þann hlýhug sem henni hefur verið sýndur við fráfall hans.

> Fólk ætti að fara varlega í að blása upp glæður með hræðslu og flökkusögum.
>
> **ÞÓRHALLUR HEIMISSON** SÓKNARPRESTUR Í HAFNARFJARÐARKIRKJU

„Ég bið þjóðina um allt það sem hún kann að vita til þess að leysa þetta hörmulega mál,“ sagði Kristín Helgadóttir, systir Hannesar, í gærkvöldi.

Séra Þórhallur Heimisson, sóknarprestur í Hafnarfjarðarkirkju, segir málið afar sorglegt og hafa áhrif á alla.

„Það eru allir að fylgjast með þessu og það er erfitt fyrir fólk að hafa þetta hangandi yfir sér. Menn eru mikið að velta vöngum.“ Þórhallur segist hafa hvatt fólk til þess að gefa lögreglunni tíma og frið til að vinna sína vinnu og reynt að blása á þær sögusagnir sem hafa komið upp eftir atvikið. „Menn eru að eltast við þær hér í bænum eins og annars staðar. Við erum lítið samfélag.“ Hann segir fermingarbörn mikið velta sér upp úr málinu. „Við finnum á þeim að það er mikið verið að tala um þetta heima við,“ segir hann. „Svona harmleikur hefur ekki átt sér stað hér á landi í langan tíma og fólk ætti að fara varlega í að blása upp glæður með hræðslu og flökkusögum. Það er ekki neinum til góðs.“

Tveir menn hafa verið handteknir í tengslum við morðið en ekki var farið fram á gæsluvarðhald yfir þeim og þeir látnir lausir.

- sv, jss

Biskup boðar yfirlýsingu:

## Gegn ofbeldi og misnotkun

**ÞJÓÐKIRKJAN** Kristnar kirkjur á Íslandi munu á næstunni lýsa því sameiginlega yfir að þær taki afstöðu gegn misnotkun og ofbeldi í hvaða mynd sem er.

Þetta kemur fram í grein Karls Sigurbjörnssonar, biskups Íslands, sem birtist í Fréttablaðinu í dag. Yfirlýsingin er verkefni kirkna og safnaða sem eiga aðild að samstarfsnefnd kristinna trúfélaga. Biskup segir markvisst hafa verið unnið að bættum vinnubrögðum í kynferðismálefnum innan þjóðkirkjunnar. Þá þakkar hann þeim sem láta sér ekki standa á sama um málin.

- þeb/ sjá síðu 22

Saksóknari gefur ekkert upp:

## Sigurður í sjö tíma yfirheyrslu

**SAKAMÁL Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, mætti til skýrslutöku hjá sérstökum saksóknara um níu leytið í gærmorgun. Stóð skýrslutakan yfir til hádegis þegar tekin var tveggja tíma pása og svo haldið áfram til klukkan sex.**



SIGURÐUR EINARSSON

**„Þetta gekk bærilega í dag,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, sem vildi lítið annað segja um hvað átti sér stað. Ólafur segir að skýrslutakan muni halda áfram á morgun en óvíst væri hve lengi hún stæði, það réðist af framvindunni.**

**Sigurður var upphaflega kvaddur til skýrslutöku í maí en þegar hann varð ekki við þeirri kvaðningu var gefin út handtökuskipun. Nú hefur handtökuskipunin verið felld niður og er Sigurður frjáls ferða sinna.**

- mþl







**SPURNING DAGSINS**



*Sverrir, munuð þið sjá sólina í nýju ljósi?*

„Já, með stjörnur í augum.“

Sverrir Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur og stjörnuáhugamaður. Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefurinn munu bjóða gestum að skoða sólina með sólarsjónaukum á menningarnótt.

Skýrsla Björgólfsfeðga segir Davíð Oddsson hafa unnið gegn því að samþykkt Alþingis um lán næði fram:

# Stóð gegn þrautavaraláni fyrir bankana

**EFNAHAGSMÁL** Davíð Oddsson, þáverandi seðlabankastjóri, beitti sér gegn því að gjaldeyrisvaraforði bankans yrði styrktur sumarið 2008, þvert á samþykkt Alþingis um lántöku í því augnamiði. Alþingi hafði samþykkt sérstaklega nauðsyn þessa svo mögulegt væri að aðstoða íslenska banka í vanda.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Björns Jóns Bragasonar sagnfræðings sem Björgólfur Thor Björgólfsson birtir á nýrri vefsíðu sinni. Skýrslan var sérstaklega skrifuð að beiðni Björgólfs og föður hans Björgólfs Guðmundssonar.

Í skýrslunni er rifjað upp að ríkisstjórnin samþykkti í maí 2008 að styrkja gjaldeyrisvaraforðann verulega þrátt fyrir að það væri talið óhagstætt. Ríkisstjórnin og stjórnendur Seðlabankans voru ósammála um hvernig að þessu yrði staðið og ekkert varð af lántöku. Björgvin G. Sigurðsson, þáverandi viðskiptaráðherra, hafði síðar á orði að tregða Seðlabankans við að svara kalli ríkisstjórnarinnar sé „ein af stærstu ráðgátunum í aðdraganda bankahrunsins“.

Um þetta segir í skýrslunni að Davíð hafi látið þess getið að hann stæði sjálfur persónulega í vegi fyrir því að tekið yrði stórt erlent lán til að styrkja gjaldeyrisvaraforðann. Heimild Björns Jóns fyrir þessu eru þrír ónafngreindir heimildarmenn. - shá



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**29 OKTÓBER 2008** Fullyrt er í skýrslu sem sagnfræðingur skrifaði að beiðni Björgólfsfeðga að Davíð Oddsson hafi persónulega staðið í vegi fyrir að gjaldeyrisvaraforði Seðlabankans yrði styrktur.

Fasteignakaup í borginni:

## Borgin kaupir Ísaksskóla á 292 milljónir króna

**SKÓLAMÁL** Borgarráð samþykkti í gær heimild Reykjavíkurborgar til þess að kaupa fasteignir Skóla Ísaks Jónssonar fyrir tæpar 292 milljónir króna. Kaupverðið er greitt með yfirtöku á áhvílandi skuldum sem nema tæplega 254 milljónum króna og fjármögnun nauðsynlegra viðhaldsframkvæmda.

Í fundargerð borgarráðs kemur fram að skólinn muni njóta kaupréttar á fasteignunum á sama raunverði að fimm árum liðnum enda stefni skólinn að því að starfa í eigin húsnæði þegar náðst hafa betri tök á fjármálum skólans. Fyrir liggur fjárhagsáætlun 2010 og drög að áætlun 2011. Borgarráð samþykkir jafnframt að heimila framkvæmda- og eignasviði að leigja Skóla Ísaks Jónssonar fasteignirnar. - jhh

Landsvirkjun í vandræðum:

## Lokað fyrir lán vegna Búðarhálsvirkjunar

**VIÐSKIPTI** **Fjárfestingarbanki Evrópu lokaði í júlí á lán til Landsvirkjunar vegna framkvæmda við Búðarhálsvirkjun. Frá þessu er greint í Viðskiptablaðinu í gær og er ástæðan sögð sú að ekki hefur enn fengist botn í Icesavedeilu Íslendinga við Breta og Hollendinga.**

**Viðskiptablaðið segir að ekki hafi verið einhugur um lánsákvörðunina á stjórnarfundi bankans og úr varð að lánið var stöðvað. Í yfirstjórn hans eiga sæti fjármálaráðherrar Evrópusambandsríkjanna og þar á meðal fjármálaráðherra Bretlands og Hollands.** - mþl




**TJALDAÐ Í BLÍÐUNNI** Rænt var úr nokkrum tjöldum á tjaldsvæðinu í Laugardal í sumar. Starfsmaður segir óreglufólk hafa farið í tjöldin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Erlendir ferðamenn rændir í Laugardal

**Stolið var úr tjaldi þýsks ferðabókahöfundar á tjaldsvæðinu í Laugardal í Reykjavík. Starfsmaður tjaldsvæðisins segir óreglufólk hafa komið sér upp búðum í nágrenninu og það fari ránshendi um svæðið. Búið er að gera ráðstafanir.**

**FERÐAMENNSKA** Þýski ferðabókahöfundurinn Ulf Hoffmann frá Berlín varð fyrir þeirri leiðinlegu upplifun að óprúttnir einstaklingar hentu, að því er hann taldi, tveggja kílóa grjóthnullungi í tjald hans með þeim afleiðingum að það skemmdist, á tjaldsvæðinu í Laugardal í sumar.

Hoffman telur tilgang grjótkastsins hafa verið að kanna hvort einhver væri í tjaldinu. Þegar svo var ekki var farið inn í tjaldið og verðmætum stolið úr því. Starfsfólk tjaldsvæðisins fann hluta þýfisins í nálægum runnum.

Hoffman, sem skrifað hefur ferðabók fyrir hjólareiðafólk sem hyggur á ferðir um Ísland, skrifar um þjófnaðinn á vefsíðu sinni sem fjallar um ferðlög hans.

Þar gagnrýnir hann aðstæður á tjaldsvæðinu og telur líklegt að þjófarnir hafi komist óhindrað inn á svæðið yfir lélega girðingu. Hann segir jafnframt viðbrögðin við þjófnaðinum hafa komið sér á óvart. Starfsfólk tjaldsvæðisins hafi ekki vitað hvernig það ætti að bregðast við og ekki skrifað niður heimilisfang hans ef eitthvað af því sem stolið var kæmi í leitirnar. Þá hafi lögregla lítið gert. Hann brýnir fyrir ferðamönnum á reiðhjólum að hafa aldrei augun af tjöldum sínum og hjólum.

„Í byrjun sumars var skorið gat á tjöld nokkurra ferðamanna og peningum þeirra og fleiri verðmætum stolið. En við höfum aldrei vitað til þess að nokkurn tíma hafi steini verið hent í tjald,“ segir María Rún Stefánsdóttir, starfsmaður tjaldsvæðisins í Laugardal. Hún kannast ekki við að áður hafi verið stolið úr tjöldum ferðalanga sem gisti á tjaldsvæðinu.

María segir starfsfólk hafa í kjölfar þessa farið að fylgjast betur með tjaldsvæðinu og tekið eftir því að hópur fólks hafi reist tjöld rétt utan við það. „Þetta var óreglufólk. Við erum búin að gera ráðstafanir og fylgjumst með því að það komi ekki inn á tjaldsvæðið.“

jonab@frettabladid.is

Miklatún verður Klambratún:

## Gefið nafn á menningarnótt

**REYKJAVÍK** **Jón Gnarr borgarstjóri gefur Klambratúni nafn sitt að nýju á menningarnótt.**

**Á menningarnótt kl. 15 mun Jón Gnarr borgarstjóri afhjúpa nýtt fræðsluskilti eða menningarmerkingu á íslensku og ensku um sögu Klambratúns um leið og hann gefur því sitt gamla nafn að nýju í stað Miklatúns eins og það var látið heita árið 1964.**

**Skiltið verður við stíginn rétt eftir að komið er inn í garðinn á horni Rauðarárstígs og Flókagötu, segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.** - pg



**SKÓLASETNING VIÐ MR** Nemendur MR gengu fylktu liði úr Gamla skóla í Dómkirkjuna í Reykjavík við skólasetningu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skólasetningar víða um land:

## Framhaldsskólar að hefja störf

**MENNTUN** Framhaldsskólar landsins eru flestir að hefja störf aftur þessa dagana eftir sumarfrí. Í Menntaskólanum í Reykjavík, Verslunarskólanum, Iðnskóla Hafnarfjarðar og Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ fór fram skólasetning í gær en Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Tækniskólinn verða settir í dag.

Á mánudag hefst kennsla við MH, Kvennaskólann, Borgarholtsskóla, Flensborgarskólann og Fjölbrautaskóla Garðabæjar.

Aðrir skólar á höfuðborgarsvæðinu hefja störf seinna í næstu viku en Hraðbraut hefur þegar hafið kennslu. - mþl






Stjórn Íbúðalánasjóðs fjallaði ekki um ráðningu nýs framkvæmdastjóra í gær:

# Ráðning rædd í næstu viku

**FÉLAGSMÁL** Ráðning nýs framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs var ekki tekin fyrir á fundi stjórnar sjóðsins í gær. Annar stjórnarfundur verður hins vegar haldinn í næstu viku þar sem ráðning nýs forstjóra er á dagskrá.

Ganga átti frá ráðningu í embættið 1. júlí síðastliðinn í kjölfar þess að Guðmundur Bjarnason hætti störfum. Ásta H. Bragadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri sjóðsins, er starfandi framkvæmdastjóri. Hún er einn fjögurra umsækjenda sem voru metnir hæfir.

Hákon Hákonarson, stjórnarformaður Íbúðalánasjóðs, segir það eðlilegt að fólk velti því fyrir sér af hverju svo langan tíma hefur tekið að klára ráðningarmál nýs framkvæmdastjóra. „Við erum á síðustu metrunum með þetta og það er ekki mikið meira um þetta að segja í augnablikinu,“ segir Hákon spurður hvað veldur töfunum.

„Þetta er búið að taka langan tíma, mun lengri en reiknað var með. Vonandi kemur það ekki að sök,“ segir Hákon jafnframt.

Eins og Fréttablaðið greindi frá 10. júlí síðastliðinn er talið að Ásta og Yngvi Örn Kristinsson, fyrrverandi forstöðumaður hjá Landsbanka Íslands, komi helst til greina sem eftirmaður Guðmundar. Yngvi Örn hefur starfað sem ráðgjafi Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra. - shá



**SAT Í TÍU ÁR** Guðmundur Bjarnason gegndi starfi framkvæmdastjóra sjóðsins í áratug. Einn og hálfur mánuður er liðinn síðan ganga átti frá ráðningu eftirmanns hans. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT




# Viðburðir



**Ljósadagar**
*26. til 29. ágúst*



**Ikebana**
**- japönsk blómaskreytilist**
*3. til 5. september*



**Uppskerumarkaður**
*3. til 5. september*



**Dýradagar - Smáhundar**
*11. til 12. september*



**Dýradagar - Kettir**
*18. til 19. september*



**Leiðissýning**
*18. til 19. september*



**Kertamarkaður**
*14. til 17. október*



**Ljósaseríukynning & Amerísku jólatrén**
*21. til 24. október*



**Kósí konukvöld**
*4. nóvember*



**Jólalandið opnar**
*6. nóvember*



**Aðventuhelgin**
*27. til 28. nóvember*



**Jólin nálgast**
**-njótum aðventunnar!**

spíran.

*Fylgist með jólahádegi*
*á Spírunni bistro í desember!*

# Námskeið

## Lærðu og gerðu sjálf(ur)

**Öðruvísi sultur og pestó**
*25.ágúst kl. 17.30*
*Hinrik Carl Ellertsson kokkur*

**Sveppatínsla og matseld**
*7. september kl. 17.30*
*Vilmundur Hansen garðyrkjufræðingur*
*& Hinrik Carl Ellertsson kokkur*

**Uppskeran - geymsluaðferðir**
*9. september kl. 17.30*
*„Gugga“ - Guðbjörg Kristjánsdóttir*

**Nýtt í prjónaskap:**
**Rússneskt hekl**
*15.september kl. 17.30*
*Patrick Hassel-Zein*
*& Ragnheiður Eiríksdóttir*

**Haustverkin í garðinum**
*16.september kl. 17.30*
*Steinunn Reynisdóttir, garðyrkjufræðingur*
*& Vilmundur Hansen, garðyrkjufræðingur*

**Haustkransagerð og kertaskreytingar**
*23.september kl. 17.30*
*Blómaskreytar Garðheima*

**„Skrapp“**
**fyrir byrjendur**
*30.september kl. 17.30*
*Blómaskreytar Garðheima*

**Nýtt í skartgripagerð**
**Fimo leir ofl.**
*7. október kl. 17.30*
*Blómaskreytar Garðheima*

**Frágangur á prjóni**
*13. október kl. 17.30*
*Hulda Hákonardóttir*

**Öðruvísi sokkaprjón**
*10. nóvember kl. 17.30*
*Ágústa Jónsdóttir*
*& Benný Ósk*

**Jólakortagerð**
*11. nóvember kl. 17.30*
*Blómaskreytar Garðheima*

**Aðventukransagerð**
*16. nóvember kl. 17.30*
*Blómaskreytar Garðheima*

**Persónulegar jólakúlur**
*18. nóvember kl. 17.30*
*Blómaskreytar Garðheima*

spíran.
*Námskeiðin eru öll haldin á*
*Spírunni Bistró - 2. hæð Garðheima*
*- girnileg tilboð !*

**Upplýsingar og skráning á gardheimar.is**

**GENGIÐ 19.08.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,28 | 119,84 |
| Sterlingspund | 186,57 | 187,47 |
| Evra | 153,04 | 153,90 |
| Dönsk króna | 20,538 | 20,658 |
| Norsk króna | 19,345 | 19,459 |
| Sænsk króna | 16,207 | 16,301 |
| Japanskt jen | 1,3936 | 1,4018 |
| SDR | 180,55 | 181,63 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 208,0051

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landspítalinn tekur við færeyskum sjúklingum eftir gerð tímamótasamnings:

# Tímamót í læknisþjónustu

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn hefur gert samning um þjónustu við sjúklinga frá Færeyjum og samkvæmt honum verður sjúklingum þaðan, sem þurfa að leita sér lækninga utan Færeyja, vísað til Landspítalans til jafns við önnur norræn háskólasjúkrahús.

Um er að ræða rammasamning um sölu sjúkrahúsþjónustu Landspítala. Kaupandi er færeyska heilbrigðisráðuneytið fyrir hönd landssamtaka sjúkrahúsa í Færeyjum. Samningurinn nær til hvers konar sjúkrahúsþjónustu.

Þetta er fyrsti samningurinn sem gerður er við annað land um alhliða sjúkrahúsþjónustu á Íslandi og skapar grundvöll að frekara samstarfi, til dæmis um meðferð sjaldgæfra sjúkdóma. Hann stuðlar að meiri nýtingu mjög dýrra tækja og búnaðar og hraðari endurnýjunar á honum. Samningurinn getur líka aukið möguleika Landspítalans á að taka upp nýja þjónustu sem áður hefur verið veitt erlendis þar sem fleiri sjúklingum stæði hún til boða nú en áður. Þannig geta líka skapast tækifæri fyrir heilbrigðisstarfsfólk með sérstaka þjálfun að flytja heim til Íslands og fá starf við hæfi. - shá



**UNDIRRITUN Í FÆREYJUM** Björn Zoëga, forstjóri LSH, og Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra undirrita samninginn fyrir hönd Íslands. MYND/LSH

Norsk-íslenska síldin:

## Kaflaskipt veiði sem af er ágúst

**SJÁVARÚTVEGUR** Síldveiðin hefur verið kaflaskipt eftir að veiðar hófust á ný hjá skipum HB Granda. Á heimasíðu fyrirtækisins segir að eftir frí um verslunarmannahelgina veiddist lítið en góðar torfur gáfu tímabundið góðan afla. Dálítið er af makríl í síldaraflanum en þegar Ingunn AK hætti veiðum var hún komin hátt í 200 mílur austur af Vopnafirði.

Síldin sem veiðst hefur að undanförnu er af ágætri millistærð eða um 230 til 240 grömm að þyngd. - shá



**HESTAMENN** Ekki er útilokað að hrossapestin geti borist í menn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sýni rannsökuð á Keldum:

## Hrossapest geti smitast í menn

**HEILBRIGÐISMÁL Grunur leikur á að hrossapestin, sem herjað hefur á hesta hér á landi undanfarið, smiti menn, hunda og ketti. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.**

**Dæmi eru um streptókokkasýkingar hjá hestamönnum og rannsakað er hvort þeir hafi smitast af hestum sínum. Fréttastofan ræddi við Sigríði Björnsdóttur, dýralækni hrossasjúkdóma hjá Matvælastofnun, sem staðfestir að verið sé að rannsaka sýni með tilliti til þess hvort pestin hafi borist á milli.**

**Sigríður segir að enn taki nokkrar vikur að greina sýnin. Þau sem eru úr ferfætlingunum séu til skoðunar í Tilraunastöðinni að Keldum en það sé í höndum heimilislækna að greina menn.** - shá

**LEIÐRÉTTINGAR**

Kvikmynd Herberts Sveinbjörnssonar sem sýnd verður á Haðarstíg á menningarnótt heitir Sjónarhorn en ekki Hjónakorn eins og stóð í Fréttablaðinu í gær.

Villa leyndist í grafi sem birtist með frétt um fólksfækkun á Íslandi á miðvikudag. Í grafinu stóð að Íslendingar hefðu verið 84.528 árið 1890 en þar átti að standa 70.581.

# Hundrað hæstu fá svipuð laun og 2004

**Meðallaun 100 launahæstu Íslendinganna voru um fimm milljónir á mánuði árið 2009 og höfðu lækkað úr rúmum 11 milljónum árið 2007. Fjármagnstekjur vantar inn í heildarmyndina, segir Þjóðmálastofnun Háskólans.**

**LAUNAMÁL** Eitt hundrað tekjuhæstu einstaklingar í landinu höfðu að meðaltali fimm milljónir króna í launatekjur á mánuði árið 2009. Tekjur þeirra eru nú svipaðar og á árunum 2004 og 2005 en innan við helmingur þess sem þær voru árið 2007 þegar þær voru 11,2 milljónir króna á mánuði að meðaltali.

Í nýju fréttabréfi Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands er sýnd þróun launatekna 100 hæstu tekjuþega í landinu á tímabilinu 1990 til 2009 í grein eftir Arnald Sölva Kristjánsson hagfræðing og Stefán Ólafsson prófessor.

Byggt er á upplýsingum úr tekjublöðum Frjálsrar verslunar. Fram kemur að á tímabilinu frá 2003 til 2007 jukust atvinnutekjur þessa hóps langt umfram aðra í þjóðfélaginu. Meðan vísitala kaupmáttar launa hækkaði úr 100 árið 1990 í 146 árið 2008 fór vísitala kaupmáttar hinna hundrað tekjuhæstu úr 100 í 500. Frá hruninu árið 2008 hafa tekjur hátekjuhópsins lækkað um 55%. Í fréttabréfi Þjóðmálastofnunar segir að þetta þýði að sú 71% hækkun sem varð hjá hópnum á árunum 2005 til 2007 hafi nú að stórum hluta gengið til baka. „Þær miklu hækkanir sem urðu á atvinnutekjum hæstu 100 einstaklinganna frá 2002 til 2004 standa þó enn eftir,“ segir í tímaritinu.

Greinarhöfundarnir árétta þó að í tekjublöðum eins og blaði Frjálsrar verslunar séu hæstu tekjur vantaldar þar sem fjármagnstekjur séu þar undanskildar. „Tölur Frjálsrar verslunar vanmeta því hæstu tekjur Íslendinga verulega,“ segir í fréttabréfinu.

Gögn Ríkisskattstjóra sýni að árið 2007 var 1% tekjuhæstu fjölskyldna í landinu með um 85% heildartekna sinna sem fjármagnstekjur. Árið 2007 hafi sex hundruð tekjuhæstu fjölskyldur landsins haft að meðaltali um 18 milljónir króna á mánuði í heildartekjur, þegar allar tekjur voru meðtaldar, þ.e. atvinnutekjur, fjármagnstekjur og lífeyristekjur.

Þjóðmálastofnun boðar að hún muni birta upplýsingar um hvernig heildartekjur þessa hóps hafa þróast frá 2007 þegar nýjar tölur frá Ríkisskattstjóra liggja fyrir.

peturg@frettabladid.is



**BREITT BIL** Kaupmáttur hundrað tekjuhæstu einstaklinganna fimmfaldaðist á sama tíma og kaupmáttur almennings jókst um helming. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Laun þeirra 100 tekjuhæstu frá árinu 2000***

| Ár | Laun þús.kr./mán. | Breyting frá fyrra ári |
|---|---|---|
| 2000 | 2.869 | 10,7% |
| 2001 | 2.530 | -11,8% |
| 2002 | 2.840 | 12,3% |
| 2003 | 3.427 | 20,7% |
| 2004 | 4.462 | 30,2% |
| 2005 | 6.578 | 47,4% |
| 2006 | 7.516 | 14,3% |
| 2007 | 11.234 | 49,5% |
| 2008 | 7.182 | -36,1% |
| 2009 | 5.019 | -30,1% |

* Samkvæmt rannsókn Þjóðmálastofnunar HÍ á upplýsingum úr tekjublöðum Frjálsrar verslunar.

Innbrot á Álftanesi:

## Flatskjá félags aldraðra stolið

**INNBROT Brotist var inn í félagsaðstöðu aldraðra á Álftanesi á þriðjudagsmorgun og stolið þaðan flatskjá. Guðrún Jónsdóttir, formaður Félags eldri borgara á Álftanesi, segir tilfinningalegt tjón hafa hlotist af verknaðinum, sem og fjárhagslegt, í samtali við Vísi.**

**TM tryggir félagið en Guðrún segist ekki vera bjartsýn á að fá tjónið bætt. Hún segir djáknann í umdæminu hafa ætlað að halda bíósýningar fyrir félagsmenn einu sinni í mánuði í vetur, en nú verði líklega ekkert úr því. Hún segir verknaðinn lágkúrulegan og skorar á þann sem tók flatskjáinn að skila honum.** - sv

Vísindamenn í Skotlandi nýta:

## Eldsneyti framleitt úr áfengi

**BRETLAND, AP** Skyldi einhver hafa prófað að setja viskí á bensíntankinn? Vísindamenn við Napier-háskólann í Edinburgh hafa prófað það, að eigin sögn með góðum árangri.

Þeir hafa framleitt svonefnt bútanól-eldsneyti úr dreggjum og úrgangi frá eimingu skosks viskís. Eldsneytið segja þeir nothæft í venjulegar bifreiðar, með óbreyttum vélum.

Kosturinn við þetta er ekki síst að eldsneytið er framleitt úr úrgangi annarrar framleiðslu. Því þarf ekki að rækta sérstaklega jurtir til framleiðslunnar. - gb

**DÓMSMÁL**

### 18 mánuðir fyrir nauðgun

Héraðsdómur Norðurlands eystra dæmdi í gær karlmann á sextugsaldri í átján mánaða fangelsi fyrir nauðgun. Maðurinn nauðgaði konu á heimili hennar í janúar og gat hún ekki varist sökum ölvunar og svefndrunga.


FYRIR VANDLÁTA




Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður

· Mikil orka 16,5 kw/h
· Grillgrindur úr pottjárni
· 3 brennarar úr pottjárni
· Hitadreifarar úr pottjárni
· Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
· Vönduð og sterk viðargrind
· Innbyggð neistakveikja
· Skúffa fyrir fitu
· Grillflötur: 64 x 49cm
· Stærð: 145 x 108 x 62 cm

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Opið laugardag til kl. 14

FÆST EINNIG HJÁ
ORMSSON -
ÁRVIRKINN SELFOSSI
MODEL AKRANESI
RADÍÓNAUST AKUREYRI
GEISLA Í EYJUM

Grillbúðin www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400


**VEÐURSPÁ**



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNAR**
Það kólnar um helgina og má búast við að hitinn falli niður fyrir 10 stig um landið norðanvert en verði á bilinu 10 til 15 stig að deginum til sunnanlands. Það rignir norðan- og austanlands og bætir í úrkomuna eftir því sem á helgina líður.




**Á MORGUN**
Strekkingur vestast og austast annars hægari.

**MÁNUDAGUR**
Strekkingsvindur nokkuð víða.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 23° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 31° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 19° |
| París | 29° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# TAX FREE DAGAR



tax free verð
**3.080** kr/stk
fullt verð 3.899.-

## AFNEMUM VSK
## af öllum ritföngum og skólatöskum

Gildir til 22. ágúst á meðan birgðir endast.



tax free verð
**205** kr/stk
fullt verð 259.-

5 stk. í PAKKA
tax free verð
**703** kr/pk
fullt verð 890.-

tax free verð
**23** kr/stk
fullt verð 29.-

12 stk. í PAKKA
tax free verð
**150** kr/pk
fullt verð 190.-

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að taka þátt í hátíðarhöldum á menningarnótt?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 30% |
| NEI | 70% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú gaman af kórsöng?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Seðlabankinn segir veltu á fasteignamarkaði enn í sögulegu lágmarki:

# Dregur úr lækkun íbúðaverðs

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Dregið hefur verulega úr verðlækkunum á fasteignamarkaði á undanförnum mánuðum og hefur hann glæðst það sem af er ári miðað við sama tíma í fyrra. Þó má reikna með að verð haldi áfram að lækka. Þetta kemur fram í Peningamálum, ársfjórðungsriti Seðlabankans.

Í ritinu er bent á að raunverð fasteigna hafi nú lækkað um rúm 34 prósent á höfuðborgarsvæðinu frá í október 2007 þegar það var hæst. Þá hefur nafnverð íbúða lækkað um 14,2 prósent frá því það stóð hæst í janúar fyrir tveimur og hálfu ári.

Þá segir að þótt velta hafi verið rúmum fimmtungi meiri í júlí en á sama tíma fyrir ári sé hún enn afar lítil í sögulegu samhengi.

Í síðustu Peningamálum Seðlabankans í maí kom fram að í mars hefði áttatíu prósent færri kaupsamningum verið þinglýst en í október 2004 þegar fjöldi þeirra náði hámarki rétt eftir innkomu viðskiptabankanna á fasteignalánamarkaðinn. Þá var raunverð íbúða jafnframt lægra en það var áður en viðskiptabankarnir hófu að veita lán til húsnæðiskaupa fyrir sex árum. **- jab**



**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ** Raunverð fasteigna var lægra í maí en þegar bankarnir komu inn á fasteignalánamarkaðinn haustið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Miðbær Akureyrar:

# 1.800 mótmæla skipulagstillögu

**AKUREYRI Um 1.800 Akureyringar skrifuðu undir lista til að mótmæla fyrirhuguðum breytingum á miðbæjarskipulagi bæjarins og hvetja bæjarstjórn til að varðveita götumynd við Hafnarstræti.**

**Þar á samkvæmt skipulagi að byggja bensínstöð og KFC-skyndibitastað. Undirskriftasöfnunin stóð í rúma viku og var listinn afhentur Geir Kristni Aðalsteinssyni, forseta bæjarstjórnar í gær.** **- pg**

Ársfjórðungsuppgjör kynnt:

# Metfjórðungur hjá Atlantic

**VIÐSKIPTI Hagnaður af rekstri færeyska olíufélagsins Atlantic Petroleum var 35,8 milljónir danskra króna eða jafngildi 738 milljóna íslenskra króna á öðrum ársfjórðungi. Þetta er mesti hagnaður á einum ársfjórðungi hjá Atlantic Petroleum frá stofnun fyrirtækisins árið 1998.**

**Fyrirtækið dælir nú upp olíu úr tveimur olíulindum austan við Skotland en á þátt í olíuleitarverkefnum við Færeyjar, Írland og í nágrenni áðurnefndra linda.** **- mþl**



**FORSTJÓRI FAGNAR** Þýski bílarisinn BMW hefur notið góðs af uppganginum á erlendum mörkuðum eftir fjármálakreppuna, ekki síst í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Svartsýnar horfur í Þýskalandi:

# Hægir á eftir uppsveifluna

**EFNAHAGSMÁL** Þýska Zew-vísitalan, sem mælir væntingar í viðskiptalífinu, lækkaði úr 21,2 punktum í júlí í 14,0 punkta í síðasta mánuði. Vísitalan hefur ekki verið lægri síðan í apríl í fyrra og bendir til að þýskir fjárfestar séu svartsýnir.

Þetta er neikvæðari niðurstaða en búist var við. Reuters-fréttastofan hefur eftir sérfræðingum, að hagvöxtur í Þýskalandi hafi mælst 2,2 prósent á öðrum ársfjórðungi samanborið við 1,0 prósents hagvöxt á evrusvæðinu. Útflutningsfyrirtæki hafi notið góðs af veikri evru og uppgangi eftir fjármálakreppuna og eðlilegt að nú sé að hægja á. **- jab**

# Um hundrað manns reknir til Rúmeníu

**Frakkar eru byrjaðir að senda sígauna úr landi í stórum stíl. Fleiri verða sendir burt næstu vikurnar til Rúmeníu og Búlgaríu. Tóm sýndarmennska, segir talsmaður sígaunanna, því fólkið getur hindrunarlaust farið strax til baka.**

**FRAKKLAND, AP** Frönsk stjórnvöld sendu í gær nærri hundrað manns til Rúmeníu. Allt voru þetta sígaunar, eða rómar eins og þeir kalla sig sjálfir, sem að mati franskra stjórnvalda dvöldu ólöglega í Frakklandi.

Frakkar segjast ætla að senda fleiri þeirra úr landi næstu vikurnar, flesta til Rúmeníu en suma til Búlgaríu.

Þótt lög Evrópusambandsins heimili frjálsa för fólks milli landa geta stjórnvöld rekið fólk aftur til síns heimalands ef það getur ekki sýnt fram á að hafa næg peningaráð til eigin framfærslu í dvalarlandinu.

Alexandre Le Cleve, talsmaður samtaka rómafólksins í Evrópu, segir brottvísanirnar frá Frakklandi gersamlega tilgangslausar.

„Þeir sem fóru í morgun geta tekið flugvél strax í kvöld og komið aftur til Frakklands. Það er ekkert sem hindrar það,“ sagði hann. „Auðvitað kemur þetta fólk aftur,“ bætti hann við. „Sumir rómar hafa verið sendir til baka sjö eða átta sinnum, og hafa í hvert sinn fengið hinar frægu 300 evrur.“

Þar vísar hann til þess að Frakkar láta hvern fullorðinn einstakling, sem fer úr landi af fúsum og frjálsum vilja, fá 300 evrur til að koma undir sig fótunum í heimalandinu. Börn fá hundrað evrur.

„Ég fer aftur eftir tvær vikur,“ sagði einn hinna brottfluttu, Adrian Paraipan, 37 ára karlmaður sem var sendur með fluginu til Rúmeníu í gær ásamt eiginkonu sinni og þremur börnum.



**BROTTFLUTNINGUR** Nærri hundrað manns voru sendir með tveimur flugvélum til Rúmeníu frá Frakklandi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Le Cleve bendir á að brottvísanir sígaunanna hækki tölur um árlegar brottvísanir útlendinga frá Frakklandi. Stjórnvöld birta þær tölur árlega og stæra sig af árangrinum, sem á að sýna staðfestu þeirra í baráttunni gegn glæpastarfsemi útlendinga í landinu.

Erlendir sígaunar sjást oft betla á götum í Frakklandi, eins og víðar í Evrópu. Oft eru lítil börn með þeim og margir Frakkar líta þetta hornauga.

Sarkozy forseti hefur lagt áherslu á tengsl rómafólksins við glæpi. Í ræðu sinni 28. júlí sagði hann búðir sígauna gróðrarstíu vændis, mansals og kynferðisglæpa gegn börnum.

Hann lofaði því við uppræta ólöglegar búðir sígauna, þær yrðu „kerfisbundið rýmdar“. Síðan hafa stjórnvöld rýmt um fimmtíu búðir og eru enn að.

Traian Basescu, forseti Rúmeníu, sagðist hafa fullan skilning á þeim vanda, sem búðir rómafólks í sveitum Frakklands skapi og hét því að vinna með Frökkum að því að finna lausn á þessum vanda. Hins vegar stóð hann fastur á því að allir íbúar aðildarríkja Evrópusambandsins hafi fullan rétt til að ferðast frjálsir innan Evrópusambandsins. **gudsteinn@frettabladid.is**



**TF-LÍF** Kalla þurfti út áhöfn á bakvakt og mann úr sumarfríi til að fullmanna þyrluna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Annir hjá þyrlunni TF-LÍF:

# Fjögur útköll á fimmtán tímum

**ÖRYGGISMÁL** Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út fjórum sinnum á tímabilinu frá klukkan sjö á mánudagskvöldið til klukkan tvö daginn eftir.

TF-LÍF sótti snemma að kvöldi mánudags veikan sjómann um borð í norskan togara sem staddur var um 175 sjómílur norðvestur af Reykjavík. Á meðan bárust aðstoðarbeiðnir vegna alvarlegra veikinda í Öræfum og vegna manns sem slasaðist í Grímsey. Fjórða útkallið var vegna konu sem slasaðist við hellaskoðun við Miklafell í Eldhrauni. **- shá**

Landvernd fagnar ákvörðun:

# Friðlandið mun verða stækkað

**UMHVERFI Umhverfisráðherra hefur tilkynnt að stækka eigi friðlandið í Þjórsárverum og fagnar Landvernd ákvörðuninni.**

**Lárus Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Landverndar, telur að fyrirliggjandi hugmyndir um Norðlingaölduveitu séu ekki ásættanlegar þar sem sýnt hefur verið fram á að slíkar framkvæmdir spilli verndargildi Þjórsárvera. Slíkt hefði óhjákvæmilega neikvæð áhrif á nágildandi friðlandsmörk Þjórsárvera og gæti valdið óafturkræfum spjöllum á svæðinu.** **- sv**





Nýskráður: 07.2007 - Ekinn: 19 þús.

**Verð kr. 7.900.000**

Leðurinnrétting, hraðastillir, leiðsögukerfi, 19" SportDesign álfelgur, Sport Chrono Plus pakki, aksturstölva, Bi-Xenon ökuljós, sjálfskiptur, sportsæti, loftkæling o.fl.

Bílabúð Benna Stofnuð 1975

Porsche á Íslandi - Vagnhöfða 23 - 590 2000 - www.benni.is - Opið alla virka daga frá kl. 09 til 18.


Griffill oftast með lægsta verðið á nýjum skólabókum:

# Verðmunur á skólabókum mikill

**NEYTENDUR** Verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð á nýjum og notuðum skólabókum fyrir framhaldsskólanema í nokkrum verslunum á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag.

Griffill var oftast með lægsta verðið á nýjum bókum í könnuninni en Penninn-Eymundsson var oftast með lægsta verðið á notuðum bókum. Mál og menning var oftast með hæsta verðið á nýjum bókum en Office 1 oftast með hæsta verðið á notuðum bókum.

Í könnuninni var verð á 27 algengum nýjum bókum skoðað í sex verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Að auki var verð á tíu notuðum bókum skoðað á fjórum skiptibókamörkuðum.

Verðmunur á milli skiptibókamarkaðanna var í flestum tilvikum í kringum 30 prósentum og munur á verði nýrra og notaðra námsbóka var oftast um eða yfir 100 prósent.

Mesti verðmunurinn á nýrri bók var rúm 100 prósent á skáldsögunni Lord of the Flies sem kennd er í ensku. Kostar bókin 981 kr. í Bóksölu stúdenta en 1.995 krónur í Pennanum-Eymundsson og Griffli. **- mþl**

## Stikkprufur úr verðkönnun ASÍ

**Nýjar bækur**

| | Dansk er mange ting | Stærðfræði 3000 | Fornir tímar |
|---|---|---|---|
| Mál og menning | 4.190 kr. | 4.980 kr. | 5.290 kr. |
| Penninn Eymundsson | 3.771 kr. | 4.482 kr. | 4.761 kr. |
| Griffill | 4.490 kr. | 4.990 kr. | 4.990 kr. |
| Office 1 | 3.745 kr. | 4.395 kr. | 4.850 kr. |
| Bóksala stúdenta | 4.490 kr. | 4.490 kr. | 4.840 kr. |
| Bókabúðin IÐNÚ | 4.085 kr. | 4.855 kr. | 5.135 kr. |

**Notaðar bækur**

| | Stærðfræði 3000 | Félagsfræði | Jarðargæði |
|---|---|---|---|
| Mál og menning | 2.490 kr. | 2.245 kr. | 2.945 kr. |
| Penninn Eymundsson | 2.200 kr. | 1.960 kr. | 2.028 kr. |
| Griffill | 2.745 kr. | 2.145 kr. | 2.199 kr. |
| Office 1 | 2.994 kr. | 2.694 kr. | 2.628 kr. |



Nýmalað og ilmandi Borgarleikhúsblað
er komið út, glæsilegra en nokkru sinni fyrr!
Leikárið er hafið!
Kortasalan hefst í dag
Tryggðu þér áskrift í tíma
GRÍMAN 2010
4 af 5 SÝNINGUM ÁRSINS
Í fyrra sló sala áskriftarkorta öll met.
Hringdu núna í síma 568 8000, farðu á
borgarleikhus.is eða kíktu við í miðasölu
Borgarleikhússins við Listabraut.
Miðasalan opnar klukkan 9:00!
Borgarleikhúsið
568 8000
borgarleikhus.is
Fólkið í kjallaranum
STRÝHÆRÐI PÉTUR
ÓFVIÐRI
Í LEIKSTJÓRN ÓSKARAS KO
FJÖLSKYLDAN
HORN Á HÖFÐI
Jesús lit

Seðlabankinn spáir því að atvinnuleysi fari hæst í níu prósent í byrjun næsta árs:

# Atvinnuleysið var ofmetið

**ATVINNUMÁL** Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist í haust og vetur og fari hæst í níu prósent á fyrstu þremur mánuðum næsta árs. Þetta kemur fram í Peningamálum, ársfjórðungsriti Seðlabankans. Það kom út samhliða vaxtaákvörðun í gær.

Í spá Seðlabankans segir að eftir að hámarki atvinnuleysis sé náð megi gera ráð fyrir að atvinnuþátttaka aukist samhliða auknum umsvifum í efnahagslífinu. Atvinnuleysi verði komið niður í um sex prósent eftir tvö ár. Þetta er einu prósentustigi minna en spáð var í maí.

Seðlabankinn vitnar til vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar fyrir annan ársfjórðung, þar sem fram kemur að viðsnúningur sé hafinn á vinnumarkaði. Það er umfram spá Seðlabankans frá í maí, sem gerði ekki ráð fyrir að atvinna tæki að aukast fyrr en um mitt næsta ár. Þar kom fram að mest dró úr atvinnuleysi fólks í yngstu og elstu aldurshópum. Á sama tíma jókst atvinnuleysi hjá fólki á aldrinum 25 til 54 ára.

Bankinn segir skýringuna á mismun á milli atvinnuleysisspánna og raunveruleikans þá að fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja hafi gengið hraðar fyrir sig en spáð hafi verið. Atvinnuleysi hafi því verið minna en búist var við. - jab



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BEÐIÐ EFTIR VINNU** Atvinnuleysi hefur reynst minna en Seðlabankinn spáði. Hröð fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja hefur dregið úr svartsýnisspám.



**UMSKIPTI** Heilbrigðisráðherra ákvað að skipta út öllum stjórnarmönnum í Sjúkratryggingum Íslands á dögunum. Fá fordæmi eru fyrir slíku, en ráðherrann er fyllilega innan ramma laganna að mati stjórnsýslufræðings. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stjórnin handbendi heilbrigðisráðherra

**Engin takmörk eru á því í lögum hvernig heilbrigðisráðherra skipar í stjórn Sjúkratrygginga segir stjórnsýslufræðingur. Ekkert óeðlilegt við að ráðherrann velji fólk í stjórn sem hann treystir.**

**FRÉTTASKÝRING**

Er eitthvað athugavert við að heilbrigðisráðherra hafi skipt stjórn Sjúkratrygginga Íslands út á einu bretti?

Heilbrigðisráðherra getur samkvæmt lögum um Sjúkratryggingar Íslands skipt út stjórn stofnunarinnar hvenær sem honum sýnist, segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði og sérfræðingur í stjórnsýslufræðum.



GUNNAR HELGI KRISTINSSON

Í lögunum eru engin ákvæði um að stjórnarmenn séu skipaðir til ákveðins tíma, segir Gunnar Helgi. Ráðherra geti þannig skipt um stjórnarmenn hvenær sem honum sýnist. Við það bætist að ekki sé tilnefnt í stjórnina, og því ráðherrans að handvelja stjórnarmenn sem hann treystir til starfans.

„Löggjafinn hefur ákveðið að gefa ráðherranum mjög víðtækt vald yfir stjórn stofnunarinnar,“ segir Gunnar Helgi. „Ég get ekki séð annað en að lögin geri ráð fyrir því að stjórnin sé handbendi ráðherra.“

Gunnar segir að miðað við þetta sé ekkert óeðlilegt við að nýr ráðherra skipti út öllum stjórnarmönnum á einu bretti, sjái hann ástæðu til þess. Það gerði Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra einmitt um miðjan ágúst, eins og fjallað hefur verið um í Fréttablaðinu. Hann man þó ekki eftir dæmi um að ráðherra hafi skipt út öllum stjórnarmönnum í ríkisstofnun á einu bretti.

„Þetta er ekki endilega slæm stjórnsýsla,“ segir Gunnar Helgi. Rök séu fyrir því að sumar stofnanir séu sjálfstæðar, en venjulega reglan sé sú að stjórnsýslunni sé stýrt af ráðuneyti og þar með ráðherra. Það sé fullkomlega eðlilegt, enda beri ráðherrann á endanum pólitíska ábyrgð á stofnuninni.

Með stjórnarskiptunum er Álfheiður að undirstrika að hún ætli sér að hafa mikið um það að segja hvernig stofnuninni verður stýrt, segir Gunnar Helgi.

Þrátt fyrir ótvíræða heimild til að skipta út stjórninni er ekki óeðlilegt að ráðherrann sé krafinn svara um hvers vegna hann treysti ekki stjórnarmönnunum, segir Gunnar Helgi. Hann segir Álfheiði hingað til ekki hafa gefið umbjóðendum sínum nægilega greinargóð svör við þeirri spurningu.

brjann@frettabladid.is

> Ég get ekki séð annað en að lögin geri ráð fyrir því að stjórnin sé handbendi ráðherra.
>
> GUNNAR HELGI KRISTINSSON PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI

## Staða stjórnarformannsins óljós



DAGNÝ BRYNJÓLFSDÓTTIR

Dagný Brynjólfsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, er nýr stjórnarformaður Sjúkratrygginga Íslands. Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur segir athyglisvert að ráðherra velji embættismann úr ráðuneytinu til að stýra stjórninni. Það geri stöðu Dagnýjar sem stjórnarformanns óljósa.

„Það er að sumu leyti óljóst hvers konar hlutverki starfsmaðurinn gegnir í stjórninni,“ segir Gunnar Helgi. Dagný geti ekki sem stjórnarformaður tekið við beinum fyrirmælum frá ráðherra, sem hún sem embættismaður eigi auðvitað að gera í sínum daglegu störfum. Á móti komi að fari hún ekki að vilja ráðherra skipti hann væntanlega um stjórnarformann og finni einhvern sem fer betur að vilja ráðherra.


*Menningarnótt er á morgun*




# Fagnaðu Menningarnótt með BKI kaffi

*Menningarnótt er á morgun.*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Menningarnótt er sannkölluð miðborgarhátíð en þá iðar borgin af lífi og listum. Í ár verða örugglega allskonar viðburðir en Menningarnótt er fyrst og fremst hátíð þeirra sem hana sækja.** Það er þroski andlegra séreinkenna mannsins, hið andlega líf, sem er helsti grundvöllur menningar. Njóttu siðmenningarinnar og heimsæktu menningarviðburði. Sjáðu listaverk, njóttu lifandi tónlistar og skoðaðu fólk og fyrirbæri.

*Helltu upp á gott BKI kaffi og ræddu um mannlíf og menningu í góðum félagsskap. Fáðu þér menningarlegt BKI kaffi og njóttu dagskrár Menningarnætur í ró og næði.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskleg eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir Menningarnótt***



FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS Í **SKÚTUVOGI**

**ÍSLENSK UPPSKERA**
**GRÆNMETISMARKAÐUR**
**FRÁBÆRT VERÐ!**

KRYDDJURTIR • RÓFUR
SPERGILKÁL • TÓMATAR
BLÓMKÁL • KARTÖFLUR • HVÍTKÁL
GULRÆTUR • HNÚÐKÁL • AGÚRKUR
TÓMATAR • SVEPPIR • KÍNAKÁL
HJARTA SALAT • JARÐARBER
OG FLEIRA

# UPPSKERUHÁTÍÐ

## íslenskur grænmetismarkaður

## í Skútuvogi - hefst í dag




**KYNNINGAR OG MARKAÐSSTEMMNING Í SKÚTUVOGI**

**Matarkistan kynning á hafraklöttum og fleira.**
Laugardag 14-16 og sunnudag 14-18.

**Íslenskt Hafkalk**
Laugardag 13-16 og sunnudag 14-16

**Móðir jörð kynning á Hrökkva íslensku hrökkkexi**
Sunnudag 14-18

**Blómaval**
**um land allt**







ORKIDEA
1.990

ÖLL AFSKORIN BLÓM
30%
AFSLÁTTUR

BURKNI
1.290
~~1.649~~



KRÝSI
449
~~619~~

...saman í 40 ár

KAFFI GARÐUR
SKÚTUVOGI

Grænmetissúpa úr nýju íslensku grænmeti og nýbakað spelt brauð
verð 250 kr



blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvað heitir nýr forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur?*

*2 Hvaða pólska félag hefur sýnt áhuga á að fá knattspyrnumanninn Alfreð Finnbogason í sínar raðir?*

*3 Hvaða erlendi grínisti ætlar að vera með uppistand hér á landi seint í september?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Sviss vill endurnýja tvíhliða samninga sína við Evrópusambandið:

# Framkvæmdin orðin flóknari

**SVISS** Ríkisstjórnin í Sviss vill endurnýja tvíhliða samninga ríkisins við Evrópusambandið. Þeir eru orðnir tíu ára gamlir og renna út innan skamms.

Doris Leuthard, forseti Sviss, viðurkennir að það verði erfitt að semja við Evrópusambandið um þetta. Bæði hafi Evrópusambandið stækkað mjög þann áratug sem liðinn er síðan tvíhliðasamningurinn var gerður og svo hafi Lissabon-sáttmáli Evrópusambandsins, sem tók gildi á síðasta ári, breytt ýmsu.

Auk þess er flókið mál að fara í gegnum tuttugu stóra samninga og hundrað minni samninga sem í gildi eru milli Sviss og Evrópusambandsins, en með hverju árinu hefur framkvæmd og utanumhald allra þessara samninga orðið æ flóknara.

Leuthard minnir hins vegar á að Sviss er Evrópusambandinu mikilvægt. Evrópusambandsríkin eiga, næst á eftir Bandaríkjunum, meiri viðskipti við Sviss en öll önnur ríki heims. „Þess vegna megum við af heilbrigðu sjálfsöryggi reikna með hagkvæmri niðurstöðu," segir hún. **- gb**



**LEUTHARD OG VAN ROMPUY** Forseti Sviss og forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins að loknum fundi í júlí síðastliðnum. NORDICPHOTOS/AFP

Nýr aðalstyrktaraðili:

# Toyota á Íslandi styrkir Salinn

**MENNING Toyota á Íslandi verður aðalstyrktaraðili Salarins, tónlistarhúss Kópavogs, næstu tvö árin samkvæmt nýjum samningi.**

**Markmið samningsins er að efla enn frekar menningu og listir í Kópavogi og mun Toyota greiða Salnum 1,5 milljónir króna hvort ár. Fénu verður varið til markaðs- og kynningarmála Salarsins. Salurinn var opnaður árið 1999 og var fyrsti sérhannaði tónleikasalur landsins. Á milli fimmtíu og sextíu þúsund gestir sóttu tónleika í Salnum í fyrra. - mþl**

Afkoma Eimskips batnar:

# Hagnast um 1,3 milljarða króna

**VIÐSKIPTI** Eimskip hagnaðist um 7,5 milljónir evra, jafnvirði 1,3 milljarða króna, á fyrri helmingi ársins. Þar af nam hagnaðurinn á öðrum ársfjórðungi 12,2 milljónum evra. Þetta er umfram væntingar.



**GYLFI SIGFÚSSON**

Á fyrri hluta síðasta árs tapaði fyrirtækið 254,7 milljónum evra eða fjórutíu milljörðum. Afkoma allra rekstrareininga var umfram væntingar þótt flutningar séu nú sambærilegir og árið 2000. Í tilkynningu segir Gylfi Sigfússon forstjóri að reksturinn hafi verið sniðinn að breyttum aðstæðum og árangurinn nú að líta dagsins ljós. **- jab**

Katrín Jakobsdóttir harðorð á Hólahátíð:

# Misréttið bein afurð ósjálfbærra stjórnmála

**STJÓRNMÁL** „Misréttið í heiminum er bein afurð ósjálfbærrar stjórnmálastefnu sem fyrst og fremst snýst um arðrán á auðlindum," sagði Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra og varaformaður VG, í ræðu á Hólahátíð síðastliðinn sunnudag.

„Náttúra okkar er fjöregg okkar," sagði Katrín. „Í orðræðu viðskiptanna gætum við sagt að náttúra okkar væri okkar eigið fé. Og góðir bissnessmenn vita að það dugir ekki að ganga bara á eiginfé, reksturinn þarf að ganga upp án þess. Nákvæmlega sama úrlausnarefni blasir við mannkyninu og eiginfé þess — jörðinni."

„Það þýðir vissulega ný viðhorf og það þýðir að við þurfum að vera gagnrýnin á þau viðhorf sem hafa ríkt. Hingað til hefur það verið dæmt sem óskhyggja og vitleysisgangur að taka huglæg gæði og siðferðisleg gæði fram yfir þau veraldlegu. Samt sem áður sýna rannsóknir og reynsla að hamingja manna eykst ekki með auði. Kannski er einmitt færi nú að raða hinum veraldlegu gæðum neðar í stigann en hinum huglægu og siðferðislegu." **- pg**



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**



**FLUG** Flugfélagið Iceland Express hóf flug til New York í Bandaríkjunum í byrjun sumars, eftir að slitastjórn Glitnis stefndi Pálma Haraldssyni og fleirum. Hér sést þota félagsins á Reykjavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





# Slitastjórn vill gögn um Iceland Express

**Pálmi Haraldsson sakar slitastjórn Glitnis um að reyna með ólögmætum hætti að afla samkeppnisupplýsinga um Iceland Express í dómsmáli í New York. Slitastjórnin vill til dæmis öll samskipti fyrirtækisins við bandarísk flugmálayfirvöld.**

**DÓMSMÁL** Pálmi Haraldsson, aðaleigandi Iceland Express, sakar slitastjórn Glitnis um að reyna að afla samkeppnisupplýsinga um starfsemi Iceland Express í Bandaríkjunum í dómsmáli sem höfðað hefur verið fyrir dómstóli í New York.

Slitastjórnin hefur meðal annars krafist þess að fá afhent öll samskipti Iceland Express við bandarísk flugmálayfirvöld, samstarfsaðila félagsins í Bandaríkjunum og fleiri aðila.

Í yfirlýsingu sem lögmaður Pálma hefur lagt fram hjá dómstólnum í New York er því haldið fram að með afar víðtækri kröfu um upplýsingar sé slitastjórnin einungis að reyna að veiða fram upplýsingar sem nota megi í öðrum mögulegum dómsmálum gegn Pálma eða öðrum. Þess er krafist að dómarinn stöðvi það sem kallað er „veiðiferð" slitastjórnarinnar.

Krafa slitastjórnarinnar um gögn tengd flugi Iceland Express til New York er sérstaklega fordæmd í yfirlýsingu Pálma. Þar er bent á að hvergi sé látið að því liggja í stefnunni að fyrirtækið hafi tengst Glitni á einhvern hátt. Fyrirtækið hafi ekki byrjað að fljúga til New York fyrr en eftir að stefnan hafi verið lögð fram.

„Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að Íslandsbanki, arftaki Glitnis, á nærri 47 prósent í Icelandair Group, aðalsamkeppnisaðila Iceland Express, sem gerir kröfu um upplýsingar enn grunsamlegri," segir í yfirlýsingunni.



**PÁLMI HARALDSSON**

Pálmi mótmælir því eins og aðrir sem slitastjórnin hefur stefnt í málinu, að mál þrotabús íslensks banka gegn íslenskum ríkisborgurum sé rekið í New York þar sem hann eigi engar eignir og hafi engin tengsl við fylkið. Hann krefst þess að málinu verði vísað frá dómi.

Slitastjórnin höfðaði mál í byrjun maí á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Pálma Haraldssyni og fimm öðrum fyrrverandi eigendum og stjórnendum Glitnis fyrir dómstóli í New York. Sjömenningarnir eru krafðir um sem nemur 260 milljörðum króna fyrir að hafa staðið að meintu samsæri um að svíkja lánsfé út úr bankanum til að nota í eigin fyrirtæki.

Ekki náðist í Steinunni Guðbjartsdóttur, formann slitastjórnar Glitnis, við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

brjann@frettabladid.is




Fjallraventöskurnar fást aðeins á Skólavörðustíg.

Hugmynd að háspennulínum verðlaunuð í Bandaríkjunum:

# Háspennulínur í mannsmynd

**IÐNAÐUR** Bandaríska arkitektastofan Choi+Shine fékk nýverið ársverðlaun Arkitektasamtakanna í Boston (The 2010 Boston Society of Architects Award) fyrir hugmynd að burðarvirkjum fyrir háspennulínur sem unnin var fyrir Landsnet árið 2008. Hönnunin kallast „Land of Giants“ og var innlegg stofunnar í samkeppni sem Landsnet blés til það ár.

Fjallað er ítarlega um hugmyndina á vef Wired í Bretlandi í gær, en hún vekur athygli fyrir að háspennulínumöstrin eru í mannsmynd og hægt að láta „manneskjurnar“ vera í mismunandi stellingum.



**VERÐLAUNAHUGMYND** Wired fjallar ítarlega um háspennulínumöstur sem rætt var um að reisa hér. MYND/CHOI+SHINE

Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri hjá Landsneti, segir ólíklegt að slíkar hugmyndir muni verða að veruleika hér á landi í bráð þar sem engar framkvæmdir eru í gangi. Þó hafi Landsnet sett upp nokkur skrautmöstur við Kárahnjúka á sínum tíma. Þegar framkvæmdir hefjast á ný segir Guðmundur ekki ólíklegt að skoðuð verði ný hönnun á skrautmöstrum, þó sé ekkert búið að ákveða í þeim efnum. - óká, sv

# Gylfa skorti tíma til að kynna sér málið

**Viðskiptaráðherra biðst velvirðingar á því að þurft hafi að leiðrétta upplýsingar sem hann gaf í Kastljósviðtali. Hann hafi ekki náð að kynna sér feril málsins. Þar sagðist hann ekki hafa vitað af vinnu Seðlabankans en vissi þó sumt.**

**STJÓRNMÁL** Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segist ekki hafa haft nægan tíma að kynna sér feril minnisblaðamálsins þegar hann sagði í Kastljósþætti RÚV, 10. ágúst, að þann 1. júlí hefði hann ekki vitað af vinnu Seðlabankans um lögmæti gengistryggingar.

„Fyrir viðtalið við Kastljós 10. ágúst hafði ég aðeins skamman tíma til að kynna mér feril málsins vorið og sumarið 2009 en sú tímalína skýrðist betur eftir því sem leið á vikuna,“ segir Gylfi í tölvupósti.

Ráðherrann var munnlega upplýstur seint í júní um að Seðlabankinn hefði látið Lex vinna minnisblað um verðtryggingu. Hann segir að þetta hafi verið kynnt fyrir honum þannig að þau væru lögleg en álitamál væri hvort „sum myntkörfulán“ væru þess háttar lán eða ekki.

„Það sem Sigríður Logadóttir bætti við frá Seðlabankanum ber ekki á góma sérstaklega fyrr en um haustið, líklega í ágúst,“ segir Gylfi.

Minnisblað Sigríðar fjallar mestanpart um að bannað sé að gengistryggja krónulán. Minnisblað Lex fjallar um heimildir til verðtryggingar í íslenskum krónum.

Á RÚV sagði Gylfi að Seðlabanki Íslands þyrfti að svara fyrir það „mjög óvenjulega fyrirkomulag“, að upplýsingarnar voru ekki kynntar fyrir ráðherrum: „Ég frétti ekki af þessari skoðun eða þessari vinnu Seðlabankans fyrr en allnokkru eftir 1. júlí og í raun og veru sá ég ekki þessi álit fyrr en eftir að þau voru gerð opinber núna fyrir örfáum dögum,“ sagði hann þar, 10. ágúst.

Þann 14. ágúst sagðist Gylfi svo hér í blaðinu engu hafa verið leyndur, heldur verið fyllilega upplýstur um gang mála.

„Ég var upplýstur um hina lagalegu stöðu með minnisblaði ráðuneytisins og þessi óvissa var undirstrikuð í minnisblöðunum öllum, sem aðeins dómstólar geta leitt til lykta. Hina lagalegu óvissu ítrekaði ég um vorið í viðtölum við fjölmiðla, í þinginu í júlí og margoft síðan,“ segir ráðherra.

Sem þekkt er hefur Gylfi beðist velvirðingar á svari sínu við fyrirspurn á Alþingi 1. júlí um gengistryggð lán.

Spurður hvort hann telji ástæðu til að biðja til dæmis Seðlabanka eða almenning afsökunar vegna ummælanna í Kastljósinu segir hann það „sjálfsagt að biðja alla þá sem málið varðar velvirðingar á því að leiðrétta þurfti upplýsingar sem áður komu fram, eftir að fyllri mynd gafst af atburðarásinni“.

klemens@frettabladid.is



**GYLFI MAGNÚSSON** Viðskiptaráðherra biðst velvirðingar á því að þurft hafi að leiðrétta orð hans í viðtali RÚV.

## Fráleitar kröfur um afsögn Gylfa

Kristinn H. Gunnarsson, fyrrverandi þingmaður, segir „forystumenn Sjálfstæðisflokksins“, Bjarna Benediktsson og Björn Bjarnason, skjóta langt yfir markið með því að krefjast afsagnar Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra. Málið snúist um álit tveggja lögfræðinga á efni sem vitað var að yrði ekki skorið úr um nema fyrir dómstólum. „Kröfur um afsögn viðskiptaráðherra af þessu tilefni eru fráleitar. Hins vegar hafa nýlega komið upp aðstæður þar sem mikilvægum upplýsingum var haldið frá Alþingi og ríkisstjórn að ekki sé talað um þjóðina og eru það alvarlegar að réttlæta afsögn þeirra sem ábyrgð bera á leyndinni. Bjarni Benediktsson og Björn Bjarnason voru báðir á vettvangi en sögðu ekkert og gerðu ekkert,“ segir Kristinn. Hann vísar hér til að upplýsingum um alvarlega stöðu bankanna var haldið leyndum frá almenningi árið 2008. Um þetta megi lesa í Rannsóknarskýrslunni. Birni og Bjarna væri nær að gera hreint fyrir sínum dyrum en að veitast að þeim sem eru að hreinsa til eftir fallið.

Bandaríski herinn kallar síðustu bardagasveitir sínar frá Írak:

# Enn eru 50 þúsund eftir í Írak

**ÍRAK, AP** Allar bardagasveitir bandaríska hersins eru nú farnar frá Írak, rúmum sjö árum eftir að innrásin hófst og Saddam Hussein var steypt af stóli.

Enn eru þó 56 þúsund bandarískir hermenn eftir í landinu, en þeir eiga ekki að taka þátt í bardögum heldur takmarkast hlutverk þeirra við að þjálfa íraska hermenn og lögreglumenn.

Fyrir ágústlok eiga sex þúsund þessara hermanna í viðbót að yfirgefa landið, standi Barack Obama Bandaríkjaforseti við loforð sitt um að einungis 50 þúsund hermenn verði í landinu eftir ágústlok.

Hugmyndin er sú að þeir verði síðan allir farnir frá Írak að ári liðnu, en óvíst er hvort staðið verður við það.

Flestir voru bandarísku hermennirnir í Írak um 170 þúsund í lok ársins 2007, en í byrjun 2010 voru þeir tæplega 100 þúsund.



**Á LEIÐ FRÁ ÍRAK** Síðustu sveitir Bandaríkjahers kveðja. NORDICPHOTOS/AFP

Önnur ríki hafa þegar kallað alla hermenn sína heim frá Írak.

Átökin í Írak hafa kostað um 4.400 bandaríska hermenn lífið. Óvíst er hve mörg mannslíf stríðið hefur kostað í heild, en lægstu tölur sem nefndar eru hafa verið í kringum 100 þúsund. - gb


Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



Fréttablaðið fjallar um seinleyst og óupplýst morðmál á Íslandi

Áfanga lokið
- Síðustu vinnubúðirnar á virkjanasvæðinu á Austurlandi heimsóttar.

Náttúran sér um sína
- Tími matarmikilla sveppa, safaríkra berja og annarra gjafa náttúrunnar er runninn upp.



„Allir lifa í sæluvímu í Sumarlandinu“
- Viðtal við Grím Hákonarson, leikstjóra Sumarlandsins, í menningarblaði Fréttablaðsins.



# ÍSDAGUR KJÖRÍS 21. ÁGÚST 2010

Velkomin á Ísdag Kjörís
laugardaginn 21. ágúst kl. 13.30-16.30.

**Við bjóðum alla Íslendinga hjartanlega velkomna á lóð fyrirtækisins í Hveragerði.
Hver getur borðað eins mikinn ís og hann getur í sig látið.**

**Fullt af ólíkindabrögðum eins og til dæmis:**

Öskuís • Lýsisís • Poppkornsís • Rækjuís
**og svo auðvitað allar góðu tegundirnar frá Kjörís.**

**Lifandi tónlist á sviði, hoppukastali og fjör, fjör, fjör**

Kjörís



kjoris.is




# Stútfullar búðir af brakandi ferskum íslensku grænmeti

*Nýjar kartöflur daglega beint frá bónda!*

**Gullauga kartöflur í lausu**
nýjar kartöflur á hverjum morgni beint frá bónda!



ávöxtur mánaðarins

TILBOÐ
VATNS MELÓNUR
98 kr/kg.

*Ný uppskera frá USA*



*C vítamínríkur og svalandi*



MANGÓ
20% afsláttur v/kassa

*Þekktasti hitabeltisávöxtur í heimi!*



ANANAS
20% afsláttur v/kassa

**Vatnsmelónur**
ávöxtur mánaðarins

**Vínber**
ný uppskera frá USA

**Mangó**

**Ananas**



*Solla*

## Lífrænar vörur

Lífrænt ræktaður matur vex í lifandi jarðvegi og færir okkur ómengaðan lífsþrótt.

Þegar ég vel lífrænt þá er ég að kjósa heilbrigði og lífsþrótt, bæði fyrir mig og umhverfið.

LÍFRÆNT Solla




TILBOÐ
FINN CRISP HRÖKKBRAUÐ
299 kr/pk.

NÝTT
HÝÐISHRÍSGRJÓN
KINÓA
BASMATI HRÍSGRJÓN



NÝTT
KÓKOSMJÖL
KÓKOSFLÖGUR



NÝTT
SESAMFRÆ
SÓLBLÓMAFRÆ
GRASKERSFRÆ






TILBOÐ
REX SÚKKULAÐI KEX
299 kr/pk.




HNETUBAR
30% afsláttur v/kassa




TILBOÐ
LAYS SNAKK
299 kr/pk.

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 22. ágúst á meðan birgðir endast.




# LJÚFFENG KJÚKLINGASÚPA fyrir 4

*að hætti Rikku*

1 msk ólífuolía
100 g beikon, skorið í bita
400 g kjúklingalundir, skornar í bita
1 laukur, saxaður
2 hvítlauksrif, söxuð
2 stórar gulrætur, afhýddar og sneiddar
400 g sæt kartafla, afhýdd og skorin í munnbita
2 tsk oreganó krydd
2 tsk basiliku krydd
1 tsk rósmarín krydd
1 tsk dillfræ
2 lárviðarlauf
3 msk hvítvínsedik
2 l vatn
2 kjúklingakraftsteningar
3 msk tómatþykkni
Handfylli steinselja, söxuð
Salt og nýmalaður pipar eftir smekk

Hitið olíuna í potti við meðalhita, steikið beikonið og kjúklinginn og leggið á eldhúspappír. Steikið laukana, gulræturnar og sætu kartöflurnar þar til að þær verða mjúkar í gegn. Bætið kryddunum út í og eldið í 1-2 mínútur, hellið þá edikinu saman við og látið það gufa upp. Bætið vatninu og kjúklingakraftinum saman við og látið malla í 30-40 mínútur. Bætið þá tómatþykkninu, beikoninu og kjúklingnum saman við og látið malla í 15 mínútur. Kryddið með salti og pipar og stráið steinselju yfir.

Kkal: 528/26% RDA
Prótín: 40.7g/ 81%RDA
Fita: 32 g/ 50% RDA
Kolvetni: 17 g/ 6% RDA
Niacin: 12 mg/ 60% RDA
B6_vítamín: 0.6 mg/ 28% RDA
C-vítamín: 12.1 mg/ 20% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




**Nautafile**




**Kjúklingaleggir**
ferskir




**Kjúklingabringur**
í hvítlauk og rósmarín




**Svínahnakki**
að hætti Grikkja



Tómas bakari

## Bakað á staðnum

Bakararnir okkar byrja daginn snemma til að baka brauð og bakkelsi frameftir degi. Þannig tryggjum við að þú fáir nýbakaðar vörur alla daga, allan daginn.

Bjóðum upp á gæða vörur og tilboð í hverri viku.

NÝBAKAÐ

























**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**FRÉTTASKÝRING:** Hvað er að gerast í Helgafellslandi?

# Engin paradísarheimt undir Helgafelli

**Gert var ráð fyrir stórri íbúðabyggð í frjósömu landbúnaðarlandi ofan við Álafosskvosina fyrir fjórum árum. Nú er þar búið í þremur nýjum húsum og einni blokk. Köngulóarvefir hanga í nokkrum auðum húsum. Slysahætta fyrir börn, segja íbúar sem aka fram hjá grunnum húsa á hverjum degi. Fyrirtækið sem sá um skipulag og sölu lóða á svæðinu á nú í viðræðum við lánardrottin. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson fór með Gunnari V. Andréssyni ljósmyndara um hverfið.**




**VELKOMIN!** Gestir eru boðnir velkomnir í Helgafellslandið þegar ekið er upp tengibrautina úr Álafosskvosinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það er kyrrð og ró yfir Helgafellslandinu í Mosfellsbæ enda umferð nær engin. Maríuerlur fljúga óáreittar hjá mannlausum húsum í sólinni við götur nefndar eftir bókum og sögupersónum úr skáldverkum Halldórs Laxness.

Fyrir tæpum fimm árum undirrituðu bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ og hópur landeigenda viljayfirlýsingu um að ganga til samninga um uppbyggingu hverfisins. Þar eru lóðir fyrir 1.020 íbúðaeiningar: 560 í sérbýli og 460 í fjölbýli auk raðhúsa og annars konar húsa í skjóli vinda undir suðurhlíðum Helgafells. Þar var gert ráð fyrir tveimur leikskólum, grunnskóla og þjónustubyggingum. Í dag eru risin nokkur hús. Íbúar telja búið í þremur húsum auk blokkarinnar í efri byggð. Þar eru 24 íbúðir með fimmtán auðum íbúðum. Nær Álafosskvosinni, við malbikaðar götur, standa nokkur fokheld hús einmana við hlið geysistórra opinna grunna. Köngulóarvefir í ryðguðum krönum benda til að langt er síðan þeir lyftu síðustu kílóunum.

Rúður eru brotnar í nokkrum húsanna og dyragættir tómar svo ganga má óhindrað inn í þau. Þetta er spennnandi vettvangur fyrir börn. En hættur eru á hverju strái; glerbrot, naglar og spýtnabrak á víð og dreif og opið milli hæða.

Eina sjáanlega þjónustan er leikskóli. Hann virðist fullbúinn með leiktækjum á lóðinni. Á milli leiktækja leynast brotin rör og rafmagnsvírar. Leikskólinn hefur verið mannlaus um skeið og er unnið að niðurrifi hans. Fyrirhugað var að reisa grunnskólann á lóðinni. Óvíst er hvort sú bygging rís á næstu árum.

Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs Mosfellsbæjar, sagði í samtali við Fréttablaðið á dögunum bæjaryfirvöld hafa þrýst á Helgafellsbyggingar, sem skipulögðu svæðið og seldu lóðirnar, að ljúka verkunum. Fyrirtækið hafi lofað að ljúka frágangi í sumar.

„Samningar við fyrirtækið eru í uppnámi og það er í raun ekkert hægt að gera af hálfu bæjarins í þessu máli annað en að þrýsta á þá,“ segir Jóhanna.

Jón Guðni Sandholt, stjórnarformaður Helgafellsbygginga, segir lítið hægt að gera. Viðræður hafi staðið yfir á milli bæjaryfirvalda og Helgafellsbygginga. Sömuleiðis hafi því verið beint til eigenda lóðanna að loka grunnum og byrgja fyrir hættur. „Það er á valdi þeirra sem eiga lóðirnar að gera þetta,“ segir hann en bendir á að nokkrir lóðaeigendur hafi komið illa út úr hruninu og séu ófærir um nokkurn hlut.

Nokkrir, svo sem verktakafyrirtækið Pálmatré sem reisti einu blokkina á svæðinu, hafa skilað góðum frágangi, að sögn íbúa.

Sala á lóðum í landi Helgafells hófst árið 2006 og var gert ráð fyrir að framkvæmdum lyki á áratug.

Jón segir að miðað við ástandið megi reikna með að verklok frestist. „Það gekk vel að selja lóðirnar, sérstaklega fjölbýlishúsalóðir. En þegar allt hrundi hættu lóðir að seljast og síðan þá hefur allt verið í kyrrstöðu. Við munum væntanlega sjá fyrir endann á þessu í fyrsta lagi árið 2020,“ segir hann en reiknar með að breyta þurfi skipulagi á svæðinu. „Árið 2007 byggði enginn neitt undir hundrað fermetra íbúðum. Ég held að því þurfi að breyta, minnka íbúðirnar og húsin líka. Þannig séð var hrunið af hinu góða. Það fékk menn til að slaka á og hætta að reyna að gleypa heiminn.“

Helgafellsbyggingar skulduðu tæpa ellefu milljarða króna í lok árs 2008 samkvæmt ársreikningi. Hluti þess er í erlendri mynt. Jón segir gengishrunið gefa skakka mynd af stöðu mála auk þess sem greitt hafi verið inn á lánin við sölu lóða. Hann telur skuldina nær þremur milljörðum í dag. Viðræður standa nú yfir á milli Landsbankans, sem er eini kröfuhafi félagsins, um greiðslu lánsins.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
jab@frettabladid.is





**HÆTTUFÖR Í SÖLKUGÖTU** Langt virðist síðan unnið var við raðhúsin í Sölkugötu. Húsin standa öllum opin. Stigaopin eru varasöm. Þarna leika börn sér oft. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Framkvæmdir í landbúnaðarlandi

Varmársamtökin, Íbúa- og umhverfissamtök í Mosfellsbæ, voru sett á laggirnar um það leyti sem framkvæmdir hófust í Helgafellslandinu og mótmæltu þau harðlega þegar greinargerð um skipulag á svæðinu lá fyrir um mitt ár 2006. Rökin gegn framkvæmdum voru meðal annars þau að landið væri frjósamasta landbúnaðarlandið á höfuðborgarsvæðinu. Við framkvæmdirnar voru klappir á svæðinu sprengdar, efnið notað í vegalagningu og jarðveginum ekið á brott. Þá var aur hleypt í Skammadalslæk sem liggur neðst í landinu við Álafosskvosina. Við það köfnuðu fiskar og lífríki raskaðist í læknum. Varmársamtökin mótmæltu jafnframt lagningu tengibrautar inn í Helgafellslandið úr Álafosskvosinni. Samtökin sögðu áhrif tengibrautarinnar munu hafa afar neikvæð áhrif á ásýnd, umhverfi og íbúabyggð við Álafoss auk þess sem gatnamótin yllu íbúum áhyggjum vegna stóraukinnar slysahættu. Tengibrautin gengur nú upp úr kvosinni og inn í Helgafellslandið.

## Þarf að berjast fyrir tilverunni

„Þetta er fallegasta hverfið í Mosfellsbæ. En við höfum verið að berjast fyrir ýmsu. Það hefur verið erfitt,“ segir Auður Björk Þórðardóttir, grunnskólakennari og íbúi í eina húsinu við Snæfríðargötu. Hún hefur fengið þau svör hjá bæjaryfirvöldum í Mosfellsbæ að Helgafellsbyggingar eigi að sjá um framkvæmdirnar. Auður og fjölskylda hennar fluttu inn um síðustu páska.

Þrátt fyrir fallegt og rólegt umhverfi gagnrýnir Auður að áætlanir um skipulagningu Helgafellslandsins hafi ekki staðist. Á vetrum eru götur aðeins mokaðar upp tengibrautina og að Auganu svokallaða, sem liggur fyrir miðju svæðsins, en ekki að húsum sem við þær standa. Þá hafi götur ekki verið merktar og þær ekki inni í GPS-kerfi lögreglunnar. Í ofanálag þurfti Auður að hringja í Orkuveitu Reykjavíkur til að fá ljósastæði í ljósastaurana. Þau komu hálfum mánuði síðar. Þá blæs ryk inn í húsið af námum sem gerðar voru við framkvæmdir á svæðinu. Verst er ástandið þegar vindar blása úr Skammadal. „Við höfum beðið um að þeim verði lokað,“ segir hún.

Þá þykir Auði slæmt að Helgafellsskóli muni ekki rísa í bráð líkt og stefnt var að. Fyrirhugað var að hann opnaði í fyrrahaust. Þegar Viktori Elí, tíu ára syni hennar, er ekki ekið í Varmárskóla þarf hann að fara ótroðna slóða og yfir óbrúaðan læk til að taka skólarútuna við Reykjalund.



**AUÐUR OG VIKTOR** Eina húsið sem stendur við Snæfríðargötu ber nafn með rentu: Húsið á sléttunni. Fjölskyldan hefur þurft að berjast fyrir umbótum á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verst þykir henni þó að opnar byggingar og grunnar eru á svæðinu sem börn leiki sér í. „Það er stórhættulegt,“ segir Auður. „Það mætti alveg huga að því að hér býr fólk.“

SÝNDU ÞÍNAR BESTU HLIÐAR
Ljósmyndasamkeppni Panasonic og Vísis
Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni. Deildu þínum bestu myndum með okkur og þú átt möguleika á glæsilegum verðlaunum.
Skilafrestur til **21. ágúst 2010**.
Allar nánari upplýsingar á visir.is.



vísir.is ...ég sá það á Vísi
Panasonic

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

# KRÓNAN

NÝTT KORTATÍMABIL

# 25% afsláttur

## af öllum skólavörum aðeins þessa helgi




það er gaman að spara

3+3=6

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

**FRÉTTAVIÐTAL:** Samarendra Das rithöfundur

# Heimurinn hefur ekki efni á álframleiðslunni

**Samarendra Das er indverskur aðgerðasinni sem nýlega gaf út bók um áliðnað. Hann fagnar þessa dagana sigri, því í vikunni voru fyrirætlanir bresks álfyrirtækis stöðvaðar, en það ætlaði að opna báxítnámur í Orissa-fylki á Indlandi. Samarendra Das ber áliðnaðinum ekki góða söguna. Hvorki Íslendingar né aðrir hafi efni á nesjamennsku, heimsborgarar verði að hugsa hnattrænt.**

„Bókinni hefur verið tekið vel á Indlandi og í síðustu viku viðurkenndi innanríkisráðherrann í fjölmiðlum að hann væri að lesa hana, um leið og hann færi yfir báxít-skýrslurnar," segir Samarendra Das, sem nýverið gaf út bókina Out of This Earth: East India Adivasis and the Aluminium Cartel, en hún fjallar meðal annars um baráttu indverskra ættbálka (adivasis) gegn álfyrirtækjum og sérstaklega hinu breska Vedanta námufyrirtæki. Bókin hefur selst vel í Indlandi og fyrsta prentun er á þrotum.

Í Orissa-fylki, á æskuslóðum Das, hefur lengi staðið til að grafa eftir báxíti, hráefni til álframleiðslu. Um þá framkvæmd má lesa hér í hliðardálki.

„Adivasis búa á þeim svæðum sem eru helst skógi vaxin á Indlandi og það eru því miður þessi svæði sem stórfyrirtækin vilja fá undir námur sínar. Þessir ættbálkar eru beittir ofbeldi af alþjóðlegu fyrirtækjunum, eins og hefur nú verið sýnt fram á í mörgum skýrslum," segir Das.

Hann nefnir að vopnaðar sveitir maóista hafi verið gagnrýndar fyrir að hjálpa ættbálkunum, en síðan hafi verið staðfest í skýrslu ríkisstjórnarinnar að stórfyrirtækin hafi verið með sínar eigin vopnuðu sveitir til að berja á ættbálkunum.

**Markaðstrúin hættuleg**

„Álfyrirtækin eru byggð upp samkvæmt nýlendustefnuformúlu og styðjast við afar fágað verðlagningarkerfi. Þetta er markaðsofsatrú, sem er hættulegasta gerð ofstækishyggju sem til er því hún ógnar allri jörðinni og velferð fólksins. Álframleiðsla snýst um að kaupa báxít í fátækustu löndunum, frumvinna það í öðru landi ef það hentar og svo gera álið í þriðja landinu. Svo fer það til lokaframleiðslu, sem skapar mest verðmæti, á Vesturlöndum," segir Das.

Sem dæmi um þetta fái Indland sjálft ekki nema 1,5 dali af hverju tonni af báxíti. Tilbúið ál fari svo á um 2.200 dali, en Das rifjar upp að þegar hann kom til Íslands 2008 kostaði tonnið yfir 3.000 dali.

**Nýlendur og umhverfismál**

„Við höfum reynslu af því á Indlandi að fyrirtækin koma inn og bera alls enga virðingu fyrir því sem fyrir er. Hvorki fyrir fólki, náttúru, lögum né menningarhefðum. Þegar búið er að rústa líf fólksins er það gert háð verksmiðjunni," segir hann. Umhverfisáhrifin séu gríðarlega slæm. Fyrir hvert tonn af báxíti þurfi að kasta 59 tonnum af úrgangi. „Það tekur mörg þúsund ár fyrir náttúruna að jafna sig á því. En hér á Vesturlöndum tökum við ekki eftir því. Nær allt báxít hér er innflutt."

Das segir að álfyrirtækin virðist hafa í frammi ákveðna tegund af nýlendustefnu gagnvart Íslandi. Hér sé álið ekki nýtt til innlendrar framleiðslu heldur flutt úr landi til um 500 verksmiðja í ríkustu löndunum.

„En það fer auðvitað eftir ykkar færni í að semja við stórfyrirtækin, hversu hátt hlutfall af hagnaðinum er eftir í landinu," segir Das og rifjar upp furðu sína á því 2008 að orkuverð til stóriðju væri ekki opinbert.

**Allt of mikið ál**

Álframleiðsla í heiminum er allt of mikil, segir Das. Nú sé framleitt svipað magn á mínútu hverri og á fyrstu 45 árum iðnvæðingarinnar samtals. Mikið af því fer í vopnaframleiðslu og Das vill að sett verði einhver skynsamleg bönd á nýtingu þessa málms. „Það þarf að ákveða á heimsvísu hve mikið er framleitt og til hvers. 1916 var Alcoa til dæmis að selja níutíu prósent af álinu sínu til vopnaframleiðslu," segir Das. Með síaukinni framleiðslu fari meira og meira til glæpsamlegra nota.

Ekki sé nóg endurunnið af álinu, til dæmis þau ógrynni sem fara í það að búa til umbúðir varnings fyrir neytendur.

**Ákall til Íslendinga**

Í gær var frétt í blaðinu þar sem talsmenn atvinnulífs og launþega voru sammála um að það yrði „reiðarslag" fyrir íslenskan efnahag ef ekkert yrði af byggingu álvers í Helguvík. Hvað segir Das við þessum skoðunum og við fólkið sem krefst þess að fá álver í sína byggð til að skapa atvinnu?

„Fátækt fólk um allan heim verður fyrir barðinu á afleiðingum álframleiðslu, til að mynda vegna hækkandi hitastigs jarðar. Ég bið ykkur fjölmiðlafólk að kynna ykkur þetta. Álrisarnir halda fram alls konar tölum um hvað þeir séu umhverfisvænir en það er bara talnaleikur. Staðreyndin er að við búum á plánetu sem tilheyrir okkur öllum og við höfum ekki efni á nesjamennsku, sem lýsir sér með því að við erum eins og aftengd afleiðingunum af þeirri stefnu sem við framfylgjum. Fræðimenn vilja sumir kalla þetta óbeinar afleiðingar, eða eitthvað sem ekki var gert ráð fyrir, en ég kalla þetta afleiðingar sem stafa af skorti af upplýsingum," segir Das.

„Ég bið fólk í einlægni að opna huga sinn og líta á heiminn sem eina einingu, sem okkur sem manneskjum ber skylda til að annast," segir Das.

Nú séu Indverjar og flestar þjóðir að reyna að iðnvæðast á sama hátt og Vesturlönd og taka sér þeirra lífsstíl til fyrirmyndar.

„Vesturlönd nýta fjórðung þessara málma til eigin framleiðslu en búa til tvö til þrjú prósent þeirra. Þetta skapar þeim mikla atvinnu en öðrum mikið af úrgangi. Þú getur ímyndað þér hvað gerist með plánetuna ef allir ætla að verða eins og vestrænir menn. Íslendingar ættu að gera sér grein fyrir hvað þeir eru í mikilli forréttindastöðu að hafa fæðst í þessum heimshluta," segir Das að síðustu.



**SAMARENDRA DAS** Rithöfundurinn hefur í samvinnu við annan mann gefið út bók, sem Saving Iceland kallar „Svartbók áliðnaðarins", en samtökin buðu honum til landsins. Hann hefur flutt fyrirlestra síðustu daga í ReykjavíkurAkademíunni og á Akureyri. Hann var áður blaðamaður á Indlandi en hætti því til að berjast fyrir betri heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**Klemens Ólafur Þrastarson**
klemens@frettabladid.is


## Barátta sem skilaði árangri

Niyamgiri-fjöllin, eða Fjöllin helgu, í Orissa-fylki við austurströnd Indlands eru auðug af báxíti, sem er grunnmálmgrýtið sem ál er unnið úr. Þar hefur breska námufyrirtækið Vedanta viljað grafa og eytt í það hátt í milljarði Bandaríkjadala nú þegar. En fjöllin eru heilög í augum Dongaria Kondh ættbálksins, sem telur 7.952 sálir og er einn af 62 ættbálkum á svæðinu. Óheft báxítvinnsla þar hefði að líkindum gjörbreytt lífsstíl Kondha og skemmt náttúrulegt vistkerfi þeirra.




**RAUNVERULEGI AVATAR-ÆTTBÁLKURINN** Þeir sem mótmæltu framkvæmdum Vedanta beittu meðal annars því bragði að líkja aðgerðum fyrirtækisins við innrásina sem sagt var frá í myndinni Avatar.

Samarendra Das ólst upp á þessum slóðum og þótt hann tilheyri ekki ættbálknum á hann æskuvini úr honum. Hann hætti á sínum tíma að starfa sem blaðamaður á Indlandi, með bitra reynslu af áherslum fjölmiðla sem reknir eru í hagnaðarskyni, segir hann. Hann helgaði sig þess í stað baráttu gegn áliðnaðinum.

Ekki þarf að leita lengi að Vedanta á Netinu til að sjá að það hefur verið gagnrýnt af mannréttindasamtökum svo sem Amnesty International vegna framkvæmdanna í kringum Fjallið helga. Svæðið er að auki sagt mikilvægt búsvæði villtra dýra.

Í janúar 2009 tóku þúsundir manna höndum saman um eitt fjallið, bókstaflega, til að mótmæla framkvæmdunum. Vedanta hefur verið gagnrýnt vegna umhverfismála, en þegar bresk og norsk stjórnvöld fordæmdu fyrirtækið fyrir illa meðferð á Kondhi-fólkinu í október í fyrra, og Vedanta neitaði í framhaldinu að vinna með Bretum og OECD, fór boltinn að rúlla mótmælendum í hag. Nú er mikil óvissa um þessar framkvæmdir. Meðal þess sem Vedanta hefur lofað heimafólkinu er háskóli á heimsvísu, nefndur eftir fyrirtækinu. Sá hefði tekið 100.000 nemendur og hefði samkvæmt indverskum fjölmiðlum kostað tæpa fjóra milljarða dollara. Það er um 450 milljarða króna fjárfesting.

En þau skilaboð bárust frá indverskum stjórnvöldum í vikunni að ættbálkarnir á svæðinu yrðu að samþykkja framkvæmdirnar áður en af þeim yrði. Annars myndu ættbálkar í landinu missa trúna á að landslög hafi merkingu. Þess skal getið að stjórn Orissa-fylkis er fylgjandi framkvæmdunum.




# 27 ÁRA REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

21. ÁGÚST 2010




## Vertu með!

**Þú getur skráð þig í hlaupið á Laugardalsvelli í dag eða komið út að hvetja hlaupara til dáða á morgun. Kortið sýnir áætlaðan tíma þegar hlauparar fara hjá góðum hvatningarstöðum.**

## Truflun á umferð

Líkt og undanfarin 26 ár er nauðsynlegt að loka nokkrum götum á meðan Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram.
Búast má við truflun á umferð í miðborginni og nágrenni. Hlauparar og bílstjórar eru beðnir að gæta varúðar.

## Lokun á götum frá kl. 01.00 til 15.00

- Amtmannsstígur
- Bjarkargata
- Fríkirkjuvegur
- Geirsgata
- Kalkofnsvegur
- Kringlumýrarbraut norðan Borgartúns
- Lækjargata
- Skálholtsstígur vestan Laufásvegar
- Skothúsvegur
- Skólastræti
- Sóleyjargata
- Sæbraut að Laugarnesvegi
- Tjarnargata
- Tryggvagata
- Vonarstræti
- Þingholtsstræti norðan Amtmannsstígs

## Einstefna frá kl. 08.00 til 14.00

- Austur Eiðsgranda
- Austur Mýrargötu
- Austur Sæbraut milli Laugarnesvegar og Dalbrautar
- Vestur Ægisíðu og Nesveg

## Truflun á umferð frá kl. 08.00 til 12.00

- Skothúsvegur
- Suðurgata að Melatorgi
- Lynghagi
- Suðurströnd
- Lindarbraut
- Norðurströnd
- Hringtorg vestast á Hringbraut
- Ánanaust,
- Hringtorg við enda Mýrargötu
- Skothúsvegur
- Suðurgata
- Hringbraut
- Austast á Vesturgötu
- Hafnarstræti
- Gatnamót Borgartúns og Kringlumýrarbrautar
- Gatnamót Suðurlandsbrautar og Reykjavegar
- Engjavegur við Fjölskyldugarð
- Álfheimar við Glæsibæ
- Skeiðarvogur við Suðurlandsbraut.

## Takmarkaður fjöldi bílastæða. Tökum strætó!

Upplýsingar á www.marathon.is


REYKJAVÍKURMARAÞON

Íslandsbanki · vita · asics · POWERADE · Barilla · SUZUKI · margt smátt · ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Auka verður eftirlit með rekstri einkaskóla.

## Skólastarf verður að vera öruggt

Niðurskurður blasir nú við hvarvetna bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Engin þjónusta sem veitt er af opinberum aðilum mun þar eiga undankomu og skólar eru engin undantekning, leik- og grunnskólar hjá sveitarfélögunum og framhaldsskólar hjá ríkinu.

Á meðan stjórnarmálamenn og embættismenn ríkis og sveitarfélaga sitja með sveittan skallann við að skera niður, eða hagræða eins og það heitir á fínlegra máli, þá blasir við að opinberir aðilar eru að taka á sig aukinn og óvæntan kostnað vegna einkaskóla og einkaframkvæmda við skóla.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Húsnæði Menntaskólans í Borgarfirði var í vikunni selt á nauðungaruppboði en fasteignafélagið sem byggði og átti húsið réði ekki við afborganir af lánum vegna byggingar þess. Íslandsbanki er nú eigandi skólahússins en stefnt er að því að sveitarfélagið Borgarbyggð kaupi skólann af bankanum. Ljóst er að þarna er um verulega auknar byrðar að ræða fyrir sveitarfélagið þrátt fyrir að það hafi vissulega átt hlut í fasteignafélaginu fyrir.

Í gær barst svo sú frétt að borgarráð hefði samþykkt að kaupa húsnæði Skóla Ísaks Jónssonar með yfirtöku á skuldum og fjármögnun nauðsynlegra viðhaldsverkefna sem skólinnn ræður ekki við. Skólinn mun leigja húsnæðið aftur af borginni og gert er ráð fyrir að hann kaupi eignina aftur innan fárra ára eftir að náðst hafi betri tök á fjármálum hans, sem vonandi mun gerast.

Þessu til viðbótar má nefna að í menntamálaráðuneytinu er nú beðið úttektar Ríkisendurskoðunar á rekstri menntaskólans Hraðbrautar. Með henni mun væntanlega skýrast hvort í skólanum hafi verið farið með fé sem skyldi.

Skólastofnanir eru meðal grunnstoða samfélagsins. Það er þess vegna nauðsynlegt að um rekstur þeirra og starfsemi ríki traust og öryggi. Þegar skóli er stofnaður er ekki tjaldað til einnar nætur. Skólastofnun er ætlað að byggjast upp og þroskast á löngum tíma.

Einkaskólar breikka vissulega það framboð á námi sem grunn- og framhaldsskólanemum stendur til boða. Í sumum þeirra er unnið eftir hugmyndum og skólastefnum sem eru áhugaverður valkostur til viðbótar við það ágæta skólastarf sem fram fer í opinberum ranni.

Það er mikilvægt að vera vakandi fyrir því að einkaskólar eru allir reknir með samningi við ríki eða sveitarfélag. Uppistaðan í rekstrarfé þeirra er því skattfé, alveg eins og í opinberum skólum. Þeir sem reka einkaskóla eru þannig fyrst og fremst að vinna með opinbert fé þannig að staða þeirra er nánast sú sama og skólastjóra opinberu skólanna. Það hlýtur því að vera eðlileg krafa skattgreiðenda að rekstur einkaskólanna sé undir sams konar eftirliti og rekstur opinberra skóla.

Það er í það minnsta ótækt á niðurskurðartímum að sveitarfélög eða ríki fái fyrirvaralítið í fangið stórútgjöld vegna þess að rekstur og áætlanagerð einkaskóla og einkaframkvæmda vegna skólastarfsemi er ekki sem skyldi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hættulegt tjáningarfrelsinu

Brynjar Níelsson, formaður Lögmannafélagsins, birti í gær pistil á Pressunni um ummæli Björgvins Björgvinssonar í DV um fórnarlömb nauðgana. Björgvin var yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en var færður í starfi í kjölfar ummælanna. Brynjar segir Björgvin hafa sagt að fórnarlömb nauðgana hefðu stundum getað minnkað líkur á broti til dæmis með minni drykkju. Hann segir seinna að það fólk sem gagnrýnt hefur ummælin sé hættulegt tjáningarfrelsinu því það bæli niður umræður og fari fram með ofstæki.

### Ábyrgðinni komið á aðra

Það er vissulega rétt hjá Brynjari að ölvað fólk er í meiri hættu þegar að því er ráðist en Björgvin tók mun dýpra í árinni. Orðrétt sagði hann: „Það er erfitt hvað það er algengt að fólk bendir alltaf á einhverja aðra og reynir að koma ábyrgðinni yfir á þá. Fólk ætti kannski að líta oftar í eigin barm og bera ábyrgð á sjálfu sér.“ Já, það er sjaldnast ástæða til að benda á annan þegar nauðgun hefur átt sér stað, svo sem gerandann.





### Það sem koma skal?

Ásmundur Einar Daðason, formaður Heimssýnar, birti grein í Fréttablaðinu í gær. Þar lýsir hann áhyggjum af því að dómstólar í ESB hafi oft tekið afstöðu með kröfu um hömlulaus markaðsviðskipti á kostnað félagslegra þátta. Því næst veltir hann fyrir sér hvort mögulegum undanþágum sem Íslendingar gætu samið um í aðildarviðræðum, gæti verið hnekkt af dómstólum. Forvitnilegt verður að sjá hvort þetta er það sem koma skal. Mun Heimssýn til dæmis berjast gegn samningi sem tryggir íslenska hagsmuni í sjávarútvegi á þeim forsendum að dómstólar kunni að eyðileggja hann?

magnusl@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Launafólk ber byrðarnar

Efnahagsmál



Elín Björg Jónsdóttir

formaður BSRB

Seðlabanki Íslands lækkaði stýrivexti sína um eina prósentu á miðvikudag, meira en margir höfðu búist við. Þessi lækkun er því fyrst og fremst að þakka að horfur í efnahagslífinu eru betri en spáð hafði verið, til dæmis af Seðlabankanum sjálfum í maí.

Þó atvinnuleysi sé allt of mikið og taka þurfi á því af meiri festu en hingað til hefur verið gert, er það þó minna en spár gerðu ráð fyrir. Verðbólga hefur hjaðnað og fjárfestingar í atvinnurekstri eru meiri en reiknað hafði verið með. Það eru með öðrum orðum ýmis teikn á lofti um að botninum sé náð.

Hverju má þakka þennan árangur? Vissulega er hægt að tína margt til, en ég held að allir geti verið sammála um að fyrst og síðast sé það launafólk í landinu sem hefur borið byrðarnar. Ofan á öll persónuleg áföll hefur kaupmáttur þess rýrnað. Samið var um hækkun lágmarkstaxta í tengslum við stöðugleikasáttmálann, gegn efndum ríkisstjórnarinnar á mikilvægum sviðum, sem ekki hafa allar gengið eftir.

Forsendur Seðlabankans, sem birtast í Peningamálum, vekja hins vegar athygli. Þar segir, á síðu 12: „Ekki hafa komið fram nýjar vísbendingar sem benda til aukins launaþrýstings og ekki er gert ráð fyrir að mikill þrýstingur verði við gerð næstu kjarasamninga um að leiðrétta kaupmátt launa.“ Seðlabankinn er að sönnu ekki ríkisstjórnin, en gjalda verður varhug við því að gengið sé að því sem vísu að launafólk taki á sig endalausar byrðar.

> Það eru með öðrum orðum ýmis teikn á lofti um að botninum sé náð.

Tvö aðildarfélög BSRB hafa ekki enn náð kjarasamningum og samningar annarra eru lausir í lok nóvember. Þá bíður okkar allra að semja á ný, með hagsmuni félaga okkar og samfélagsins alls að leiðarljósi. Vissulega er okkur þröngur stakkur skorinn, en það hlýtur að koma að því að fólkið í landinu fái að njóta betra ástands í efnahagsmálum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Er reynslan af EFTA áhugaverð?

Í DAG



**Einar Benediktsson**
Fyrrverandi sendiherra

Árið 1970 varð Ísland aðili að EFTA, árangur af Viðreisninni því farsæla stjórnarsamstarfi Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks. Rofin var einangrun Íslands að vera utan viðskiptalegs samstarfs í Evrópu, tryggð viðskiptaleg fríðindi til jafns við keppinauta í útflutningi og komið á auknu innlutningsfrelsi. Aðildarsamningur veitti okkur tollfrelsi í EFTA við inngöngu en aðlögun fram til 1980 að lækka verndartolla, mikilvægt frelsi í innflutningi freðfisks í Bretlandi og aðgang að norrænum iðnþróunarsjóði fyrir Ísland að tillögu Bjarna Benediktssonar á fundi forsætisráðherra Norðurlandanna. Aðildin var samþykkt af þingmönnum Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks og þriggja þingmanna Alþýðubandalagsins sem stóðu að Samtökum frjálslyndra og vinstri manna. Gylfi Þ. Gíslason viðskiptaráðherra veitti málinu öfluga forystu. Aðildin mætti mótspyrnu Alþýðubandalagsins sem barðist með oddi og egg gegn allri þátttöku í vestrænni samvinnu. Fríverslun var í æsingaskrifum Þjóðviljans talin hluti þeirrar óheillaþróunar sem hafði leitt Ísland í NATO og þátttaka í EFTA væri aðeins skref inn í hið enn verra, Efnahagsbandalagið.

Vissulega voru margir óvissuþættir við slíka opnun hagkerfisins, einkum varðandi samkeppnishæfni íslensks iðnaðar. Mikils um vert var hve jákvæð og opin afstaða iðnrekenda var í máli sem boðaði mikla stefnubreytingu í vernduðum atvinnurekstri þeirra. Þeir sýndu víðsýni í stórmáli sem víst hefði mátt nálgast með efasemdum og neikvæðni sem hefði gert allt þyngra í vöfum á stjórnmálasviðinu.

EFTA naut vinsælda en árið eftir að aðildin tók gildi urðu stjórnarskipti. Ríkisstjórn fyrrum stjórnarandstöðuflokka undir forystu Ólafs Jóhannessonar fylgdi óbreyttri stefnu varðandi EFTA. Sáu viðskiptaráðherrarnir Lúðvík Jósepsson og síðar Ólafur Jóhannesson, í annarri ríkisstjórn dyggilega um það. EFTA var hluti af „dynamísku“ ferli sem leiðir til EES-samningsins og þess að önnur aðildarríki en Ísland, Noregur og Sviss gerast aðilar að Evrópusambandinu.

Nú er hálf öld liðin síðan umræðan um Ísland og Evrópusamstarfið hófst og ákveðið var að Ísland tengdist því með aðildinni að EFTA. Framundan er ákvörðunin um aðild að Evrópusambandinu. Með EES-samningnum erum við að verulegu leyti þá þegar innanborðs í ESB. Ísland hefur færst frá því að vera fákunnur byrjandi á Evrópuvettvangi í að vera gamalreyndur þátttakandi. Ekki einvörðungu hefur stjórnsýslan náð fullum tökum á hagsmunagæslu Íslands í Brussel, heldur hafa helstu hagsmunasamtök haslað sér þar völl. Íslendingar voru trúverðugur samstarfsaðili þar til kom að hinni hrapallegu þróun fjármálakerfisins eftir 2000.

> Hugmyndin um að draga aðildarumsóknina til baka er með því versta sem fram hefur komið, svo mikið áfall sem það yrði fyrir orstír Íslands sem mikið hefur mátt þola.

Áfellisdóminn yfir okkur er að finna í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008. Skýrslan og umræðan hér heima eru ekkert einkamál okkar því aðrar þjóðir fylgjast grannt með íslenska hruninu enda heimsfréttaefni. Eftirlitsstofnun EFTA undirbýr málssókn á hendur íslenskum stjórnvöldum vegna vanefndar á skuldbindingum um lágmarkstryggingar á innistæðum í útibúum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Gjaldeyrishöft sem grípa varð til eru brot á EES-samningnum og gætu leitt til þess að viðskiptafríðindi yrðu dregin til baka til mótvægis. EES-samningurinn yrði þá í uppnámi. Frumskilyrði fyrir góðum samskiptum við samstarfsþjóðir og alþjóðlegt fjármálasamstarf, er að samningar náist í Icesave-deilunni og bankakerfið nái fyrri stöðu í erlendum samskiptum. Takist það ekki fyrr frekar en síðar blasir við stöðnun og atgervisflótti.

Þátttakan í fríversluninni 1970 gerði stjórnvöldum kleift að aflétta viðskiptahöftum og var aðildin því stjórntæki í efnahagsmálum. Þetta er sambærilegt við það markmið núverandi ríkisstjórnar að stefna að aðild að Myntbandalagi Evrópu og upptöku evru. Það er síður en svo minnkun af því að krónan eins og sjálfstæðar myntir Evrópuþjóða sé leyst af hólmi með þátttöku í myntbandalagi. Þannig séð er aðildin að ESB tæki til þjóðfélagslegra umbóta rétt eins og var um EFTA áður fyrr. Það er athyglisvert að þegar sænsk stjórnvöld lögðu fyrst til að Svíþjóð gerðist aðili að ESB var það hluti af aðgerðaáætlun í efnahagsmálum.

Andstæðingar aðildar Íslands ganga hart fram í rangfærslum, svo sem því að Bretar og Hollendingar og þar með Evrópusambandið séu óvinir okkar. Hjákátlegastur var þó spuni „ungra bænda“ að okkur bíði herþjónusta í ESB! Hugmyndin um að draga aðildarumsóknina til baka er með því versta sem fram hefur komið, svo mikið áfall sem það yrði fyrir orðstír Íslands sem mikið hefur mátt þola vegna hrunsins. Vinir Íslands innan ESB eru fullir bjartsýni um að ná megi viðunandi lausnum á sviðum sem út af standa í fulla ESB-aðild, einkum í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum. En varla er nema von að þeir spyrji hvort Íslendingar vilji gerast aðilar að Evrópusambandinu og hvort ekki megi bjóða fólkinu í landinu upplýsta umræðu?

AF NETINU

## Björgólfur og bankahrunið



Björgólfur Thor Björgólfsson rembist eins og rjúpan við staurinn að halda því fram að hann beri enga áhrif á hruni íslensku bankanna. Nú hefur hann opnað vefsíðu sem fjallar um þetta – einn höfunda þar er sagnfræðingur sem í miðju hruninu sendi frá sér varnarrit vegna þáttar Björgólfs Guðmundssonar í Hafskipsmálinu.

silfuregils.eyjan.is

**Egill Helgason**

## Hvaða land er þetta??



Og þegar ég var kominn út á sundlaugarbakkann og horfði á fólkið og sólina og heiðan himininn, þá rann upp mér fyrir að mér fannst ég vera í einhverju allt öðru landi en Íslandi.

Ég vissi ekki hvaða land þetta var, en það var alla vega töluvert sunnar á jarðarkringlunni en Íslandið okkar.

Veður eins og verið hefur hér í Reykjavík síðustu þrjá dagana, og reyndar margoft áður í sumar, er eitthvað allt annað en tíðkast í mínu ungdæmi.

Þetta er rólyndislegt og sjálfsagt sumarveður, sem hefði þótt fráleitt hér áður fyrr.

dv.is/blogg/tresmidja

**Illugi Jökulsson**



# Kirkjan og kynferðisofbeldi

**Þjóðkirkjan**

**Karl Sigurbjörnsson**
biskup Íslands



Kynferðislegt ofbeldi er alvarleg staðreynd í samfélaginu. Allar stofnanir og félagasamtök, ekki síst þau sem vinna með og í þágu barna og unglinga þurfa að vera á varðbergi og skoða starfshætti sína í því ljósi. Umliðin ár hefur verið markvisst unnið að bættum vinnubrögðum í þessum efnum innan þjóðkirkjunnar og ég tel að við séum að gera góða hluti með styrkum stuðningi trausts fagfólks. Alltaf er hægt að gera betur og bæta vinnubrögð og verkalag. Sérstakt átak í þessum málum var gert á síðastliðnu ári og er rétt að minna á það sem gert hefur verið af hálfu þjóðkirkjunnar varðandi kynferðisbrot, forvarnir og aðgerðir.

Fagráð um kynferðislegt ofbeldi hefur verið starfandi innan kirkjunnar í 12 ár. Fagráðinu er ætlað að móta verklag fyrir starfsmenn kirkjunnar um það hvernig eigi að bregðast við þegar slík tilkynning berst um kynferðisbrot af hendi annars starfsmanns og hafa umsjón með að ferlinu sé fylgt.

Starfsfólk í barna- og æskulýðsstarfi hefur starfað á grundvelli siðareglna og heilræða undanfarin ár þar sem sérstaklega er tekið á því hvar mörk liggja gagnvart börnum og unglingum.

Kirkjuþing 2009 samþykkti siðareglur fyrir allt starfsfólk og vígða þjóna kirkjunnar. Þar segir: „Misnota aldrei aðstöðu sína eða ógna velferð skjólstæðings, svo sem með óviðeigandi hegðun, orðfæri, viðmóti, kynferðislegri eða annars konar áreitni … Minnast þess að mörk einstaklinga eru mismunandi, svo sem að snerting getur auðveldlega misskilist eða valdið óþægindum … Stofna ekki til óviðeigandi sambands við skjólstæðing og að óheimilt er að ráða fólk til starfa til að sinna börnum og ungmennum sem hlotið hafa refsidóm vegna kynferðisbrots.“

Í siðareglunum er og skýrt kveðið á um upplýsingaskyldu skv. barnalögum þar sem segir að starfsfólk og vígðir þjónar kirkjunnar skuli „vera ávallt upplýst um lög og reglur sem gilda um börn og unglinga og að skylt sé að tilkynna barnaverndaryfirvöldum ef ætla má að barn búi við óviðunandi aðstæður eða er þolandi ofbeldis“. Þessar siðareglur voru samþykktar á Kirkjuþingi 2009 og gilda fyrir alla presta og starfsmenn Þjóðkirkjunnar undantekningarlaust.

Í samræmi við siðareglurnar er nú að fara af stað átak þar sem allir starfsmenn kirkjunnar verða beðnir um að samþykkja að skoða megi sakaskrá þeirra m.t.t. kynferðislegs ofbeldis, svonefnda skimun.

Væntanleg er yfirlýsing er ber heitið „Kristnar kirkjur á Íslandi taka afstöðu gegn misnotkun og ofbeldi í hvaða mynd sem er“. Þetta er verkefni kirkna og safnaða sem aðild eiga að Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga.

Þjóðkirkjan hefur tekið skýra afstöðu gegn ofbeldi gegn konum og börnum. Ég hef lýst því viðhorfi mínu oft og iðulega að kynferðisbrot og annað ofbeldi gegn konum og börnum líðist ekki innan vébanda þjóðkirkjunnar og að kirkjan taki undir með þeim einstaklingum og samtökum sem vinna að vitundarvakningu meðal þjóðarinnar um þessi alvarlegu mál. Það er mörkuð stefna þjóðkirkjunnar.

> Ég hef lýst því viðhorfi mínu oft og iðulega að kynferðisbrot og annað ofbeldi gegn konum og börnum líðist ekki innan vébanda þjóðkirkjunnar.

Þökk sé þeim mörgu sem láta sér ekki á sama standa, sem halda vöku sinni, og leitast við að sýna umhyggju og veita hjálp og vekja samfélagið til vitundar um neyð og þjáningu annarra.

Þá er einnig rétt að minna á fundargerð Kirkjuráðs frá 19. júní 2009: „Kirkjuráð tekur undir orð biskups Íslands á prestastefnu 2009 og biður þær konur og börn sem brotið hefur verið á af hálfu starfsmanna og þjóna kirkjunnar fyrirgefningar á þeirri þjáningu og sársauka sem þau hafa liðið.“




# Varnarsamtök íslenskunnar

**Íslenska**

**Haukur Sigurðsson**
sagnfræðingur



Nokkrar umræður hafa verið undanfarið í þessu blaði um íslenskuna og þá einkum um hvernig eigi að leiðbeina fólki um málfar. Er það vel, hollt er að skiptast á skoðunum um tungumálið og fátt verra en skeytingarleysið, en það kemur fram í því þegar mönnum er sama hvernig íslenskan er notuð og hvort svo er. Engu er líkara en hún sé farin að þvælast fyrir fólki sem er tamara að grípa til enskunnar sem er þó jafnvel hvorki fugl né fiskur. Orðfæðin segir mjög til sín, menn grípa til sömu orða um sama hlutinn eða hugtakið þótt málið geymi tugi orða um það sama. Talað mál í ljósvakafjölmiðlum er tíðum svo óáheyrilegt að þraut er að hlusta á. Þeir sem boðaðir eru í viðtöl á þeim bæjum virðast fremur ekkert uppbyggilegt hafa hugsað um efnið sem er til umræðu eða kunna ekki að koma orðum að því og ræðan verður því gjarnan skreytt merkingarlausum innskotsorðum: „Ég meina … sko að það sem þeir … hérna … ætluðu að meika … var bara feik.“ Eftirlætisorðið „hérna“ ryðst fram í munni flestra sem koma í þessi viðtöl og útlendingar, sem ekki kunna íslensku, eru forvitnir um þetta orð og halda að það sé einhver lykill að tungumálinu. Þá reynist það hið gagnstæða, haldreipi þeirra sem ekki hafa hugsað hvað þeir ætli að segja eða vita það jafnvel ekki.

Marga undanfarna áratugi er líkt og tungumálið okkar hafi mátt þola ræktarleysi og hrognenska komið í staðinn og var talin sérlega fínt mál fyrir hrun. Það má lesa með hrolli í Rannsóknarskýrslu Alþingis þar sem orðrétt er haft eftir peningamönnum. Þeir tala ekkert tungumál heldur ryðja út úr sér bullgrauti sem fer vel við skilning þeirra á eðli viðskipta. Þarna er því eitt sviðið enn sem við getum tekið til rækilegrar endurskoðunar. Heimili, skólar, fjölmiðlar og stofnanir ættu að taka höndum saman og sameinast um viðreisn íslenskunnar. Það ætti að verða heillandi verkefni. Líklega er minn góði og gamli skóli, Menntaskólinn á Akureyri, að feta sig inn á svipaða en líklega víðari braut með nýju námsskipulagi sem tekur gildi í haust. Heppilegt væri að Íslensk málstöð hefði hér forystu og mótaði stefnu. Upphafið er á heimilunum og brýnt að tala mikið við börnin á eðlilegri íslensku og fullorðnir leggi niður barnamálið. Þá á að lesa fyrir þau, segja þeim sögur, láta þau læra kvæði og syngja með þeim. Þetta er allt hægt að klæða í búning skemmtunar með smáhugkvæmni. Ég ætla að á nánast öllum vinnustöðum séu einstaklingar sem vanda málfar sitt eða hugsa um gott mál. Þeir gætu orðið hvatamenn að málvöndun og halda mætti málverndarfundi í lok vinnuviku eða mánaðar. Talað mál og ritað væri rætt, bent á hvað mætti betur fara, ákveðnir textar teknir til athugunar og fólk hvatt til framfara. Ekki er nauðsynlegt að málspekingar stýri slíku heldur smekkmenn um málfar og þeir sem þykir vænt um móðurmálið. Sérstaklega skal ráðist gegn hrognenskunni og orð fundin á íslensku til að leysa hin af hólmi. Vandi er þar sem fólk vinnur mjög með erlend heiti og hugtök. Liggur þá ekki beint við að íslenska þau og fá leiðbeiningar á Íslenskri málstöð?

Í skólum verður að hefja sókn íslenskunnar sem undirstöðu allra annarra greina. Hún verður að gegnsýra allt skólastarfið og taka völdin þar sem hún hefur verið hornreka. Í framhaldsskólum mættu kennarar og nemendur huga vel að málfari þeirra greina sem þeir læra. Hversu góð er íslenskan í efna- og eðlisfræðinni, líffræðinni, jarðfræði, sögu o.s.frv.? Ég vil kalla þessa hópa varnarsamtök íslenskunnar. Við eigum einstakar bókmenntir frá öllum öldum sögu okkar og þær eiga að verða sá brunnur sem við sækjum í. Vegur íslenskunnar hefur minnkað í námi skólanna þegar viðspyrnan þarf að vera hörð gegn hrognensku. Íslenskan þykir eflaust ekki „fín“, en málið býr yfir fjölbreyttum töfrum sem unga fólkið verður að uppgötva og unna. Hver dáir ekki Gunnarshólma Jónasar Hallgrímssonar sem lærði kvæðið á barnaskólaárum sínum? Það á að vera gaman að læra kvæði líkt og það er að syngja þau. „Ástkæra, ylhýra málið …, þannig byrjar Jónas annað snilldarkvæði sitt. Málið á að vera okkur ylhýrt, verma okkur öll og af hitanum spretta nýjar jurtir.

# Enn um „Lebensraum“

**Evrópumál**

**Andrés Pétursson**
formaður Evrópusamtakanna



Haukur Hauksson gerir athugasemdir við grein mína um A-Evrópu stækkun ESB og hvernig sú stækkun hafði áhrif á þróun mála í Úkraínu. Ég fagna skrifum Hauks enda eru fáir sem þekkja þessi lönd betur en hann. Ef til vill tók ég of stórt upp í mig varðandi Úkraínu og biðst ég forláts á því. Ég byggði þessi ummæli á fréttaflutningi frá landinu á þeim tíma en þá var mikið talað um áhyggjur Rússa af þróun mála í Úkraínu. Hins vegar er það staðreynd að forráðamenn Evrópusambandsins vöruðu þá sterklega við því að skipta sér af innanríkismálum landsins. Það hlýtur að hafa haft áhrif á Rússana að landamæri nýju aðildarlanda ESB þ.e. Póllands, Slóvakíu, Ungverjalands og Rúmeníu liggja öll að Úkraínu.

Málefni Úkraínu voru hins vegar algjört aukaatriði í greininni og breyta engu um megintilgang skrifa minna. Það er að benda á þá miklu og jákvæðu þróun sem hefur átt sér stað í lýðræðis- og efnahagsumbótum í bæði S- og A-Evrópu í tengslum við stækkun Evrópusambandsins. Einnig að benda á hve ósmekklegt það er hjá Ögmundi Jónassyni að bendla stækkun ESB við hugmyndafræði nasista. „Lebensraum“ er hugtak sem Adolf Hitler fann upp á eins og Haukur bendir vel á í grein sinni. Sú ógeðfellda lífssýn sem birtist í skrifum Hitlers á ekkert skylt við lýðræðishefð Evrópusambandsins. Það er því von mín að andstæðingar aðildar Íslands að Evrópusambandinu grípi ekki til svona lágkúrulegra samlíkinga þegar jafn mikilvægt mál og tengsl Íslands við Evrópu ber á góma. Ég fagna því þessari grein Hauks enda gerir hún ekkert annað en að skerpa á umræðunni um þessi mál.

# YFIR 2000

# VÖRUR Á LÆKKUÐU VERÐI!

| | | |
|---|---|---|
| KRONBORG dúnssæng | 5.995,- | 4.995,- |
| PHOENIX bókahilla | 19.900,- | 9.900,- |
| Kisuleikfang | 499,- | 199,- |
| Servéttuhringir 2 stk. | 499,- | 99,- |
| Regnplast á kerru | 399,- | 99,- |
| ALAN tölvuborð | 12.900,- | 7.900,- |
| Húðkrem 200 ml. | 690,- | 99,- |
| Krepsængurverasett | 2.495,- | 1.495,- |
| Náttgalli barna | 1.295,- | 795,- |
| NEVADA 3ja sæta sófi | 119.950 | 69.950,- |
| Gæludýrapúði | 2.990,- | 1.295,- |
| SANA dúkur | 4.995,- | 1.995,- |
| Náttbuxur barna | 1.295,- | 99,- |
| STAR skrifborðsstóll | 5.995,- | 3.995,- |
| ANNA motta | 2.990,- | 1.794,- |
| RIA diskamottur 4 stk. | 1.695,- | 699,- |
| NINJA TURTLES skál | 995,- | 299,- |
| ALBERT svefnsófi | 39.950,- | 24.950,- |
| Vegghilla með slá | 790,- | 399,- |
| JANIELLE dúkur | 3.495,- | 995,- |
| Plastborð barna | 1.695,- | 895,- |
| OLYMPIC koja | 24.900,- | 16.950,- |
| Bleikur vasahnífur | 399,- | 199,- |
| Saumataska | 1.295,- | 599,- |
| BARBIE hnífapör | 1.195,- | 199,- |
| TRINE gestarúm | 9.995,- | 7.995,- |
| COLORS sópur | 995,- | 499,- |
| KRONBORG handklæði | 499,- | 299,- |
| BATMAN sportflaska | 895,- | 199,- |
| KENDALL stóll | 9.900,- | 4.995,- |
| Kertaglös 2 stk. | 399,- | 99,- |
| CRINCLE sturtuhengi | 3.490,- | 1.995,- |
| CARS sængurverasett | 4.995,- | 2.495,- |
| ANNIKA sófaborð | 14.950,- | 9.950,- |
| ROSTI MERCUR hnífasett | 6.990,- | 995,- |
| Vöðlur | 12.995,- | 8.995,- |
| Barnasokkar 3 pör | 595,- | 99,- |
| LIVA kommóða | 24.900,- | 14.950,- |
| Gólflampi | 4.995,- | 1.995,- |
| KRONBORG baðsloppur | 6.995,- | 3.995,- |
| Flísponcho barna | 1.495,- | 795,- |
| Heyrnartól | 299,- | 149,- |
| SOPHIE ábreiða | 4.995,- | 2.995,- |
| Vettlingar barna | 690,- | 99,- |
| CYCLE stóll | 19.900,- | 12.900,- |
| Djúpsteikingarpottur | 5.995,- | 2.995,- |
| MARY skrautpúði | 995,- | 499,- |
| DORA síðermabolur | 1.995,- | 995,- |
| Arinahöld 4 stk. | 4.990,- | 499,- |
| SANNA gardínur | 2.995,- | 995,- |
| Útivistarjakki 3-in-1 | 6.995,- | 2.995,- |
| LYON tungusófi | 179.950,- | 99.950,- |
| Matvinnsluvél | 4.990,- | 2.495,- |
| RAKEL metravara | 1.295,- | 695,- |
| Flíspeysa barna | 1.495,- | 499,- |
| Fjarstýring 5 í einni | 1.290,- | 795,- |
| Dúkur svartur | 2.390,- | 995,- |
| HIGH SCHOOL flísteppi | 3.495,- | 995,- |
| Engill keramik | 199,- | 99,- |
| OLIVE borðdúkur | 3.990,- | 995,- |
| PRINCESS veggskraut | 1.995,- | 399,- |

| | | |
|---|---|---|
| KENDALL borð | 9.900,- | 4.995,- |
| Kertastjakar 3 stk. | 1.990,- | 995,- |
| Dúskabönd | 1.290,- | 499,- |
| HELLO KITTY nærfatasett | 1.995,- | 995,- |
| Uppþvottagrind | 499,- | 299,- |
| SOLA fiðrildagardína | 1.995,- | 995,- |
| Leikteppi | 3.995,- | 499,- |
| MANCHESTER sófasett | 259.950 | 149.950,- |
| Skálasett | 1.995,- | 995,- |
| Gardínur bleikar | 695,- | 499,- |
| Barnaloftljós | 3.995,- | 1.995,- |
| HEIDI kanna | 1.490,- | 399,- |
| Viskastykki 3 stk. | 895,- | 499,- |
| BUBBI BYGGIR náttföt | 1.995,- | 995,- |
| STAR fataskápur | 24.900,- | 19.900,- |
| Kökudiskur með hjálmi | 895,- | 595,- |
| Barnasvunta | 990,- | 99,- |
| Mjúkur froskur | 995,- | 99,- |
| Skálar 3 saman | 595,- | 199,- |
| ALFA stóris | 499,- | 199,- |
| BEN 10 náttföt | 1.995,- | 995,- |
| Glervasi | 499,- | 299,- |
| Metravara | 590,- | 199,- |
| HARMONY sæng | 1.495,- | 499,- |
| NEVADA 2ja sæta sófi | 89.950,- | 49.950,- |
| Reiknivél | 399,- | 99,- |
| Myrkvunargardína | 3.990,- | 1.995,- |
| BRATZ flísteppi | 2.495,- | 499,- |
| Gyðja stytta | 695,- | 399,- |
| JAMINA kappi | 990,- | 495,- |
| DORA sundpoki | 995,- | 299,- |
| Blóm í potti | 590,- | 99,- |
| OLAFIA brauðkarfa | 499,- | 99,- |
| Lyklakippa með hljóði | 695,- | 399,- |
| Ljósakúlur 2 stk. | 1.295,- | 199,- |
| Pottaleppur | 399,- | 99,- |
| Tásusokkar | 695,- | 199,- |
| PHILIPP svefnsófi | 39.950,- | 24.950,- |
| Herrarakvélar 10 stk. | 299,- | 149,- |
| Gardínukrókar | 595,- | 347,- |
| DISNEY herðatré 3 stk. | 895,- | 199,- |
| PALMOLIVE Roll-on | 299,- | 99,- |
| Flísefni | 1.495,- | 747,- |
| BRATZ gólfmotta | 3.995,- | 995,- |
| Sjúkraskápur | 5.795,- | 3.995,- |
| Kappi 45 sm. | 1.295,- | 299,- |
| BANGSÍMON nestisbox | 1.295,- | 199,- |
| Borðklukka | 1.490,- | 795,- |
| BIG VALUE garn | 645,- | 322,- |
| HIGH SCHOOL motta | 5.995,- | 499,- |
| Blómamynd | 1.290,- | 795,- |
| CIRCLES sængurverasett | 3.990,- | 995,- |
| Sokkar með leðursóla | 890,- | 99,- |
| Ethanólarinn á vegg | 16.950,- | 11.950,- |

| | | |
|---|---|---|
| MIRA dúkur | 3.995,- | 995,- |
| Grímubúningur kanína | 2.995,- | 499,- |
| OIL OF ALOE sjampó | 399,- | 199,- |
| Rúskinnspúði | 795,- | 299,- |
| Velourbuxur barna | 1.695,- | 99,- |
| Baðsvampur | 149,- | 49,- |
| Viskustykki 2 stk. | 995,- | 399,- |
| Jogginggalli barna | 3.995,- | 1.995,- |
| Myndarammi | 299,- | 149,- |
| ELEFANT skrautpúði | 2.495,- | 995,- |
| Eyrnamúffur barna | 1.295,- | 499,- |
| Naglaskæri | 199,- | 99,- |
| KRONBORG baðmotta | 3.490,- | 1.995,- |
| FUNNY FARM hnífapör | 299,- | 199,- |
| Snyrtitaska með blómi | 399,- | 199,- |
| ELAINE klósettbursti | 1.995,- | 995,- |
| Flísvettlingar barna | 695,- | 399,- |
| Hundakambur | 399,- | 199,- |
| LUREX dúkur | 2.490,- | 895,- |
| MAN UTD sportflaska | 1.495,- | 499,- |
| Hreingerningarhanski | 399,- | 149,- |
| KENDRA rúmteppi | 4.990,- | 2.994,- |
| Stígvél barna | 2.895,- | 1.995,- |
| Serviettur 40 stk. | 499,- | 199,- |
| CHARLINE púði | 1.295,- | 499,- |
| Ungbarnahúfa | 695,- | 199,- |
| Piparkvörn | 595,- | 299,- |
| Blúndur | 250,- | 99,- |
| Vekjaraklukka | 499,- | 99,- |
| Kökuspaði | 1.495,- | 995,- |
| Felligardína | 1.990,- | 499,- |
| Herraskór | 2.995,- | 995,- |
| Fægiskófla og kústur | 499,- | 299,- |
| Brauðkarfa | 590,- | 99,- |
| Hlaupabuxur | 2.995,- | 1.995,- |
| Skrefa- og kaloríumælir | 1.995,- | 995,- |
| FREYA hringdúkur | 2.490,- | 995,- |
| Herraboxer 2 stk. | 1.990,- | 995,- |
| PHOENIX bókahilla | 14.990,- | 6.990,- |
| Könnur 4 stk. | 1.290,- | 795,- |
| Sjóræningagardínur | 1.990,- | 995,- |
| V-bolur fyrir dömur | 1.495,- | 199,- |
| Vatnshelt útvarp | 990,- | 99,- |
| ELSA pottaleppi | 399,- | 99,- |
| Óléttubuxur | 2.995,- | 1.995,- |
| Kertalukt | 499,- | 99,- |
| Trefla-kit | 1.295,- | 299,- |
| Veiðivesti | 2.995,- | 499,- |
| Eggjasuðutæki | 890,- | 499,- |
| Efni 140 sm. | 2.490,- | 995,- |
| Hálsmen | 990,- | 99,- |
| Bílþvottakústur | 2.995,- | 1.995,- |
| BENETTON sængurv.sett | 7.995,- | 2.495,- |
| Sportsokkar 8 í pakka | 995,- | 499,- |
| FLOWER matarstell | 5.990,- | 3.995,- |
| Föndurperlur í boxi | 695,- | 499,- |
| Softshell jakki | 4.995,- | 1.995,- |
| Kaffikrús | 399,- | 199,- |
| Sápupumpa | 895,- | 358,- |
| OONA kvensíðbuxur | 1.295,- | 499,- |
| Dömuhlýrabolur | 1.995,- | 499,- |

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Birt með fyrivara um prentvillur og vöruframboð

# Lífsgæði hafnarsvæðisins

Borgarmál

Hjálmar Sveinsson
stjórnarformaður Faxaflóahafna



Það hefur verið gaman að rölta um gömlu höfnina í Reykjavík í sumar. Veðrið hefur verið óvenjulega gott og sjaldan eða aldrei hafa jafnmargir lagt leið sína niður að höfn. Reykjavíkurhöfn er loksins að verða almenningsrými, eins og við þekkjum í mörgum erlendum hafnarborgum, með skemmtilegum gönguleiðum, veitingastöðum, kaffihúsum, söfnum. Auk þess er hafnarsvæðið á góðri leið með að verða mikilvægur staður fyrir menningarhús, hátæknifyrirtæki og hugmyndahús.

Fyrir utan lífsgæðin, sem slíkt umhverfi skapar borgarbúum, aflar það mikilvægra tekna fyrir þjóðarbúið. Höfnin er eitt mikilvægasta aðdráttarafl ferðamanna sem koma til Reykjavíkur. Tugþúsundir fara nú í hvalaskoðunarferðir á hverju ári auk þess sem boðið er upp á sjóstangaveiði og fuglaskoðun. Raunar má segja að erlendir ferðmenn, fremur en Íslendingar, hafi uppgvötað lífsgæði hafnarsvæðisins, með svolítilli hjálp hafnarstjórnarinnar.

Þetta er sama ánægjulega þróunin og hefur átt sér stað í höfninni í Húsavík. Ekki er ólíklegt að höfnin á Akranesi taki svipuðum breytingum á næstu árum. Í Reykjavíkurhöfn hafa þessi umskipti verið drifin áfram af frumkvöðlum eins og Sægreifanum og hvalaskoðunarfyrirtækinu Eldingu. Sægreifinn er án efa þekktasti veitingastaður Íslands úti í heimi. Hver hefði trúað því þegar ellilífeyrisþeginn Kjartan Halldórsson opnaði þarna litla fiskbúð fyrir 8 árum? Enginn býst ég við. Ekki frekar en að fólk hefði trúað því að árið 2010 yrði sjósund sjálfsagður hluti af sund og baðmenningu fjölmargra Reykvíkinga.

Sama þróun hefur átt sér stað víða erlendis undanfarin ár og áratugi. Gamlar atvinnuhafnir ganga í endurnýjun daga sinna sem mannlífshafnir. Það er jákvæð umbreyting. Hættan er þó sú að slíkar hafnir hreki smám saman allt hafntengt atvinnulíf í burt og við sitjum uppi með gervihafnir með einsleitri minjagripaverslun, endalausum hótelum og lúxusíbúðum sem afar fáir hafa efni á og eru nokkurn veginn eins alls staðar í heiminum. Sem betur fer eru hafnirnar hér atvinnuhafnir með hafnsækinni starfsemi og þær eiga að vera það áfram. Það er meðal annars ásýnd alvöru fiskiskipahafnar sem laðar ferðamenn að Reykjavíkurhöfn.

Verkefni Faxaflóahafna næstu árin er meðal annars það að efla og tryggja sambýli fiskiskipahafna og ferðaþjónustu; veitingahúsa, kaffihúsa, menningarhúsa og fiskverkunarhúsa; hátæknifyrirtækja og lágtæknifyrirtækja, stórútgerðar og smáútgerðar, hvalaskoðunarbáta og hvalveiðibáta, skemmtiferðaskipa og seglskútueigenda, sjósundsfólks og sægreifa. Til að þetta megi takast sem best þarf margt að koma til og fólk þarf umfram allt að vinna saman.

Stjórn Faxaflóahafna tók tvö skref í þá átt á síðasta fundi sínum með samhljóða samþykkt. Stjórnin samþykkti að láta vinna tillögu að heildstæðri umhverfisstefnu fyrir fyrirtækið. Í greinargerð með tillögunni er bent á að margt í starfsemi Faxaflóahafna sf. varði umhverfismál. Bent er á „umhverfisfrágang hafnarsvæða svo sem græn svæði, gönguleiðir og opin svæði, almenna umhirðu, dýpkunar- og landfyllingarverkefni, frárennslismál, reglur varðandi kjölvatn skipa, varnir gegn bráðamengun, umhirða óreiðuskipa, sala á vatni og rafmagni og ýmsar mælingar á umhverfisþáttum“. Frá árinu 2006 hafa Faxaflóahafnir haldið „Grænt bókhald“ um afmarkaða rekstrarþætti fyrirtækisins. Heildarumhverfisstefna tekur til margra fleiri þátta umhverfismála. Meðal annars skal skoðað hvernig megi flétta vistvæna samgöngustefnu inn í starfsemi fyrirtækisins. Einnig á að athuga hvort Faxaflóahafnir geti fengið viðurkennda umhverfisvottun.

Hin tillagan kveður á um að stjórn Faxaflóahafna haldi árlega opinn fund með notendum hafnanna, útgerð, ferðaþjónustu, fiskvinnslufyrirtækja, flutningafyrirtækja, veitingahúsaeigenda. Faxaflóahafnir telja mikilvægt að geta komið málefnum fyrirtækisins á framfæri við hina mörgu ólíku notendur hafnanna og ekki er síður mikilvægt að þeir geti komið sínum sjónarmiðum milliliðalaust á framfæri.

Stundum er sagt að hafnirnar séu lífæð byggðarinnar í landinu. Það á ekki síður við þegar hlutverk þeirra er að breytast og verða fjölbreyttara en áður.

## AF NETINU

**Þjórsárver - umdeildur fjársjóður**

Landsvirkjun hefur þegar unnið óbætanlegt skemmdarverk á stóru fossunum í Gljúfurleit og með því að virkja frekar við Norðlingaöldu yrðu þeir endanlega þurrkaðir. Ég veit að Landsvirkjun mjálmar eitthvað um „tímabundið verði dregið úr rennsli“ í Gljúfurleit. Það var líka sagt fyrir austan þegar Eyjabakkastífla var reist og jarmað um að tímabundið drægi úr rennsli í farvegi Jökulsár á Fljótsdal. Staðreyndin er sú að farvegurinn í Fljótsdal stendur þurr allt sumarið og hinir risavöxnu fossar engum sýnilegir yfir ferðamannatímann. Við viljum ekki sjá Hvanngiljafoss, Dynk og Gljúfurleitarfoss hljóta sömu örlög.Það er undarlegt að sjá óvini náttúrunnar úr flestum stjórnmálaflokkum reyna að tuldra þetta þarfa framtak ráðherrans í kaf og draga úr samstöðunni um friðun Þjórsárvera.

blog.eyjan.is/pallasgeir

**Páll Ásgeir Ásgeirsson**


**Ný námskeið að hefjast**

**Jóga stúdíó hefur opnað á nýjum stað að Seljavegi 2**

(við hliðina á Loftkastalanum í gamla Héðinshúsinu).

JÓGA Stúdíó



Byrjendanámskeið hefst mánudaginn 23. ágúst
Hot jóganámskeið hefst þriðjudaginn 24. ágúst
Krakkajóga 2-4 ára hefst mánudaginn 23. ágúst
Krakkajóga 5-7 ára hefst miðvikudaginn 25. ágúst
Krakkajóga 8-12 ára hefst fimtudaginn 26. ágúst

Nánari upplýsingar á jogastudio.is



Ágústa Kolbrún Jónsdóttir
772-1025



Drífa Atladóttir
695-8464

JÓGA Stúdíó
Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@jogastudio.is


# Meirihluti nemenda verðskuldar meiri athygli

Menntamál

Súsanna Margrét Gestsdóttir
kennari



Ég þakka svör Ólafs H. Helgasonar og Guðmundar J. Guðmundssonar við grein minni frá 30. júlí sl. Ekki get ég annað en brugðist við þó að það hafi í för með sér að enn víkur sögunni að því sem ég álít minniháttar vanda í skólakerfinu, þ.e. innritunarreglum í framhaldsskóla. Ég ítreka að tíma okkar sem höfum áhuga á skólamálum væri mun betur varið í að ræða alvarlegri mál, svo sem þá staðreynd að mun færri nemendur ljúka framhaldsskólanámi hér en eðlilegt getur talist. Sú staðreynd ein og sér ætti að duga til að sannfæra menn um að eitthvað er bogið við þá skipan skólamála sem við höfum vanist og aðkallandi að leita annarra leiða til að tryggja fleirum menntun.

Ég varpaði fram þeirri hugmynd (sem hvorki er sérlega frumleg né ný af nálinni) að okkur væri hollt að huga að fjölmenningu og á þar við að meiri blöndun nemenda sem búa yfir mörgum og ólíkum styrkleikum væri hópnum í heild til hagsbóta. Í blaðagrein gefst ekki tækifæri til að vísa í heimildir og ég hef heldur ekki fleiri orð um þá skoðun Guðmundar að markviss fræðsla og áróður gefist betur þegar unnið er gegn fordómum heldur en að t.d. fólk af ólíkum uppruna vinni saman hlið við hlið – þar er ég einfaldlega hjartanlega ósammála. En fyrst að ég fullyrði að engu ungmenni sem er að ljúka grunnskólanámi sé vísað í lélegan skóla er rétt að staldra þar við.

Hvernig er hægt að mæla gæði skóla? Ólafur telur að fjöldi umsókna sextán ára fólks um skólavist sé gildur mælikvarði. Með sama hætti mætti þá fullyrða að Michael Jackson sé besti tónlistarmaður mannkynssögunnar, Avatar og Titanic bestu kvikmyndirnar og Tilvitnanir í Maó formann engu ómerkara rit en Biblían og Kóraninn. Öllum má ljóst vera að við þetta er ýmislegt að athuga þó að margir hafi viljað kaupa vöruna. Þegar kemur að skólum verða málin nokkuð flókin. Nauðsynlegt hlýtur að vera að skoða hvað nemendur koma með inn í framhaldsskólann í upphafi og bera það saman við það sem þeir koma með út. Nemandi með 8,5 eða hærra í meðaleinkunn eftir grunnskóla virðist óneitanlega bókhneigður og ekki er ólíklegt að hann stefni á háskólanám. Engum framhaldsskóla getur veist erfitt að styðja hann á leiðinni þangað. Þá er eftir meirihluti íslenskra nemenda sem verðskulda meiri athygli en þeir almennt fá í umræðunni. Í mörgum skólum er unnið merkilegt starf við að laða fram styrkleika þeirra og gera þeim kleift að standa jafnfætis hinum í námi eða starfi þegar fram líða stundir. Þegar vel tekst til verða gífurlegar framfarir hjá mörgum nemendum á framhaldsskólaárunum og verður spennandi að sjá niðurstöður vandaðrar rannsóknar á því hvernig nemendur koma undirbúnir í háskóla úr hinum ýmsu skólum.

En „menntun“ er víðfeðmt hugtak sem á ekki einungis við um undirbúning langskólanáms og því vafasamt að fullyrða að ein gerð skóla sé betri en önnur. Ætli reyndin sé ekki sú að flestir hafi eitthvað sér til ágætis og ef val nemenda um skólavist eftir grunnskóla væri upplýstara og byggði frekar á staðreyndum yrði dreifingin jafnari. Aldrei munu finnast innritunarreglur sem leiða til þess að allir nemendur komist inn í þann skóla sem þeir kjósa allra helst en í því felst ekki mikill harmleikur. Að fá skólavist er út af fyrir sig dýrmætt nú um stundir eins og þeir mörg hundruð eldri en átján ára sem hafnað var í ár vita mætavel. 45% úr hverfinu er trúlega ágætur millivegur, svo framarlega sem skólarnir bregðast ekki þeirri skyldu sinni að koma nemendum sínum til mennta með ráðum og dáð þó að með hverfishópnum slæðist inn einhverjir sem skólanum hugnast ekki við fyrstu sýn. Þegar upp er staðið er það allra ávinningur að saman í bekk séu bæði þeir sem hyggja á langskólanám og aðrir og er litrófið svo margslungið að fjölbreytnin er næg þó að bílgreinafólkið stormi í Borgarholt öðrum skólum fremur og verðandi kjötiðnaðarmenn í Kópavog.

# Grundvallarreglur þjóðar eða stjórnarskrá lýðveldisins

Stjórnmál

Karl V. Matthíasson
vímuvarnaprestur



Hvaða grundvallarreglur eiga að gilda um íslenskt samfélag, land þess, loft og mið? Á hvaða grunni eiga öll lög, reglur og samskipti þjóðarinnar að hvíla?

Á komandi vikum og mánuðum verður mikið um þetta fjallað því kosið verður til STJÓRN-lagaþings, sem á að skila tillögum um nýja STJÓRNAR-skrá er verður svo lögð í dóm þjóðarinnar eftir umfjöllun og afgreiðslu Alþingis.

Fyrir utan STJÓRNAR-ráðið er stytta af Kristjáni KONUNGI hinum níunda með útrétta hægri hönd sína og í henni er STJÓRNAR-skrá, sem sett var af honum einum árið 1874.

Þessa STJÓRNAR-skrá (með síðari breytingum) ætlum við nú að taka til gagngerrar endurskoðunar, vonandi með auknu tilliti til mannréttinda, atvinnufrelsis og lýðræðis.

Látum það verða okkar fyrsta verk í þessari vinnu að skipta um heiti á grundvallarreglunum, til þess að auka meðvitund okkar um hið helga markmið og tilgang breytinganna.

Það fyrirkomulag sem við ætlum að hafa fyrir grunn laga okkar ætti ekki að bera núverandi heiti heldur miklu frekar „Grundvallarreglur íslensku þjóðarinnar“ enda gefur það frekar til kynna að reglurnar eru sóttar til samkomulags meðal þegnanna. Athugum það að þetta orð STJÓRNAR-skrá er mjög gildishlaðið og ber það alls ekki í sér þá hugsun að valdið komi frá þjóðinni heldur miklu fremur frá gamla kónginum, ráðherrum, stjórnarráðum og öðrum valdhöfum.

Því viljum við breyta.



**VETRAROPNUNARTÍMI** hófst í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum 18. ágúst. Frá og með þeim tíma er opið frá klukkan 10 til 17. Tækin verða opin út þessa viku en fara svo í vetrarfrí.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447





# Einstakur endir á menningarnótt

*frábært flugeldaútsýni til Reykjavíkurhafnar og næg bílastæði*

Perlan býður ykkur velkomin á menningarnótt. Hefjið menningarröltið á belgískum vöfflum á 4. hæð Perlunnar eða njótið flugeldanna frá höfninni yfir 4ra rétta kvöldverði á veitingastaðnum á 5. hæð. **Hjá Perlunni eru næg bílastæði!**

## 4ra rétta tilboð

· **Lystauki** — Hvala carpaccio ·
· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·
· **Kryddlegin bleikja** með rússneskri pönnuköku ·
· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·
* EÐA *
· **Lambatvenna** með steinseljurótarmauki og basil-myntu gljáa ·
· **Kókoshnetu–tapioca** með steiktu mangói og lychée sorbet ·

**7.290 kr.**

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Auglýsingasími 512 54 01

FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...




Auður Inga Ingvarsdóttir segist vera mikið fyrir heilsusamlegan mat og finnst sérstaklega gaman að baka brauð og bollur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skutla kjötrétti í ofninn

**Listakonan Auður Inga Ingvarsdóttir er mikið fyrir heilsusamlegan mat. Hún gefur lesendum uppskrift að kjötrétti með gulrótum og lauk, hrísgrjónum, apríkósum og appelsínuberki sem vinsæll er á heimilinu.**

„Þetta er kjötréttur sem ég nota mikið þegar ég fæ börnin mín í mat,“ segir Auður Inga Ingvarsdóttir listakona. „Og hann er svo fljótlegur. Ég skutla þessu bara inn í ofn og hann er tilbúinn.“

Auður Inga lýsir gerð réttarins þannig: „Ég geri kjötrétt sem í er hægt að nota kjúkling, svínakjöt eða lambakjöt,“ segir Auður Inga og heldur áfram: „Ég steiki kjötið á pönnu og set í eldfast mót. Svo set ég lauk og gulrætur á pönnuna og bæti hrísgrjónum við. Þetta er látið hitna vel þar til hrísgrjónin eru orðin glær og þá set ég apríkósur, rúsínur, appelsínubörk og appelsínusafa.“

Sýning Auðar Ingu, Botníur og borðfætur, verður opnuð á skörinni í húsi Handverks og hönnunar í fógetahúsinu við Aðalstræti á morgun. „Botníur eru hlutir sem hafa enga fætur og sitja bara á botninum. Til að fá andstæður á móti fór ég að skoða fætur á antíkborðum. Ég gerði skálar og setti borðfætur undir.“ Listakonan sjálf verður við á milli fimm og sjö. Sýningin stendur til 14. september.

*martaf@frettabladid.is*

## FLJÓTLEGUR KJÖTRÉTTUR AUÐAR INGU

með jógúrtsósu og bollum **fyrir 4-6**

600 g beinlaust kjöt, kjúklingur, lamba- eða svínakjöt
2 msk. matarolía
3 gulrætur
1-2 laukar
4 dl hrísgrjón
75 g þurrkaðar apríkósur
50 g rúsínur
2 appelsínur, um 2 dl safi og börkur af einni appelsínu
2 grænmetisteningar
4 dl vatn

*Skerið kjötið í þunna strimla og brúnið á pönnu, kryddið með salti og pipar og setjið í eldfast mót. Skerið gulrætur og lauk í þunnar sneiðar og mýkið á pönnunni í nokkrar mínútur, bætið hrísgrjónunum út í og hitið þar til þau eru orðin glær. Setjið yfir kjötið í eldfasta mótinu.*



*Grófsaxið apríkósur og blandið þeim saman við ásamt rúsínum og rifnum appelsínuberki og hellið safanum yfir. Leysið súputeningana upp í vatni og hellið yfir. Setjið álpappír yfir og bakið í þrjátíu mínútur. Takið álpappírinn af og hrærið í. Látið standa í ofninum í tíu mínútur.*

**Jógúrtsósa**
2 dl jógúrt án ávaxta
1-2 hvítlauksrif
Salt og pipar
Steinselja

**Bollur**
6 dl heilhveiti
3 tsk. vínsteinslyftiduft
1 msk. olía
100 g rifnar gulrætur
75 g rifinn ostur
50 g valhnetur
1 egg
2 dl volgt vatn

*Setjið í skál og hnoðið. Mótið bollur og bakið í 15 til 20 mínútur.*




**KVIKMYNDIN SJÓNARHORN** eftir Herbert Sveinbjörnsson, sem tekin var upp á tónleikum menningarnætur árið 2008, verður sýnd í Litla-Garði við Haðarstíg á menningarnótt, á hátíð sem íbúar götunnar standa fyrir frá klukkan 16 til 19.




**Vorum að taka upp sendingu frá minymo® Frábær verð**
**Velkomin á laugaveg 25**



Laugavegur 25 • Sími 533-5500
Opið Mán-Fös frá 11.00 - 18.00 Lau frá 10.00 - 16.00
í grænni lautu





Þórgnýr Dýrfjörð fyrir utan nýja og glæsilega menningarhúsið Hof sem vígt verður á Akureyri um aðra helgi, en utan á húsinu hangir þetta fallega skilti með tilvitnun í Matthías Jochumsson: „Heil og blessuð Akureyri, Eyfirðinga höfuðból.“ MYND/HEIÐA

# Tíminn hinkrar í norðri

**Höfuðstaður hins bjarta norðurs verður sparigestur menningarnætur í ár, en það er í fyrsta sinn sem Akureyringar koma færandi hendi með menningu sína, gjafir og gleði handa afmælisbarninu Reykjavík.**

„Hún Akureyri stóðst ekki mátið þegar Reykjavík bauð henni að koma suður sem gestur menningarnætur, þrátt fyrir að vera í óðaönn að undirbúa sína eigin „menningarnótt“ að viku liðinni, sem er Akureyrarvakan. Þá verður ævintýri að koma norður og upplifa töfrandi ágúströkkrið umlykja fjörlegan bæinn,“ segir Þórgnýr Dýrfjörð, framkvæmdastjóri Akureyrarstofu, inntur eftir áformum Akureyringa á menningarnótt.

„Akureyringar verða á víð og dreif með brot af því besta sem þeir eiga. Við byrjum klukkan 13 í Íslandstjaldinu á leiðtogafundi bæjarstjóra og borgarstjóra, en bæjarstjórinn hefur með sér leyndardómsfulla gjöf, sem er í senn nytsamleg og falleg, og alveg sérstaklega norðlensk,“ segir Þórgnýr með leyndarljóma í augum.

„Liðlangan daginn munum við svo viðra bæjarlistamenn okkar. Björn Þorláksson rithöfundur les í Eymundsson Austurstræti kl. 15 og 16.30. Í betri stofu Iðnó má svo hlýða á akureyrska tóna klukkan 16 og 20; fyrst leik- og söngkonuna Jönu Maríu flytja lög Helenu Eyjólfsdóttur og um kvöldið Akureyrarsöngtríóið Les Triples sem flytur gullin lög sveipuð dýrðarljóma, borin fram með rjóma. Að lokum trylla borgarlýðinn leikarar Leikfélags Akureyrar með atriði úr Rocky Horror á stóra sviðinu við Arnarhól klukkan 22,“ segir Þórgnýr, sem er innfluttur Akureyringur frá Siglufirði og hlakkar mikið til borgarferðarinnar.

„Ég bjó á námsárunum í Reykjavík og fannst alveg frábært. Ég hef alltaf kunnað vel við borgina og ekki síst miðbæinn þar sem sitthvað kallast á við Akureyri; þessi kunnugleiki og hlýlegheit. Höfuðstaðirnir tveir eiga sameiginlegt að vera ótrúlega magnaðir miðað við smæð og báðir koma erlendum gestum verulega í opna skjöldu. Báðir hafa löngun til að geyma öll lífsins gæði og minna svolítið á félagsheimilið í Stuðmannamyndinni Með allt á hreinu; eru smáir utan frá séð en þegar inn kemur er hátt til lofts, vítt til veggja og rosa mikið um að vera. Í þannig félagsheimilum eru forréttindi að búa,“ segir Þórgnýr og bætir við:

„En á Akureyri er umfram allt meiri tími. Tíminn flýgur hraðar en nokkru sinni, en hér hinkrar hann aðeins eftir manni.“

*thordis@frettabladid.is*


**60–80%**
**AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM**
**FATNAÐI OG SKÓM**
**ST. 36-52**
**Næstsíðasti dagur útsölu!**
hjá Hrafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is



ÞAÐ ER ALVEG ÓÞARFI AÐ
LÁTA SÉR VERÐA KALT
Á HÖNDUNUM!



Í TILEFNI AF MENNINGARNÓTT
**20%-30% AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM HÖNSKUM
Í 3 DAGA
Frá fimmtudeginum 19.08
til laugardags 21.08
KRAFTAVERK
Fyrir listakonur og kalda kalla!
Tösku og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is



NÝTT ZUMBA fitness
NORDICASPA
Nýjasta fitubrennsluæðið í heiminum!
Dansaðu þig í fanta form



SKRÁÐU ÞIG STRAX!
Sími 444 5090

**ZUMBA-fitness:**
- Mikil fitubrennsla, eykur þol og líkamlegan styrk
- Lögun líkamans breytist ótrúlega hratt
- Eykur brennslu og meltingu
- Mikil áhersla á maga- og mjaðmasvæði
- LATIN-tónlist (salsa, samba, cha,cha, merengue ofl.)
- Auðveld dansspor og æfingar sem allir geta fylgt
- Fyrir allan aldur

Danskennari: Marta G. Ómarsdóttir
Tveir fastir tímar í viku kl.19.30 (mán./mið.) og (þri./fim.)
Aðgangur að tækjasal, öllum opnum tímum og heilsulindinni okkar
Verð kr. 19.900,-
NORDICASPA
www.nordicaspa



**SPLUNKUNÝTT FYRIR HELGINA: OG ÞEIR ERU ENN GLÆSILEGRI Í HENDI !!**



teg. LILA - push up í A,B,C,D,DD
á kr. 7.680,-



teg. LILA - push up fyrir þær
stærri í C,D,DD,E,FF,G,GG,H
skálum á kr. 7.680,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
Lokað á laugardögum í sumar
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

# Stígur fram í sviðsljósið

**Rúna Stefánsdóttir hefur lengi verið viðriðin söng og tekið þátt í fjölda söngsýninga. Hún var bakrödd hjá Selmu Björnsdóttur í Ísrael á sínum tíma en núna stígur hún fram sem aðalnúmerið.**

Söngkonan Rúna Stefánsdóttir heldur sólótónleika í Risinu að Tryggvagötu 20 í kvöld. Hún var aðalbakrödd í uppfærslunni á Rocky Horror árið 1995, hefur tekið þátt í fjölda Broadway-sýninga, þar á meðal sem forsöngvari í hinni fjölsóttu Abba-sýningu, og verið bakrödd í Eurovision. Að þessu sinni stígur hún fram sem aðalnúmerið. „Mig hefur lengi langað til að halda eigin tónleika en núna fyrst tel ég mig almennilega tilbúna til þess. Ætli megi ekki segja að ég sé svona „late bloomer", segir hún og bætir því við að hún vonist að minnsta kosti til þess að hún komi til með að blómstra.

Rúna mun syngja lög úr smiðju Randy Crawford, Stevie Wonder, Cheryl Crow, Prince og fleiri. „Ég gaf mér góðan tíma til að velja lögin og er afar ánægð með útkomuna," segir Rúna sem lofar grúví stemningu. Með henni leika Ingvar Alfreðsson á hljómborð, Pétur Valgarð á gítar, Ólafur Kristjánsson á bassa og Helgi Víkingsson á trommur. Rúna segir tónleikana einungis upphafið að því sem koma skal hjá henni og bandinu og að hún sé komin til að vera.

„Ég ætla að halda eins tónleika á Akureyri og í Vestmannaeyjum og svo hef ég hug á því að safna saman efni og gefa út plötu." Rúna söng inn á sína fyrstu sólóplötu árið 2004. Platan heitir Rúna og inniheldur lög eftir Einar Oddsson.

Undanfarin ár hefur Rúna sungið Abba- og diskóprógramm með söngtríóinu Primadonnur. Þá hefur hún tvisvar tekið þátt í undankeppni Eurovision og hún var bakrödd hjá Selmu Björnsdóttur þegar hún lenti í öðru sæti með All out of luck í Ísrael árið 1999. Rúna segir ekki koma til greina að hún taki þátt í undankeppninni á ný. „Ég hef verið að dunda við að semja og er aldrei að vita nema ég sendi inn lag."

*vera@frettabladid.is*



Rúna syngur lög úr smiðju Stevie Wonder, Cheryl Crow, Prince og fleiri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Virk efni í engifer ásamt reynslusögum viðskiptavina okkar hafa sýnt að engiferdrykkurinn aada hefur virkað vel á:




- Astma
- Deburð
- Magasýrur
- Meltinguna
- Bólgur
- Sogæðakerfið
- Gigt
- Orkuna
- Mígreni/höfuðverk
- Magavandamál
- Tíðarverki
- Flensu og hálsbólgu
- Ristilvandamál
- Sykurfíkn
- Eykur grunnbrennslu líkamans
- Ýmis húðvandamál
- Ýmis ofnæmi

Í engifer eru:
- Yfir 100 efnasambönd
- 12 andoxunarefni
- 17 efni sem þekkt eru fyrir sótthreinsandi eiginleika

Nú fæst aada í 300 ml og 2 lítra flöskum í völdum verslunum

www.mysecret.is Sími: 527-2777

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

AÐEINS ÞRJÚ VERÐ Í BÚÐINNI

50–70% AFSLÁTTUR

1.990 • 3.990 • 4.990

NÝ SENDING AF SKOKKUM BEINT Á ÚTSÖLUNA

MINDX

Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11–16
Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

FJÖRÐUR www.fjordur.is

INNTÖKUPRÓF

FYRIR 14 ÁRA OG ELDRI 23 - 25 ÁGÚST

Skráning í síma 534-9030 eða mail: bryndis@ballet.is




KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN

HVATNING - METNAÐUR - ÁRANGUR

Álfabakka 14a - Sími 587 9030 og Grensásvegi 14 - Sími 534 9030 - www.ballet.is

HELGIN Laugardaga



ALLT
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447



Bylgjan, Chevrolet og Hljóðx kynna flottustu tónleika ársins
MENNINGARVAKA
Á INGÓLFSTORGI Á MENNINGARNÓTT
LAUGARDAGINN 21. ÁGÚST KL. 20:00
Fram koma
PRÓFESSORINN &
MEMFISMAFÍAN
KK
HJALTALÍN
MANNAKORN &
ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR
HJÁLMAR
Góða skemmtun!
BYLGJAN 989
CHEVROLET
HLJÓÐX

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 20. ágúst 2010



## HÆTTUR AÐ RÍFA KJAFT

Útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson er kominn heim frá Danmörku.

+ HJARTAGARÐURINN Á MENNINGARNÓTT + TÍSKA NÆSTA ÁRS KORTLÖGÐ Á TÍSKUVIKUNNI Í KAUPMANNAHÖFN + KENNITÖLUUPPBOÐ Í GALLERY CRYMO





**MSI CX605-023N**
- 2.3GHz Intel Pentium T4500 örgjörvi
- 4GB DDR2 minni
- 320GB SATA diskur
- 15.6" LED breiðskjár
- Vefmyndavél og DVD/CD skrifari
- ATI HD5470 1GB DDR3 skjákort
- Windows 7 Home Premium

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Kr. 129.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ Úr nógu að velja

## NÍNA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR LJÓSMYNDARI

Ég ætla að halda flóamarkað með Elmu Lísu systur á menningardag á Lindargötu 6. Við verðum með fullt af flottum fötum. Svo ætla ég í afmæli og út að borða með vinkonum í tilefni þess að ég er að fara aftur heim til Lúxemburg. Það verður nóg að gera um helgina hjá mér og fullt af skemmtilegu fólki að hitta.



helgin MÍN


SANYL ÞAKRENNUR



• RYÐGA EKKI
• PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
• STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
• AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
• ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

vísir.is
"...ég sá það á vísi"


Slátur úr blóði listakonu er eitt af því sem í boði verður á listahátíðinni Festivall á menningarnótt:

# FESTIVALSTEMNING Í HJARTAGARÐINUM

Yfir þrjátíu listamenn – tónlistarmenn, myndlistarmenn, gjörningalistamenn og fleiri – taka þátt í Festisvalli í Hjartagarðinum á menningarnótt. Hjartagarðurinn er á bak við Hemma & Valda á Laugavegi 21 og hafa næmir vegfarendur fundið fyrir miklu lífi þar undanfarna viku, enda hafa listamennirnir unnið þar kvölds og morgna að undirbúningi Festisvallsins. „Við erum búin að vera að frá því á mánudaginn. Við fengum afnot af rými Hverfisgötumegin í garðinum, þar sem Gallerí Bosnía var um tíma. Við höfum verið að vinna í því og garðinum sjálfum," segir Árni Már Erlingsson myndlistarmaður og einn skipuleggjenda viðburðarins. „Svo eru fleiri listamenn sem hafa verið að vinna í sínum eigin rýmum sem eiga eftir að koma með verk sín hingað. Hugmyndin er að hafa mikinn festivalbrag á þessu öllu saman, og verkin verða öll með vísun í það. Þetta eru meðal annars veggmálverk, skúlptúrar, ljósmyndaverk, slideshow á tjaldi. Sjálfur er ég að gera diskóbíl sem hátíðargestir geta fengið að prófa."

Meðal annarra vægast sagt áhugaverðra verka má nefna gjörning listakonunnar Bryndísar Björnsdóttur. Mun þar koma við sögu slátur úr hennar eigin blóði og reynist orðrómurinn sannur mun hátíðargestum gefast tækifæri til að smakka á því.



**Hluti Festivallsfólksins** Meira en þrjátíu listamenn taka þátt í Festisvalli í Hjartagarðinum á menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sýningin verður formlega opnuð klukkan þrjú en frá klukkan 1 og fram að því verða tónleikar í garðinum þar sem fram koma hljómsveitirnar Bárujárn, Orphic Oxtra, DJ Flugvélar og Geimskip og Berndsen. Frá hádegi og til klukkan fimm verður líka eins árs afmælismarkaður PopUp á staðnum, þar sem hægt verður að gera góð kaup og versla milliliðalaust af hönnuðum. *- hhs*


MENNINGARNÓTT Í FLASH



Kápur ~~áður 24.990~~
Nú 14.990
St. 38-48

Kjólar og skokkar margar gerð
~~áður 16.990~~
Nú 12.990
St. 38-48

Gildir bæði föstudag og laugardag

Opið til kl 22 laugardagur



FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201


Pökkuð dagskrá í Gallery Crymo á menningarnótt:

# Kennitöluuppboð

Á menningarnótt verður uppboð á verkum allra þeirra 25 listamanna sem reka Gallery Crymo á Laugavegi 41. Féð sem safnast fer beint í kaup á kennitölu fyrir galleríið. „Það verður karnivalstemning hjá okkur allan daginn. Við skiptum verkunum í verðflokka, 5, 10 og 15 þúsund, sem verða upphafsboð. Í kringum uppboðið verða svo ýmiss konar viðburðir, til dæmis hljómsveitir að spila og fatamarkaður á staðnum," segir Una Baldvinsdóttir, ein listamannanna sem standa að Gallery Crymo.

Fram að þessu hefur galleríið ekki haft kennitölu, en með auknum umsvifum listamannanna og ferðum til útlanda, og aukinni skriffinnsku sem því fylgir, verður æ nauðsynlegra að hafa kennitölu utan um batteríið.

Þessu til viðbótar opna listamennirnir Sindri Már Sigfússon, Ingibjörg Birgisdóttir, Örvar Þóreyjarson og Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir myndlistarsýninguna „Innfæddir kynna: Handverkshatrið 2010" í galleríinu á menningarnótt.

Uppboðið hefst klukkan 15 og stendur fram eftir kvöldi. *- hhs*



**Í Gallery Crymo** Þorgerður Ólafsdóttir er ein listamannanna sem standa að baki Gallery Crymo, en þar sem verður nóg um að vera á menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

✻ augnablikið



**KROPPAMYNDIR** Litadýrðin var mikil á árlegri líkamsmálningarhátíð sem haldin var í Mersham á Englandi í vikunni. Veður var gott, þátttakendum til heilla, enda nánast á Evuklæðunum undir málningarhamnum.


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir
sigridurh@365.is sími 512 5432 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Nýjar vörur
Erum að taka upp nýjar og spennandi vörur. Kíktu við...
NÝTT haust 2010
Borðstofusett
Það er viðeigandi að borða klassískan morgunmat
Borð 59.900,- Stóll 16.900,-
Stóll
Má bjóða þér sæti?
15.900,- – 19.900,-
NÝTT haust 2010
Borðstofusett ... og þú bauðst uppá yndislega máltíð
NÝTT haust 2010
Borð 59.900,- Stóll 19.900,-
Kommóður
Hér er í mörg horn að líta
NÝTT haust 2010
49.900,-
79.900,-
3 fyrir 2
Kerti
Kveikjum á kertum og allt getur gerst
Ker
Krukkurnar hennar ömmu eru alltaf fullar af góðgæti ...
NÝTT haust 2010
verð frá 990,- – 1.490,-
NÝTT haust 2010
390,-
Skálar
Tínum ber í litrík ker
Borðstofusett
... síðan var setið til borðs
Borð 89.900,-
Stóll 19.900,-
Ódýra hornið
NÝTT haust 2010
Armbönd 490,-
Litrík armbönd mörg saman í setti
the PIER
kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# FÁ FYRIR HJARTAÐ EF MAÐUR SEGIR

**Fyrir nokkrum árum var nafn *Andra Freys Viðarssonar* á allra vörum þar sem alteregó hans í útvarpi, karakterinn Freysi, þótti með þeim ófyrirleitnari og dónalegri í bransanum. Andri Freyr er nú fluttur aftur til landsins eftir áralanga dvöl í Danmörku og sér um þáttinn Prinsinn á Rás 2, auk þess að hlaupa í önnur störf á stöðinni.**

*Viðtal:* Kjartan Guðmundsson
*Ljósmyndir:* Anton Brink



**Útvarpsmennskan** Þegar ég var að byrja var ég kannski að leita alls kyns leiða til að þurfa ekki að spila nýjasta lagið með Nickelback í fimmta skiptið þann daginn, og ef það tókst var ég bara tekinn á teppið," segir útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson.

Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV, hringdi í mig til Danmerkur og sagðist vera með flippaða hugmynd, spurði hvort ég væri ekki örugglega sitjandi og ég veit ekki hvað og hvað, og þá hélt ég auðvitað að þetta væri eitthvað grín. Hélt að Doddi litli hefði fengið Sigrúnu til að gera at í mér, eins og hefur svo sem gerst áður. En þetta var ekkert djók. Hún bauð mér að koma heim, sjá um þátt á Rás 2 og ferðast um landið með Ómari Ragnarssyni í sumar, og þá varð ekki aftur snúið. Samstarfið við Ómar hefur líka gengið vonum framar. Hann er svo mikill öðlingur maðurinn," segir útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson, sem í byrjun sumars flutti til Íslands á ný eftir tæplega þriggja ára búsetu í Kaupmannahöfn.

Í sumar hefur Andri Freyr séð um þáttinn Prinsinn, sem er á dagskrá Rásar 2 milli 12.45 og 16 á laugardögum, auk þess að bjóða upp á innslög í beinni með Ómari Ragnarssyni á föstudögum þar sem þeir félagarnir taka fólk víðs vegar að af landinu tali. Þá hefur Andri Freyr einnig hlaupið í skarðið í Popplandi og fleiri þáttum og segist afar sáttur við að vera kominn heim.

## DANSKAN ERFIÐ

„Ég var alls ekkert farinn að íhuga að flytja aftur til Íslands þegar Sigrún hringdi," segir Andri Freyr, sem vann meðal annars fyrir sér sem starfsmaður fyrirtækis sem sérhannar ljósabúnað fyrir leikhús og myndver í Kaupmannahöfn, auk þess að starfa sem plötusnúður og senda útvarpsþáttinn Litlu hafmeyjuna út beint frá Danmörku vikulega ásamt Dodda litla á Rás 2. „Síðasta eina og hálfa árið vann ég ekki mikið. Ég var kannski plötusnúður á börum tvö kvöld í viku, en tókst samt á einhvern ótrúlegan hátt að lifa eins og kóngur. Var alltaf étandi á Jensen's Bøfhus og hafði það helvíti fínt."

Andri Freyr segist hafa verið harðákveðinn í að breytast hreinlega í Dana og búa í Danmörku í fjöldamörg ár. „Ég er til dæmis eini Íslendingurinn sem ég veit um sem byrjaði í dönskunámi um leið og ég kom út. Í fjóra mánuði sat ég á skólabekk og reyndi að læra dönsku, en stóð svo uppi með ekki neitt. Ég reyndi og reyndi en hausinn á mér var algjörlega lokaður fyrir þessu tungumáli. Ég er ekki svona heimskur, bara haldinn svona gríðarlegri meinloku fyrir málinu," segir Andri Freyr og hlær. „Á endanum ákvað ég að sleppa því að reyna frekar, talaði bara ensku og hékk með öllum Íslendingunum."

## SÉRSTÖK REYÐFIRSKA

Útvarpsmaðurinn ólst upp á Reyðarfirði og hefði hvergi annars staðar viljað alast upp, að eigin sögn. „Það eru forréttindi að búa í svona litlu plássi sem barn og ég er enn þá í góðu sambandi við margt af því fólki sem ég kynntist þar sem unglingur," segir Andri Freyr og tekur heimatilbúið tungumál sem dæmi um hinn skemmtilega anda sem ríkti á Reyðarfirði í þá daga.

„Vinir mínir og kunningjar, menn á borð við Helga Seljan fréttamann og Baldur Beck íþróttafréttaritara, þróuðu í raun með sér sérstakt tungumál sem fáir skilja sem ekki ólust upp fyrir austan. Ef manni þótti eitthvað skemmtilegt þá sagði maður til dæmis: „Þetta er helvíti að leiðinlega" og ef einhver var fallegur þann daginn þá var það: „Þú ert helvíti að ljóta". Svo fóru menn að þræða ýmsu aftan við, eins og til að mynda „Þú ert helvíti að skemmtilega hæfff!" Og svo var farið að blanda tölum í þetta, „sjö, sjö, níu, sjö" og fleira í þeim dúr, en ég datt aldrei inn í það. Bara þeir þróuðustu í tungumálinu voru á fullu í sjöunum og níunum," segir Andri Freyr og skellir upp úr.

## VILDI SKERA PUTTANN

Hann fluttist á mölina fimmtán ára gamall og segir það hafa verið töluverð viðbrigði. „Þegar grunnskólanum lauk var ég lengi í ýmsum skítadjobbum, vann meðal annars lengi við að úrbeina kjúklinga í Garðabæ sem var alveg ferlegt. Það var svona vinna sem gerði það að verkum að ég var sífellt að þykjast fara á klósettið að skíta, en var svo ekkert að skíta heldur bara að spila Snake í símanum mínum. Starfið var svo leiðinlegt að í eitt skiptið ákvað ég að skera af mér puttann til að þurfa ekki að vinna næstu þrjá til fjóra mánuðina. Ég ætlaði bara rétt að sneiða framan af litla fingrinum, taldi í mig kjark og lét hendina vaða í sögina, en sögin náði ekki í gegnum hlífðarhanskana úr stáli sem ég var með á mér. Hins vegar fékk ég svo rosalegt högg að mér krossbrá, stóð þarna skjálfandi og hélt svo bara áfram að úrbeina í nokkur ár í viðbót," segir Andri Freyr.

## TEKINN Á TEPPIÐ

Ferillinn í útvarpsmennsku hófst þegar Andri Freyr tók að sér umsjón jaðarrokks- og indíþáttarins Karate á útvarpsstöðinni Radíó X í árslok 1998, en hann hefur alla tíð haft mikinn áhuga á tónlist og fann sig vel í því starfi. Það var þó ekki fyrr en Andri Freyr var fenginn til að leysa af í morgunþætti stöðvarinnar sem nafn hans komst á allra varir, en þó ekki raunverulegt nafn hans.

„Mér var svo annt um Karateþáttinn að ég vildi ekki að aðdáendur þáttarins föttuðu að gæinn sem væri að spila svala tónlist á kvöldin væri sá sami og spilaði Stone Temple Pilots og Creed á morgn-



# BÆBÆ

ana. Þess vegna ákvað ég að búa til nýjan karakter, hækkaði röddina, var með læti og kallaði mig Freysa til að þekkjast ekki. Freysi kom heldur aldrei fram á ljósmyndum nema í dulargervi, með Phil Collins-grímu framan í sér eða eitthvað slíkt,“ segir Andri Freyr.

Önnur ástæða fyrir tilurð alteregósins Freysa var sú að undir dulnefni gat Andri Freyr sagt hvað sem honum sýndist í beinni útsendingu, og jafnvel hluti sem áttu ekki við rök að styðjast.

„Freysi var mjög grófur og lét allt flakka, hringdi í hvern sem er í beinni og var alltaf með kjaftinn uppi. Mest urðu lætin þó í kringum dagskrárliðinn Slúður dagsins, þar sem hlustendur fengu tækifæri til að hringja inn og láta ljós sitt skína. Þá varð stundum allt vitlaust og ég var tekinn á teppið af yfirmönnum mínum fyrir dónaskapinn. En það fyndna var að svo liðu nokkrar vikur og þá heimtuðu yfirmennirnir eitthvað dúndur, einhvern skandal sem myndi vekja áhuga á stöðinni. Þá var ég skammaður aftur og svona gekk þetta koll af kolli,“ segir Andri Freyr.

### EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hann segir það vissulega hafa verið nokkur viðbrigði að hefja störf á Rás 2 eftir mörg ár hjá einkareknum útvarpsstöðvum á borð við X-ið, XFM og Reykjavík FM. „Þetta er á ýmsan hátt öðruvísi. Þegar ég var á litlu stöðvunum gat ég nánast alltaf gengið út frá því sem vísu að mamma væri sú eina sem væri að hlusta af fjölskyldumeðlimunum, því flestir hinna voru á Reyðarfirði. Núna er allt eins líklegt að afi og amma og í rauninni allir frá sjö ára og upp í sjötugt séu að hlusta. Auðvitað verð ég að bera virðingu fyrir því og halda mér aðeins á mottunni, passa mig á því að rífa ekki of mikinn kjaft, sletta ekki um of og þar fram eftir götunum. Sumir fá fyrir hjartað bara ef maður segir bæbæ,“ segir Andri Freyr.

Í þáttum sínum leitast hann við að leika tónlist fyrir alla, en reynir þó að víkja ekki langt frá því sem honum sjálfum þykir skemmtilegt. „Mér finnst að persónuleiki dagskrárgerðarmannsins verði að skína dálítið í gegnum músíkina. Stærstan hluta þess tíma sem ég hef unnið í útvarpi hef ég verið á stöðvum þar sem tónlistinni er troðið ofan í mann. Þegar ég var að byrja var ég kannski að leita alls kyns leiða til að þurfa ekki að spila nýjasta lagið með Nickelback í fimmta skiptið þann daginn, og ef það tókst var ég bara tekinn á teppið. Á Rás 2 spila ég bara tónlist sem mig langar að spila, og auðvitað líka Sálina, Nýdönsk, Todmobile og fleira sem fólkið vill heyra,“ segir Andri Freyr og glottir.

Aðspurður segist hann kunna vel við sig í hlutverki útvarpsmannsins og er ekkert á leiðinni í önnur störf á næstunni. „Þetta er það eina sem ég kann. Mér þykir útvarp skemmtilegur miðill, þótt hann sé illa nýttur að vissu leyti. Margir eru að gera góða hluti en það er allt of algengt að útvarpsmenn leiki bara lög af plötum í þrjá tíma og geri nánast ekkert annað. Það er gott og blessað að spila tónlist en það má alveg vera smá kjöt á beinunum. En líklega ætti ég ekkert að vera að rífa kjaft varðandi þessi mál,“ segir Andri Freyr að lokum.

## * bak við tjöldin

**Besta pitsan?**
Pepperoni Special á Eldsmiðjunni. Ég er svo óheppinn að búa þar við hliðina og borða varla annað.

**Besti áfengi drykkurinn?**
Screwdriver. Vodki í appelsínusafa.

**Svalasti Íslendingurinn?**
Ómar Ragnarsson. Hann kemur mér sífellt á óvart.



**Besta liðið?**
Valur Reyðarfirði. Svo þykist ég halda með Chelsea í ensku knattspyrnunni.

**Hvað ætlaðirðu að verða þegar þú yrðir stór?**
Dýralæknir. Svo fékk mamma þá frábæru hugmynd að leyfa mér að sjá þegar kötturinn okkar, Jósep, var geltur. Þá datt það upp fyrir.









Bóksala stúdenta opnar í Sólinni

**Bóksala stúdenta** hefur opnað glæsilega nýja verslun í Sólinni, Háskólanum í Reykjavík, Nauthólsvík.

Við óskum starfsfólki og nemendum Háskólans í Reykjavík til hamingju með glæsileg húsakynni og bjóðum þá velkomna í búðina.

Sem fyrr mun Bóksalan leitast við að útvega stúdentum kennslubækur og önnur námsgögn á sanngjörnu verði.

Við hlökkum til að sjá ykkur!

bóksala stúdenta

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is

www.boksala.is

# tíðin

*Straumar tískunnar

**LJÓÐABOLLI** Hver hefur tíma til að setjast niður við ljóðaskrif í amstri hversdagsins? Kannski helst þeir sem eiga ljóðabolla sænska hönnuðarins Katarinu Häll. Hann og aðra skemmtilega gripi má skoða á vefsíðunni www.designhousestockholm.com.





**STRIGASKÓR** „Þegar úrvalið er mikið þarf maður að geta greint vel hvað það er sem kemur til með að seljast. Hér er ég að panta inn sumarskó frá Adidas.“



**MARGT AÐ SJÁ** „Eins og sést á myndinni er margt að sjá og þessi höll er stútfull af alls konar merkjum frá hinum ýmsu stöðum í heiminum.



**SUMARFÍLINGUR** „Stuttbuxur og allt úr gallaefni á eftir að vera mjög vinsælt næsta sumar hjá herrum jafnt sem dömum – nú vonar maður bara að næsta sumar verði eins gott og í ár.“




**INNBLÁSTUR** „Vor- og sumarlína Bzr-merkisins er í anda Gainsbourg-fjölskyldunnar. Franskur tímalaus still upp á sitt besta.“

# TÍSKUVIKAN Í KAUPMANNAHÖFN

**Fólkið sem vinnur við að fylla búðir landsins af fatnaði vinnur alltaf hálft ár fram í tímann og um síðustu helgi var hin fræga tískuvika Kaupmannahafnar haldin þar sem fatalínur fyrir næsta vor og sumar voru til sýnis. Þangað hélt Gunnlaugur Bjarki, eða Bjarki eins og hann gjarnan er kallaður, en hann starfar sem rekstrar- og innkaupastjóri hjá NTC og hefur yfirumsjón með hvað keypt er inn af herrafatnaði í verslanir fyrirtækisins. Hann leyfir hér lesendum Föstudags að sjá hvað á vegi hans varð í tískuvikunni.**



**SKYRTUR OG AFTUR SKYRTUR** „Galla- og köflóttar skyrtur eiga eftir að vera allsráðandi næsta vor og sumar.“




**CPH VISION** „Sérstakt blað er gefið út í tilefni tískuvikunnar. Þar er hægt að finna allt sem er að gerast yfir vikuna ásamt öðru skemmtiefni.“



**FLOTT TÍSKUVIKA** Bjarki er sáttur við tískuvikuna í Köben en þangað fer hann alla jafna tvisvar á ári. í ár var reyndar mikil rigning sem setti strik í reikninginn en fullt af fallegum fatnaði í boði.





# Grand Spa

## heilsulind | líkamsræktarstöð

Grand Spa er ein fullkomnasta og glæsilegasta heilsulind landsins. Þar starfar einstaklega hæft fólk sem veitir þér faglega hjálp í að ná þínum markmiðum.



## Vilt þú:

- Léttast og koma þér í sundfataform?
- Komast upp á Esjuna á klukkutíma?
- Hlaupa 10 kílómetra?
- Komast í topp skíðaform?
- Hætta að reykja?



Við getum hjálpað hvert sem markmiðið er. Hafðu samband við okkur strax!

Hjá okkur færðu persónulega þjónustu fyrir þig eina(nn). Það er alltaf þjálfari í salnum okkar til að aðstoða þig.

Frítt herðanudd í pottum eftir allar æfingar.

## Þinn lykill:

Þegar þú byrjar að æfa hjá okkur færðu afhentan Technogym lykil sem fylgir þér í gegnum æfingarnar og hefur að geyma þínar stillingar fyrir hvert og eitt tæki og safnar upplýsingum um árangur þinn og elju.

Viltu æfa í alvöru? Viltu sjá alvöru árangur? Þú gerir ekkert ein(n). Þú gerir það sem við segjum þér að gera og nærð 100% árangri!

GrandSpa

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Fríða Rós Valdimarsdóttir mannfræðingur**



**1** Vakna snemma við vekjaraklukkuna Ronju dóttur mína og skemmta mér með fjölskyldunni yfir geggjuðum morgunmat á húsþaki í glampandi sól.



**2** Fara inn á heimabanka Sameinuðu þjóðanna og millifæra nokkrar milljónir inn á reikning allra félagasamtaka í heiminum sem berjast á móti mansali.



**3** Fara til mömmu og pabba og slappa af í garðinum þeirra yfir góðu spjalli á meðan Ronja væri í rannsóknarleiðöngrum og sandkassadundi.

**4** Fara út að borða með Arnari mínum á Terre à Terre í Brighton.



**5** Kvöldinu og nóttinni mundi ég eyða dansandi á rokkabilly-festivali með öllum kæru dillibossavinkonum mínum og vinum.


# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

LOKAHELGI!
VETRAROPNUN HAFIN – OPIÐ LAUGARDAGA FRÁ 11-3
SÍÐASTA SPARIDAGAHELGIN!
SPARI DAGAR 2·0·1·0
Sparidagar Ormsson í 10 ár
GÆÐI OG GOTT VERÐ FARA ALLTAF SAMAN HJÁ ORMSSON
Umboðsmenn um land allt!
LÁGMÚLA 8 · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800 · WWW.ORMSSON.IS

## BÍLAR & FARATÆKI

**Bílabúð Benna ehf.**
**Bíldshöfða 10,**
**Sími: 587 1000**
**www.benni.is**

Toyota Kletthálsi



TOYOTA AVENSIS S/D SOL. Árgerð 2007, ekinn 126 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.890.000.TILBOÐ 2.300.000.Góð Þjónustubók Rnr.140088 Opið frá kl 9-18 Þarftu að selja ? Skráðu bílinn hjá Toyota.Seljum allar tegundir bíla



CITROEN C5. Árgerð 2007, ekinn 121 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.350.000.TILBOÐ 1.890.000 Rnr.995679 Opið frá kl 9-18 Þarftu að selja ? Skráðu bílinn hjá Toyota.Seljum allar tegundir bíla



TOYOTA COROLLA 1,4 VVTI. Árgerð 2006, ekinn 74 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.600.000. Rnr.110352 Opið frá kl 9-18 Þarftu að selja ? Skráðu bílinn hjá Toyota.Seljum allar tegundir bíla



TOYOTA RAV4 VX. Árgerð 2006, ekinn 99 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.870.000.TILBOÐ 2490.000 Rnr.995504 Opið frá kl 9-18 Þarftu að selja ? Skráðu bílinn hjá Toyota.Seljum allar tegundir bíla



SKODA ROOMSTER. Árgerð 2007, ekinn 20 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 2.190.000. TILBOÐ 1850.000 Rnr.995394 Opið frá kl 9-18 Þarftu að selja ? Skráðu bílinn hjá Toyota.Seljum allar tegundir bíla



TOYOTA AVENSIS Árgerð 2001, ekinn 156 þ.km,, 5 gírar.Nýyfirfarinn Verð 1.140.000.TILBOÐ 890.000.Rnr.995676 Opið frá kl 9-18 Þarftu að selja ? Skráðu bílinn hjá Toyota Kletthálsi.Seljum allar tegundir bíla

**Toyota Kletthálsi**
**Sími: 570 5220**
**www.toyotakopavogi.is**

DIESEL.IS SKRÁÐU BÍLINN FRÍTT!



M.BENZ C180 8/2000 ekinn 148 þ.km Sjálfskiptur, Tilboðsverð 790.000.-

**Diesel.is**
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**

SUZUKI



Eigum flestar stærðir af Suzuki utanborðsmótorum á lager til afgreiðslu strax. Traustir, sparneytnir og hljóðlátir mótorar á góðu verði.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

STÓRA BÍLASALAN



**Suzuki Alto NÝR BÍLL!**
Árgerð 2010, bsk, álfelgur, verð aðeins 1.990.000kr. Raðnúmer 150830. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

Motorsport



Burðargrind fyrir mótorhjól úr alumi-um. Fest aftan á. Allar festingar fylgja. Rampur til að keyra hjólinu upp á grind. Verð nú kr. 36.000kr.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**

SUZUKI



Eigum nokkur hjól eftir á ótrúlega góðu verði, Intruder frá 1.790.000,- og RM-Z250 frá 950.000,-. Fullt af 2010 hjólum í salnum.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

STÓRA BÍLASALAN



**M.Benz Sprinter 413 CD**
Árgerð 07/2001, ekinn 140þ.km, með lyftu, skoða ýmis skipti. Verð 2.590.000kr. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bifreiðasalan



NISSAN TERRANO 6-2000 DISEL SJÁLFSKIPTUR EK 95Þ V-1190 RAÐNÚMER.192742

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

HÖFÐAHÖLLIN
NORÐURHELLA 8 - 221 HAFNARFJÖRÐUR
fluttir í fjörðinn!



CHEVROLET CAPTIVA Árgerð 2006. Ekinn 51 þ.km Verð kr. 3.590.000

**Höfðahöllin**
**Norðurhella 8, 221 Hafnafjörður**
**Sími: 567 4840**
**Vantar bíla á skrá og á staðinn.**
**www.hofdahollin.is**

bifreiðasalan

VANTAR BÍLA MEÐ MIKLUM STGR AFSLÆTTI. VANTAR EINNIG BÍLA Á STAÐINN OG Á SKRÁ. MIKIÐ ÚRVAL AF GÓÐUM BÍLUM Á MJÖG GÓÐUM VERÐUM EINNIG ER MEÐ MIKIÐ AF BÍLUM SEM ERU TIL Í ALLSKONAR SKIPTI D/Ó TVO Í EINN OG FLEIRA OG FLEIRA

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

100 bílar.is bílasala



Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á planið hjá okkur, Skráið bílinn frítt hjá okkur, Sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Peugeot 307 árg. ,02 V.790þús. & Nissan Almera árg. ,01 V.690þús. Staðgr.V. er 550þús. Uppl. í s. 840 0613.




Bílaútsölur framleiðenda í USA. Nú færðu nýjan eða nýlegan bíl á lækkuðu verði. Fáðu verðtilboð á netinu eða símleiðis. Eigum einnig heimkomna sýningarbíla með allt að 3ja milljón króna afslætti. Útvegum á betri verðum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá Toyota, Ford, Dodge og öðrum helstu framleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000



TOYOTA YARIS SOL. Árg11/2005, ek 56 þ.km, 1300cc. Sjálfskiptur, 1290þ s:8922150

## 250-499 þús.



RENAULT MEGAN SENIC ÁRG. 2001.1,6 16V SJÁLFSK, RAFMAGN ,DRÁTTARB,VERÐ 400Þ. S: 770 2175.

## 500-999 þús.



til sölu Pontiac Sunfire 2001 2,2 vél. beinsk.ek.34þ.km.Toppbíll .s.6596039

## 1-2 milljónir



VW Polo árg. 2007. Ekinn aðeins 31.000 Verð 1.490.000. S. 897 7046.

## 2 milljónir +



Ssangyong Rexton RX-320 árg.'03 ek. 74.000 mikið breyttur með öllum búnaði, 37"dekk, verð 2.2mill S. 662 0510.

## Bílar óskast

Vill kaupa bíl á ca. 30-150 þús. Má þarfnast viðgerðar. S. 896 6744.

Óska eftir bíl á verðbilinu 80-100 þús. stgr. S. 615 3995.

## Jeppar



Ford econoline 44" mikið breyttur 14 manna bíll Tilvalinn i túrista akstur, hópferðaleyfi og guide kerfi. s: 840 4151.

86fm 3herb íbúð fæst til leigu í breiðholti, húsgögn fylgja (nema sófi) . 120.000 á mán innifalið í verði er húsfélag og orkuveita. Sér inngangur. áhugasamir hafi samband í erlasolrun@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



Yamaha WR450 árg. 2005. Mikið endurnýjað. Verð 420 þús. Bragi 840-7031.

Bílabúð Benna Notaðir bílar

**Bílabúð Benna í 35 ár**



**VOLVO XC 90 EXECUTIVE 4,4 7MANNA, 01/2008, ek. 55 þús. 5 dyra, ssk. dráttarbeisli, nálægðarskynjarar, leður, topplúga og fl og fl. Ný Toyo dekk. Glæsilegur bíll Verð 7.990 þús.**



**NISSAN NAVARA SE DIESEL 06/2009, ek. 11 þús. 4 dyra, ssk. álf. cd, kastarar og fl. Ath. skipti á ódýrari. Verð 4.890 þús. Tilboð 4.390 þús. stgr.**



**TOYOTA COROLLA 1,6 VVT-I WAGON, 09/2003, ek. 127 þús. 5 dyra, ssk. álf. fjarstýrðar samlæsingar, cd og fl. Verð 1.290 þús.**



**DODGE STRATUS 2,4 SXT, 02/2004, ek. 64 þús. km. 2 dyra, ssk. álf. cd, cruise og fl. Verð 1.390 þús.**



**MAZDA 6 2,0T S/D 07/2007, ek. 48 þús. 4 dyra, ssk. álf. cd, filmur, þjónustubók og fl. Verð 2,590 þús.**



**SUZUKI GRAND VITARA 2,0, 06/2005, ek. 141 þús. 5 dyra, ssk. álf. fjarstýrðar samlæsingar cd, og fl. Verð 1.790 þús. Tilboð 1.390 þús. stgr.**



**TOYOTA COROLLA 1,6 S/D SOL, 06/2005, ek. 79 þús. 4 dyra, ssk. álf. fjarstýrðar samlæsingar, cd. Þjónustubók. Verð 1.750 þús. Tilboð 1.590 þús. stgr.**



**TOYOTA AURIS 1,6 SOL 02/2008, ek. 20 þús. 5 dyra, ssk. álf. cd, abs, fjarstýrðar samlæsingar og fl. Verð 2.890 þús. Tilboð 2.350 þús. stgr.**

**Bílabúð Benna - notaðir bílar**
**Bíldshöfða 10 S: 587- 1000**
**notadirbilar@benni.is - www.benni.is**

## Fellihýsi



Til sölu fellihýsi Fleetwood E3, með sólarsellu, búið að breyta rafmagni í 220 volt, 2 rafgeymar og 2 gaskútar fylgja verð kr. 2.990.000,- nánari upplýsingar í síma :566-8239, 892-8239 og 898-1774.

Fleetwood E1 fellihýsi 2008 Sólarsella,markísa,heitt vatn, útvarp/cd verð 2590.000 tilboð 2190.000 uppl. í sima 8201418.

Til sölu 9 feta Viking fellihýsi árg. ,98 m. fortjaldi og gashitara. Mjög vel með farinn. V. 550 þús. S. 892 1993.

Coleman Redwood 01' 9ft, sólarsella fortjald, wc, og fl. 800þús. s:615 0496.

## Vinnuvélar




Á lager gæða gúmmíbelti frá Linser (heilspunnin). Einnig stálbelti, rúllur og hjól. IMPEX.is S 5345300




Hinar þekktu Tsurumi dælur í úrvali á lager. Skolpdælur Iðnaðardælur Verktakadælur IMPEX.is S. 534 5300.






MAN 4-öxla, árg. 2006 tilboð 6,9+vsk. Einnig Komatsu PW 150 hjólavél, Komatsu pc 50 og WA 70 hjólaskófla, einnig VOLVO lítill gámabíll með fleti og gám o.fl. S: 661 2288.

## Bátar




Óska eftir utanborðsmótor 150 hestafla eða 2 75 hestafla. Óska einnig eftir bátakerru fyrir 6 metra langann bát. S. 865 6832 & 692 4449.

Óska eftir góðum hraðbát á bilinu 800 þús-3 millj. Uppl. S. 662 6818

## Bílaþjónusta




## Aukahlutir í bíla

Óska eftir krókheysi af sendiferðabíl. Uppl. í S. 861 4169.

## Hjólbarðar

4 stk. 235/65 17" á 40þ. 4 stk. 185/65 14" á Imprezu felgum á 25þ. 4 stk. 175/70 13" á Golf álfelgum á 20 þ. 2 stk. 195/65 15" á álf. á 10 þ. 2 stk. 195/65 16" á 10 þ.4.stk ný dekk 5.30 12" á 5gata felgum á 25þ. 4 stk. 225/75 16" á 25 þ. Uppl. í s. 896 8568.

## Varahlutir

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Erum að byrja að rífa Pajero árg. ,99 2.5 diesel, Skoda Octaviu árg. ,99 & ,07 diesel, VW Bora árg. ,00 & ,04, Terrano árg. ,98, Kia Carnival árg. ,00, Corolla árg'. 99 og Polo árg. ,07. Partahúsið S. 555 6666.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Kangoo & Skoda Oktavia ,02. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Óska eftir trampólíni. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir í Vitara árg ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

Partatorg.is Erum að rífa ýmsar gerðir af nýlegum bílum. partatorg@partatorg.is 565-6020




## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.**
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11

Þarftu að láta gera við tjaldvagninn, fellihýsið,hjólhýsið eða húsbílinn eftir sumarið? Við getum hugsanlega hjálpað. Hagverk bifreiðasmiðja Bæjarflöt 2 S: 587 4760.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Nudd

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD - Tilboð - NUDD**

**Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Leirkrúsin Spennandi námskeið á haustönn Uppl. www.leir.is S: 661 2179/555 1809

## Tilkynningar

**Umsóknarfrestur um nám við Tónlistarskólinn í Reykjavík rennur út mánudaginn 23. ágúst.**
Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans **tono.is**
og á skrifstofu skólans í síma 553 0625

## Atvinna

**Stýrimann vantar á 100 tonna línubát sem gerir út frá Hafnarfirði.**
Uppl. í s. 848 9071 & 893 5590 milli kl. 8–17.

## Styrkir

**Stjórn VINA Vatnajökuls auglýsir eftir umsóknum um styrki**

Auglýst er eftir styrkumsóknum samkvæmt nánari upplýsingum sem finna má á vefsíðu samtakanna:
www.vinirvatnajökuls.is /
www.friendsofvatnajokull.is
VINIR Vatnajökuls styrkja rannsóknir, kynningar- og fræðslustarf sem stuðlar að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Umsóknum skal skila á vefsíðu VINANNA: **www.vinirvatnajökuls.is**
Umsóknarfrestur rennur út **miðvikudaginn 29. september 2010**

## Óskast keypt


DOMTI®

**Lágvöruverslunin Domti Nordica sem mun opna á Íslandi óskar eftir til kaups;**

- Búðarkössum
- Hillurekkum fyrir lager
- Peningaskápum (með innskoti)
- Gólf- og teppahreinsivélum

og öðru tengdu stórverslanarekstri.

Vinsamlegast sendið póst á **box@frett.is** merkt „Domti"



**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


## Kennsla



Harmonikukennsla hafin fyrir byrjendur og lengra komna. Innritun í s. 690 7424 eftir hádegi.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Zanussi DA6241 uppþvottavél 8 ára til sölu, verð kr. 25.000.- Sími 863 0595.

## Dýrahald



Saluki hvolpar til sölu, ættbók frá HRFÍ, tilbúnir til afhendingar uppl í s: 697 4117.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn



**TILBOÐ - TILBOÐ**
Í stjóstöng og grill, aðeins 4.990,- á mann Svo bjóðum við uppá miðnætursiglingu á Menningarnótt fyrir aðeins 2.000 kr á mann.Sjáið hina glæsilegu flugeldasýningu frá sjónum af. Uppl. í s: 865 6200 eða andrea.seatours@hotmail.com

**Veiðileyfi**
Í vatnasvæði Lísu Snæfellsnesi, lax og silungur. Selt á agn.is og í 893 4515.

**Þverá í Borgarfirði**
Sjóbirtingsveiði frá 11. sept. til 10. okt. í neðri hluta Þverár. Veitt er eingöngu á flugu og eru kaststangir bannaðar. Einnig er skylt að sleppa öllum laxi aftur í ánna. 3 stangir í boði á dag. Nánari uppl. í s. 848 2304.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Akureyri**
Orlofsíbúð til leigu í miðbæ Akureyrar. S. 891 8363.

Til leigu falleg 3herb. íbúð í Breiðholti. 85fm. Leigð amk. í eitt ár. verð 110.000. Uppl. s. 867 4910.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**



Til leigu, laust strax. 200m² góð skrifstofuhæð í Síðumúla,



400m² vönduð versl/þjonustuhæð í Hlíðarsmára K.



300 til 700m² lager/geymsluhúsnæði og 300m² vönduð skrifst.hæð við Krókháls.

**Nafir ehf. og Summit ehf.**
Uppl. í s. 899 8077 og 824 0220

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Til leigu er vel skipulögð 62 m2 björt og rúmgóð íbúð í rólegu lyftuhúsi í 104 Reykjavík. Íbúðin er parketlögð, flísalagt baðherbergi og suðursvalir. Sameiginleg þvottaaðstaða er í kjallara. Leigan er kr. 100 þús. á mánuði og er hiti, rafmagn og hússjóður innifalið. Tryggingar: Bankaábyrgð, tryggingarvíxill eða fyrirframgreiðsla. Áhugasamir hafi samband við gunnst.g@gmail.com

Reykl. og ábyrgur meðleigjandi óskast í 3ja herb íbúð í 170. Leiga 45.000. Nánari upp. í 691-4207

Herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl. í síma 773 3182.

3ja herb íb. hlíðar 105 á jarðhæð til leigu í september. 150 þús með öllu. 6975565

Mjög góð 4-5 herb, 117m2 íbúð á 2.h í fjölb. við Laugardalinn. Uppl. í s. 892 4224.

## Húsnæði óskast

Óska eftir að taka á leigu 4-5 herb íbúð á Völlunum í Hfj helst í skiptum við 3 herb íbúð á Völlunum. Uppl í s: 6900771 og 8601305

Einstæð móðir frá Lettlandi með eitt barn óskar eftir tveggja til þriggja herbergja íbúð í Reykjavík til langtímaleigu. Uppl. í s. 869 4883 (Senda SMS) eða renateb@simnet.is

Námsmey utan af landi óskar eftir íbúð í Rvk. Greiðslugeta 60-70þús. 8482016.

Fjölsk óskar eftir einbýli/raðhúsi til leigu í Fossvogi. Allt leigutímabilið greiðist fyrirfram S 860-0430

Ungt par óskar eftir íbúð miðsvæðis eða Breiðholti. Greiðslugeta 70-100þús. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. s. 847 7722.

Óska eftir 3 herb. íbúð, helst í Galtalind eða Núpalind. Góð fyrirframgreiðsla. Trygging ef óskað er. Algjör reglusemi. S. 897 2877.

## Sumarbústaðir

Nýlegur ca. 60m2 sumarbústaður á 14 ha sérlega fallegu eignarlandi til sölu. Klukkutíma akstur frá Reykjavík, uppl. í síma 695 1873.

**Sumarhús í Borgarbyggð**
Til leigu í Skorradal. 4-6manna sumarhús m/ heitum potti og veiði. V. 30þ. vikan. Eignaland@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði óskast, 50-80 fm. Uppl. í s. 867 7753.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Skemmtanir


**Cafe Catalina**
**Í kvöld spilar hljómsveitin AMIGOS**
*Kíkjið á www.catalina.is*

**Allir velkomnir**
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**
**FRÍTT inn fyrir konur..... og karla!**



Boltinn í beinni!

**Hádegismatur alla virka daga**

Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166


# ATVINNA

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí í Mosfellsbæ Óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu.**
**Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 660 2155 og 566 6145 eða á staðnum.**

ísbúð VESTURBÆJAR

Ísbúð Vesturbæjar Hagamel 67 óskar eftir duglegu fólki til starfa. Dag, kvöld og helgarvaktir í boði. Uppl í s: 899 5504 eða 896 4394.

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óskar eftir líflegu starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum.**

**Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi.**
**Endilega hafið samband í síma 822 8840 eða www.nings.is**

Hressingarskálinn og Bjarni Fel Sportbar óska eftir fólki í hlutastarf/fullt starf. Umsóknir á staðnum, Austurstræti 20. Einnig er hægt að senda umsókn á hresso@hresso.is

Stýrimann vantar á 100 tonna línubát sem gerir út frá Hafnarfirði. Uppl. í s. 848 9071 & 893 5590 milli kl. 8-17

**Cafe Óliver**
Óskar eftir að ráða yfirmann í eldhús. Umsóknir í síma 821 8500, Arnar eða arnar@cafeoliver.is (Góð íslenska skilyrði).

Óskum eftir að ráða au-pair til Lúxemborgar til gæslu 2ja barna à aldrinum 1 árs og 3ja ára. Viðkomandi þarf að vera 20 ára eða eldri og hafa bílprof, vera reglusöm og hafa gaman af börnum. Frönsku -eða Þýskukunnátta væri kostur.

Vanan málara vantar sem fyrst. S. 771 5775.

Vanan háseta vantar á línubát. S. 866 5481.

## Atvinna óskast

Handlaginn maður óskar eftir framtíðarstarfi á höfuðborgarsvæðinu, t.d. við húsvörslu, umsjón eigna eða lagerstörf. Vanur að vinna sjálfstætt. Upplýsingar í síma 6611852

## Viðskiptatækifæri

Atvinna/viðskipti: Einstaklega áhugavert viðskiptatækifæri tengt ferðaþjónustu, skemmti- og ævintýraferðir. Vanti þig verkefni þá er þetta etv. fyrir þig uppl. 772 0075.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Katla 5mán, hvarf 21.07 frá Dalalandi 11. s:6993316 Lilja/ s:5682710 Ingþór

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

# Skila verkferlar gegn kynferðisofbeldi árangri?

Kirkjan

Inga Sigrún Atladóttir
sóknarnefndarmaður í Kálfatjarnarkirkju



Á síðustu árum hafa skotið upp kollinum gömul mál þar sem ásakanir á hendur fyrrverandi biskupi Íslands um kynferðisofbeldi koma við sögu.

Þegar ásakanirnar á hendur biskupi komu fram var ég í guðfræðinámi, sótti safnaðarstarf í Langholtskirkju og sinnti barnastarfi í afleysingum. Ég átti barn hjá dagmömmu í hverfinu. Við urðum góðir kunningjar og einn daginn trúði hún mér fyrir því að biskup Íslands, sem hefði m.a. gift þau hjónin hefði leitað á hana kynferðislega með nokkuð alvarlegum hætti. Hún sagði mér að þetta hefði legið á henni lengi og nú þegar hún ætti að ferma drenginn sinn í kirkjunni þar sem hann væri biskup liði henni enn þá verr með þetta mál. Nokkru síðar sagði hún mér að hún hefði ákveðið að reyna að gera eitthvað í málinu, stuttu seinna varð málið að blaðamáli.

Þessi kona kom ekki fram í fjölmiðlum. Hún var ekki að leita að athygli heldur frekar að viðurkenningu á því að á henni hefði verið brotið. Konan leitaði til sóknarprests og varð þannig hluti af öðru deilumáli á þessum tíma, eftir það voru orð hennar enn frekar dregin í efa. Ég vildi eins og líklega aðrir innan kirkjunnar halda mér til hlés og ræddi þetta ekki mikið við hana. Í háskólanum og í kirkjunni hlustaði ég á umræður um málið. Ég heyrði mæta menn segja hluti eins og „þær mega nú bara vera upp með sér að biskupinn sýni þeim áhuga“ og „ég hef sjálfur borðað með biskupinum og talað við konuna hans og þau eru bæði yndislegt fólk, þess vegna getur þetta ekki verið satt“. Fyrst hélt ég að kirkja myndi standa með konunum. Eftir að hafa hlustað á samræður í nokkurn tíma grunaði mig að hún gæti ekki tekist á við málið. Eftir því sem ég hlustaði meira varð ég sannfærðari um að lítið yrði gert.

Undir það síðasta þegar konan var orðin mjög þreytt á fjölmiðlaumfjöllun og grófu umtali stoppaði hún mig úti á götu. Hún sagði mér frá baráttu sinni og því álagi sem því hefði fylgt. Að síðustu sagðist hún vera í góðu sambandi við presta og taldi víst að kirkjan ætlaði að standa með henni og finna leið út úr málinu. „Vertu bara ekki of viss um það,“ sagði ég að lokum. Það var einkennileg stund þegar við kvöddumst. Kannski vissum við þá báðar að lítið yrði gert, það er erfitt að eiga við kunningjasamfélagið.

Ég er ekki viss um að kirkjan geti bætt upp þann trúverðugleika sem hún hefur misst á síðustu árum. Til kirkjunnar leita margir í neyð og allur hálfsannleikur rýrir það traust sem nauðsynlegt er við slíkar aðstæður. Opin umræða, öflug barátta, afdráttarlausar yfirlýsingar og skýrar verklagsreglur verða að vera í forgangi. Ef kirkjan notar ekki alla sína krafta til að leita sannleikans í hverju máli er málið tapað. Þó ég sé guðfræðingur hef ég ekki starfað sem slík og ekki hef ég heldur kynnt mér verkferla innan kirkjunnar, en þegar málin horfa svona fyrir áhugasömum leikmanni, þá hlýtur eitthvað að vera að.

# Nokkur orð um skiptingu auðlinda þjóðarinnar

Sjávarútvegur

Hanna Lára Steinsson
félagsráðgjafi



Núna eru nokkur uppsjávarvinnsluskip að búa til mikil verðmæti úr makríl sem leitað hefur inn í íslenska landhelgi. Þetta er fisktegund sem íslenskir útgerðarmenn hafa engan nytjarétt á, því það eru sjómenn í nágrannaríkjum okkar sem hafa nýtt þennan stofn fram að þessu. Íslensk stjórnvöld ákváðu að gefa einhliða út 130.000 tonna kvóta til þessara veiða og bundu veiðarnar að þessu sinni við að makríllinn yrði unninn til manneldis sem er mikil framför frá seinustu tveimur árum þar sem honum var mokað upp í bræðslu til þess að skapa viðkomandi útgerðum veiðireynslu. Þetta er mikil búbót fyrir þær útvöldu útgerðir og sjómenn sem njóta þeirra forréttinda að fá að nýta þennan kvóta. Hásetahluturinn á bestu skipunum er líklega 100 til 200 þúsund á dag og skipstjórarnir eru líklega að taka inn eina milljón á dag. Þó sjómenn séu allra góðra gjalda verðir þá eru þessi laun úr öllu samhengi við laun flestra annarra í þessu landi.

Hvers vegna var þessi kvóti ekki seldur til útgerðanna og þannig fengið endurgjald sem runnið hefði í sameiginlega sjóði þjóðarinnar í stað þess að láta fáa útvalda útgerðarmenn og sjómenn sitja eina að þessum nýfengnu verðmætum?

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskilur sér rétt til leiðréttinga og til að stytta efni.



Íslenskt atvinnulíf árið 2015
óskar eftir...
... verk- og tæknifræðingum til starfa. Í boði eru spennandi störf í alþjóðlegu umhverfi.
Mikil erlend samskipti. Mjög góð laun. Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík bjóða nám sem veitir ungu fólki aðgang að þessum störfum.
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST BIFRÖST UNIVERSITY
HÁSKÓLI ÍSLANDS
SI
VINNUMÁLASTOFNUN
VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

**BENJAMIN HARRISON BANDARÍKJAFORSETI FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1833**

*„Við Ameríkanar höfum ekkert umboð frá Guði til að ráðskast með heiminn.“*

***Benjamin Harrison var 23. forseti Bandaríkjanna. Hann sat í embætti frá árinu 1889 til ársins 1893. Hann er eini forseti Bandaríkjanna sem ættaður er frá Indiana.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 20. ÁGÚST 1975**

## *Íslensk kona klífur Mont Blanc*

Ólafía Aðalsteinsdóttir klífur hæsta fjall Alpanna í Vestur-Evrópu, Mont Blanc þennan dag, fyrst íslenskra kvenna. Fjallið rís rúmlega 4.810 metra yfir sjávarmál og var fyrst klifið árið 1786 af Jacques Balmat og dr. Michel Paccard. Fyrsta konan til að klífa fjallið hét Marie Paradis en hún stóð á toppnum árið 1808. Mont Blanc þýðir hvíta fjallið og er það stundum kallað Dame Blanche eða hvíta lafðin. Það liggur á landamærum Frakklands og Ítalíu og liggja í gegnum það jarðgöng og hraðbraut. Mont Blanc er vinsæl áskorun fjallaferðamanna en árlega klífa fjallið um 20.000 manns. Klifurleiðin er talin frekar auðveld vel þjálfuðu fjallaklifurfólki þó löng sé. Þó lendir árlega fjöldi fólks í vandræðum á algengustu gönguleiðunum upp fjallið en á köflum er hækkunin mikil og nauðsynlegt að vera undir það búinn.



**ÓLAFÍA AÐALSTEINSDÓTTIR Á MONT BLANC 1975**

**MERKISATBURÐIR:**

1612 Átta konur og tveir karlmenn hengd fyrir galdur í í bænum Lancaster.

1888 Þingvallafundur haldinn um stjórnarskrármálið.

1898 Hótel Valhöll á Þingvöllum vígt.

1914 Þjóðverjar ná Brussel á sitt vald í fyrri heimsstyrjöldinni.

1933 Fyrsti bíllinn sem ekur yfir Sprengisand kemur að Mýri í Bárðardal.

1944 Reykjavíkurborg tekur við rekstri Strætisvagna Reykjavíkur hf.

1960 Senegal klýfur sig úr Malísambandinu.

1982 Halldóra Filippusdóttir klífur Eldey fyrst kvenna.



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Sveinsdóttir**

Ljósheimum, Selfossi,

sem lést mánudaginn 16. ágúst 2010, verður jarðsungin frá Selfosskirkju þriðjudaginn 24. ágúst kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkað en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gigtarfélagið.

**Kristín Hultgren** **Lahbib Mekrani**
**Sveinbjörg Þóra Brynjólfsdóttir** **Alfreð Guðmundsson**
**Björn Brynjólfsson** **Sigríður Jónasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Ólafsdóttir**

á Kirkjubæjarklaustri

andaðist á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum miðvikudaginn 18. ágúst. Útför hennar fer fram frá Prestbakkakirkju laugardaginn 28. ágúst kl. 14.

**Lárus Valdimarsson** **Sólrún Ólafsdóttir**
**Einar Ólafur Valdimarsson** **Jóhanna Sigurðardóttir**
**Elín Anna Valdimarsdóttir**
**Haukur Valdimarsson** **Hrefna Sigurðardóttir**
**Trausti Valdimarsson** **Gréta Fr. Guttormsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðrún Halldórsdóttir**

frá Vörum í Garði, Sléttuvegi 13, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Útskálakirkju í Garði föstudaginn 20. ágúst kl. 14.00.

**Sigurbjörn Tómasson**
**Þorvaldur Þ. Sigurbjörnsson** **Halldóra Konráðsdóttir**
**Sigurður S. Sigurbjörnsson**
**Pálmar Breiðfjörð**
**Tómas Páll Þorvaldsson** **Edda Þuríður Hauksdóttir**
**Arna Björk Þorkelsdóttir**
**Þórarinn Viðar Sigurðarson**
**Guðrún Halldóra Sigurðardóttir**
**Konráð Pétur Konráðsson**
**Rakel Elísabet Tómasdóttir**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




**HÁLFGERÐ SÁLFRÆÐI** Jökull segir skemmtilega nánd skapast milli hársnyrtis og viðskiptavinar í stólnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

HÁRGREIÐSLUSTOFAN AMADEUS: FAGNAR 25 STARFSÁRUM Á LAUGAVEGINUM

# Veit hvenær ég á að þegja

„Ég stofnaði stofuna hér á Laugaveginum fyrir 25 árum og þá var umhverfið hér töluvert annað en það er í dag,“ segir Jökull Jörgensen hárgreiðslumeistari og eigandi hársnyrtistofunnar Amadeus á Laugavegi 62. „Þetta var fyrir opnun Kringlunnar og kaupmenn hér sátu einir að kökunni ef svo má segja. Laugavegurinn tók síðan á sig þungt högg þegar kaupmenn hlupu til, opnuðu í Kringlunni og lokuðu hér niðri í bæ,“ rifjar Jökull upp. Sjálfur hélt hann tryggð við Laugaveginn gegnum súrt og sætt og sér nú merki þess að gatan sé að sækja í sig veðrið.

„Mér fannst alltaf ósanngjarnt hvað Reykvíkingar voru fljótir að tala Laugaveginn niður. Á Þorláksmessu koma allir hingað niður í bæ og á menningarnótt fyllist gatan af fólki. Það er gott að vera á Laugaveginum því hér sér maður til sólar sem maður gerir ekki inni í verslunarmiðstöð.“

Jökull segir það skemmtilega iðn að vera hársnyrtir. Á löngum ferli hefur hann eignast hóp fastakúnna sem koma ekki einungis reglulega til að fá hár sitt snyrt heldur líka til að ræða málin í stólnum. Á stofunni er ekki að finna nein hárgreiðslublöð eða myndir á veggjum heldur vill Jökull fá að rabba við viðskiptavinina um hvað á að gera við hár þeirra.

„Það skapast ákveðin nánd við viðskiptavininn með því að spjalla svona saman því fólk þarf að geta treyst manni sem það hleypir með vopn í höfuðið á sér. Eftir svona mörg ár með fólk í höndunum þá er maður líka orðinn hálfgerður sálfræðingur og leysir ýmis vandamál með viðskiptavininum. Maður fer inn í hausinn á fólki líka, ef fólk vill það, en það er ekkert eins þreytandi og sígjammandi hárgreiðslumaður. Enda er ég stoltastur af því að vita hvenær ég á að þegja.“

Þegar Fréttablaðið náði tali af Jökli var hann í miðju kafi við að mála stofuna í hressandi rauðum lit og skipuleggja tónleika í tilefni afmælisins á menningarnótt.

„Ég er bassaleikari í hljómsveitinni Thin Jim and the Castaways og við verðum með tónleika hér á stofunni. Við höfum gert það undanfarnar menningarnætur, hendum bara öllu út og stofan fyllist af fólki. Þetta er allt mjög líbó og skemmtilegt. Núna verða með okkur Páll Rósinkrans, Margrét Eir, Fabúla og fleiri, og auðvitað kaffi á könnunni.“

**heida@frettabladid.is**



✝

*Elskuleg eiginkona, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erla Magnþóra Magnúsdóttir**

Asparási 12, Garðabæ

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 17. ágúst.

**Hermann Guðjón Hermannsson**
**Inga Erna Hermannsdóttir** **Samúel Páll Magnússon**
**Jón Bjarni Hermannsson** **Anna María Valtýsdóttir**
**Hermann Hermannsson**
**Kristinn Þór Hermannsson** **Íris Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Árelía Þórdís Andrésdóttir (Dísa),**

Smyrlahrauni 45, Hafnarfirði,

sem lést sunnudaginn 8. ágúst, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 20. ágúst kl. 13.00.

**Leifur Rósinbergsson**
**Leifur Þór Leifsson** **Sigrún Jónsdóttir**
**Róbert Leifsson,**
**Anna María Leifsdóttir,** **Róbert Ragnar Grönqvist,**
**Karl Kristján Leifsson,** **Angeline Theresa Thomas,**
**barnabörn og systkini.**

# Metþátttaka á Íslandsmóti í þukli

Íslandsmeistaramótinu í hrútadómum lauk fyrir skemmstu og stendur Elvar Stefánsson frá Bolungarvík uppi sem sigurvegari í flokki vanra hrútaþuklara. Hann hefur margoft keppt í þuklinu og náði meðal annars öðru sæti árið 2005. Hann hlaut verðlaunagripinn Horft til himins, sem er tileinkaður minningu Brynjólfs Sæmundssonar ráðunautar á Hólmavík, til varðveislu í eitt ár auk fjölda annarra verðlauna.

Keppendur í flokki vanra þuklara voru 28 en í flokki óvanra 43, í allt 71 þátttakandi sem er nýtt met.

Hrútarnir sem voru dæmdir voru þeir Spaði, Grafar, Hvellur og Fleygur. Þeir eru allir í eigu Jóns Stefánssonar á Broddanesi nema sá síðastnefndi sem er í eigu Matthíasar Lýðssonar í Húsavík. Framkvæmdin var með þeim hætti að sérvalin nefnd ráðunauta og hrútaþuklara tók til skoðunar og raðaði hrútunum í gæðaröð. Yfir röðinni hvíldi leynd og var takmark keppenda að komast sem næst röðinni í gæðamati sínu. Þeir sem kepptu í flokki vanra þuklara þurftu að gefa hrútunum stig og raða þeim í gæðaröð en hinum óvönu dugði að raða.

Í öðru sæti í flokki vanra þuklara lenti Björn Torfason sem varð íslandsmeistari árin 2003 og 2008 og í þriðja sæti var Eiríkur Helgason sem hreppti titilinn árið 2004. Í flokki óvanra þuklara fór Brynja Bjarnfjörð Magnúsdóttir með sigur af hólmi með aðstoð hinnar þriggja ára gömlu Emmu Ýr Kristjönudóttur frá Hólmavík. Meðal verðlauna voru 5, 10 og 15 skammtar af hrútasæði frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands. -ve



**HRÚTAÞUKLARI ÁRSINS** Elvar með verðlaunagripinn. Honum á hægri hönd stendur Björn Torfason sem lenti í öðru sæti og til vinstri er Eiríkur Helgason sem var í því þriðja.

# Aðalsafnið fagnar tíu ára afmæli

Tíu ár eru frá því að nýtt aðalsafn Borgarbókasafns Reykjavíkur opnaði í Grófarhúsi. Gestir safnsins á menningarnótt eru í tilefni af því hvattir til að setjast niður á safninu og skrifa kveðjur, semja vísur, teikna myndir eða koma með tillögur. Safnið skaffar efni og kveðjurnar verða til sýnis jafnóðum og þær verða til.

Ýmislegt fleira verður á dagskrá í aðalsafninu á menningarnótt. Þar sem yfirskrift menningarnæturinnar að þessu sinni er „strætin óma“ verður lögð áhersla á ljóðlistina og koma ljóð til með að óma í hverju horni safnsins. Á meðal þess sem verður í boði er ljóð á labbi og greitt til hliðar, krakkavísur og könguló á háum hælum.

Nánari upplýsingar á www.borgarbokasafn.is. - mmf



**TÍU ÁRA** Aðalsafnið í Grófarhúsi heldur upp á afmæli sitt á menningarnótt.

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður okkar, afa og langafa,*

**Benedikts Gröndal**
Hjallalandi 26 Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 2B á Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða umönnun.

**Heidi Jaeger Gröndal**
**Jón Gröndal** **Dóróthea Emilsdóttir**
**Einar Gröndal** **Guðrún Guðmundsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Helgason,**
múrarameistari, Seljalandsvegi 40, Ísafirði,

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, laugardaginn 14. ágúst s.l., verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju, laugardaginn 21. ágúst kl. 14.00.

**Steinunn Margrét Jóhannsdóttir**
**Jóhann Einars Guðmundsson** **Júlíana Bjarndís Ólafsdóttir**
**Kristjana Guðmundsdóttir**
**Hulda Guðmundsdóttir** **Herbert Sveinbjörnsson**
**Bára Guðmundsdóttir** **Kristinn Þór Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn*

**Oddur Benediktsson**
prófessor, Lambhaga 12, Álftanesi,

lést á Líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 17. ágúst. Útför verður auglýst síðar.

**Hólmfríður R. Árnadóttir**
**og fjölskylda.**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, stjúpföður, tengdaföður og afa,*

**Ólafs Berg Bergsteinssonar**
Grandavegi 47 Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Hjúkrunarheimilinu Grund fyrir frábæra umönnun og vináttu.

**Steinunn Stefánsdóttir**
**Sigurbergur M. Ólafsson** **Ragnhildur Bergþórsdóttir**
**Sigríður V. Ólafsdóttir** **Hafþór Halldórsson**
**Kristján G. Ólafsson**
**Stefán Oddsson**
**barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Stefánsson**
Hvassaleiti 25,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 18. ágúst.

**Steinunn D. Sveinsdóttir**
**Laufey Jónsdóttir** **Birgir Árnason**
**Ingileif Jónsdóttir** **Rudiger Seidenfaden**
**Sveinn Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ólafur Andrésson**
Þórólfsgötu 5, Borgarnesi,

er látinn.

**Þórey Sveinsdóttir**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Árni B. Sveinsson**
**Fanney Ólafsdóttir** **Stefán Haraldsson**
**Stefanía Ólafsdóttir** **Bragi J. Ingibergsson**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



*Ástkær eiginmaður minn*

**Kjeld Nørgaard**
Gyvelvej 8, Nørresundby, Danmörku

lést 15. ágúst. Útförin fer fram frá Nørresundbykirkju föstudaginn 20. ágúst kl. 13.

**Freyja Kristjánsdóttir Nørgaard.**

---



*Ástkær föðursystir okkar*

**Jóna Steinbergsdóttir**
Hríseyjargötu 9, Akureyri

lést á heimili sínu aðfaranótt þriðjudagsins 17. ágúst. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 25. ágúst kl. 13.30.

**Steinberg Ríkarðsson**
**Hildur Ríkarðsdóttir**
**Heimir Ríkarðsson**
**Reynir Ríkarðsson**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**S. Halla Hansdóttir**
Engihjalla 11, Kópavogi,

lést að kvöldi 14. ágúst á líknardeild L.S.H. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 24. ágúst kl 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarsjóð Landakots deild L-5.

**Jónína Guðmundsdóttir** **Brynjólfur Erlingsson**
**Þröstur Guðmundsson** **Unnur Heimisdóttir**
**Ástþór Guðmundsson** **Valgerður Jónsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**






# Loksins kom góða veðrið

**BAKÞANKAR Brynhildar Björnsdóttur**

Ég er flúin inn úr steikjandi hitanum á útipalli kaffihússins, þar sem skuggi byggingakranans dansar eins og diskóljós á klúbbgólfi á Íbísa.

**MÉR** líður reyndar ekkert ósvipað og ég ímynda mér að mér myndi líða þar, hitinn næstum því kæfandi, örlitlir golusveipir það eina sem gerir lífið bærilegt. Já, og svo náttúrlega ískaffið og klakavatnið, sólskinið og áhrifin sem það hefur á fólkið.



**ÞAÐ** er mjög erfitt að vera fúll þegar hægt er að vera berfætt í skónum frá því í byrjun maí og fram í septemberlok, börn hlaupa um í kæruleysislegum sumarfötum, sokkabuxnalaus og allt, sumarkjólarnir sem áður var splæst í fyrir sólarströndina fara nú í bæinn dag eftir dag án þess að teljandi viljastyrkur þurfi að koma til og allir svo kátir.

**BLESSUÐ** sólin elskar allt, allt með kossi vekur, einkum þó gleðina í Íslendingshjartanu.

**OG** það þótt kossar hennar geti verið banvænir. Ég man ekki eftir því þegar ég var lítil að nokkrum hafi dottið í hug að smyrja börn sólarvörn áður en þau voru send í skóla eða leikskóla. Ég man heldur ekki eftir mörgum dögum í röð þar sem ekki var þörf á að vera í úlpu eða að minnsta kosti þykkri peysu. Ég man reyndar eftir því að malbikið bráðnaði einu sinni í götunni en ég skrifa það á gæði malbiksins frekar en styrk sólarinnar.

**VEÐRIÐ** er loksins orðið gott. Frá því á söguöld, þegar hunang draup af greinum risavaxinna trjáa sem þöktu landið þannig að hægt var að sveifla sér milli fjalls og fjöru án þess að snerta jörð, hefur ekki verið jafngott veður á Íslandi. Draumurinn sem við þorðum ekki að láta okkur dreyma í torfbæjunum og varla í bárujárnshúsunum hefur ræst.

**OG** hver nennir þá að vera fúll og röfla um hlýnun jarðar, ofsaþurrka og öfgakenndar rigningar í öðrum löndum? Hver nennir að hafa áhyggjur af mengun, fjölda einkabíla, hveitiskorti vegna skógarelda sem skapast af ofsaþurrki og fólki sem deyr úr hita eða hungri úti um allar trissur vegna þess að loftslagið hjá því er að breytast? Það var gott veður hjá öðrum öldum saman. Nú er komið að okkur.

**ENDA** er ekkert sem við getum gert í þessu. Hver á að hægja á hlýnun jarðar og hjálpa hungruðum heimi? Er það ég? Já, kannski ert það bara þú. Taktu fram hjólið þitt, nú er einmitt veðrið til þess.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# MESTA ÚRVALIÐ

## STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · hp · lenovo · msi · packard bell · SONY · TOSHIBA



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1598
KR. KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
598
KR. KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
698
KR. KG
KS FROSINN SALTFISKUR Í BITUM
30%
AFSLÁTTUR
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAGÚLLAS
1749 KR.KG MERKT VERÐ 2498 KR.KG.
998
KR. KG
KS FROSIÐ HEILT LAMBALÆRI
40%
AFSLÁTTUR
SS FROSIN ÓSOÐIN LIFRARPYLSA
461 KR.KG MERKT VERÐ 768 KR.KG.
35%
AFSLÁTTUR
KS FROSIN LAMBASVIÐ
194 KR.KG MERKT VERÐ 298 KR.KG.
95
KR. KG
RAUÐAR FERSKAR VATNSMELÓNUR
198
KR. 770g
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ 770G
198
KR. 1000g
BÓNUS KORNBRAUÐ
HEILT KÍLÓ 26 SNEIÐAR
198
KR. 1000g
BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR
500g
RAUÐUR GOUDA 26%
NÚ MEÐ
25% AFSLÆTTI
972 KR.KG
MERKT VERÐ 1296 KR.KG
ALLT FYRIR
SULTUGERÐINA
98
KR. STK
SULTUKRUKKUR
290ml
359
KR. PK
SULTUSYKUR MEÐ
SULTUHLEYPI 1 KG
198
KR. 500ml
GATORADE 500ml
ÞRJÁR BRAGÐTEGUNDIR
139
KR. 500ml
AQUARIUS
500ml
98
KR. 250ml
EUROSHOPPER 250ml
MEÐ OG ÁN SYKURS
DRYKKIR FYRIR
HLAUPARA
198
KR. 4 STK
BÓNUS NÝBAKAÐAR
KRINGLUR 4 STK
198
KR. 4 STK
BÓNUS NÝBAKAÐIR
KORNKUBBAR 4 STK
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B




EURO SHOPPER

# Klárlega ódýrasti valkosturinn í verslunum Bónus

# NÝTT KORTATÍMABIL

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

## > HVETUR FÓLK TIL AÐ HJÁLPA PAKISTAN

Leikkonan **Angelina Jolie** notaði tækifærið og vakti athygli heimsbyggðarinnar á hrikalegum aðstæðum fórnarlamba flóðanna í Pakistan þegar hún var við kynningar á nýjustu mynd sinni Salt í Evrópu. Jolie hefur nú þegar gefið 100.000 dollara eða ellefu milljónir íslenskra króna til Pakistan.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Fleiri nöfn staðfest á Airwaves

Tónlistarhátíðin Airwaves hefst eftir rúma tvo mánuði og þegar hafa verið staðfest nöfn um hundrað hljómsveita sem koma fram á hátíðinni.

Airwaives hefur verið ein vinsælasta tónlistahátíð landsins allt frá upphafi og reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að miðar á hátíðina seljast upp talsvert fyrir upphaf hátíðarinnar. Líkt og fyrri ár munu margar áhugaverðar hljómsveitir troða upp á hátíðinni í október. Má þar nefna sveitir á borð við hina kanadísku Timber Timbre, Angel Deradoorian, Dimond Rings, Alex Metric og íslensku sveitina Sin Fang auk fjölda annarra. Í ár koma einnig í fyrsta sinn fram listamenn frá Finnlandi, Grænlandi og Grikklandi sem þykja skemmtileg tíðindi.

Opinberir tónleikastaðir hátíðarinnar eru sem áður Listasafn Reykjavíkur, Nasa, Iðnó, Sódóma og Faktorý auk annara tónleika- og skemmtistaða. Umfangsmikil utandagskrá er einnig í gangi líkt og fyrri ár og taka bæði innlendir og erlendir tónlistarmenn þátt í þeirri dagskrá.

Forsala miða hefur gengið vel en frá og með 1. september hækkar miðaverð og mun það haldast óbreytt á meðan miðar eru til. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu hátíðarinnar www.icelandairwaves.com.



**ALEX METRIC** Breski tónlistarmaðurinn Alex Metric er á meðal þeirra erlendu tónlistarmanna sem koma fram á Airwaves í ár.

# Jenny komin með nýjan



JENNY MCCARTHY

**Kynbomban Jenny McCarthy, sem nýlega sleit sambandi sínu við leikarann Jim Carrey, hefur nú fundið sér nýjan leikfélaga einungis fjórum mánuðum eftir að hún hvarf úr lífi Carreys.**

**Bomban sást með óþekktum manni í Los Angeles í maí og hefur nú staðfest að hún hafi verið að hitta Jason Toohey í um tvo mánuði.**

**Síðastliðna helgi sást til þeirra í samkvæmi í Las Vegas og virtust þau ekkert reyna að fela tilfinningar sínar hvort til annars.**

Færð þú skólamat?

Sími 420 2500 | skolamatur.is

SKÓLAMATUR
Hollt, gott og heimilislegt

Ótrúlegur
SKIPTIBÓKAMARKAÐUR

-20%

VIÐ HÖFUM LÆKKAÐ VERÐ Á ÖLLUM SKIPTIBÓKUM HJÁ EYMUNDSSON UM HEIL TUTTUGUPRÓSENT! LÍKA Á NETINU – EYMUNDSSON.IS

ÓTRÚLEGT ÚRVAL OG ÓTRÚLEGT VERÐ!



MYND XVII. PÍLATUSARGANGVERKIÐ MCCXVII
Apparatus Pilatæ

Sálin er það líffæri sem endist einna styst af þeim sem mannslíkaminn geymir. Ef sálin er fullnýtt eða úr sér gengin er hægt að framkvæma sálarskipti. Til þess er notað sérstakt verkfæri sem nefnist Pílatusargangverkið. Ótrúlegt.
Í Eymundsson færðu skiptibækur með sál á 20% afslætti. Skiptu þínum bókum á skiptibókamarkaði Eymundsson.

TILBOÐ GILDA TIL OG MEÐ 31. ÁGÚST

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872



**GÓÐUR UNDIRBÚNINGUR** Rósa Birgitta, Anik og Una standa í ströngu við að klára að gera portið tilbúið fyrir laugardaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rósa Birgitta stendur í ströngu á menningarnótt

**Söngkonan Rósa Birgitta Ísfeld býður gestum og gangandi að fagna með sér á menningarnótt.**

„Ég geri oft eitthvað til að taka þátt í hátíðarhöldunum og nú er ég með svo hentugt port að ég ákvað að breyta því í skemmtilegan stað til að hanga á og taka á móti gestum og gangandi," segir söngkonan Rósa Birgitta Ísfeld. Hún heldur markað í portinu hjá sér á menningarnótt og verður einnig með glæsilega tónleikaröð þar sem tónlistarmenn á borð við Futuregrapher, Frank Murder, Quadruplos, Bob Justman og fleiri munu stíga á svið. Inn á milli tónlistaratriða munu svo plötusnúðar sjá um að skemmta gestum með góðri tónlist.

Rósa hefur eytt miklum tíma úti í umræddu porti ásamt listamönnunum Anik Todd og Unu Stígsdóttur þar sem verið er að skreyta og undirbúa fyrir helgina. „Markaðurinn byrjar upp úr hádegi og eftir það ætla ég að reyna að skella í einhverjar samlokur og kannski hummus líka. Ég veit samt ekki hvað ég næ að gera mikið, ég er eiginlega að renna út á tíma," segir Rósa og hlær. Hún segist hafa gert nokkuð svipað á Þorláksmessu síðustu ár. „Kaffihúsin eru alltaf troðfull á þessum dögum og þá er enginn staður til að setjast niður með vinum og fjölskyldu. Ég ákvað því að hafa opið hús heima hjá mér á Þorláksmessu, bjóða upp á kaffi og kakó og fá fólkið til mín. Nú er bara að biðja fyrir veðrinu og vona að það rigni ekki á laugardaginn," segir hún að lokum kampakát.

Fjörið fer fram í porti við Hverfisgötu 98, gengið er inn við hliðina á veitingastaðnum Argentínu. Markaðurinn hefst klukkan 12.00 en tónleikarnir klukkan 15.00.

sara@frettabladid.is

# Dúett hjálpar geimveru heim

Samkvæmt vefsíðu Empire-kvikmyndaritsins eru Simon Pegg og Nick Frost með nýja gamanmynd í smíðum. Pegg og Frost slógu eftirminnilega í gegn í kvikmyndinni Shaun of the Dead sem þótti drepfyndin. Hot Fuzz fylgdi í kjölfarið sem var ekkert síðri og nú er semsagt ný mynd með þessum gríndúett í smíðum. Myndin ku fjalla um tvo Breta sem ákveða að skella sér í vegaferð um Bandaríkin. Aðalmálið er þó að komast á nördahátíðina Comic Con en þangað safnast allir þeir fullorðnu karlmenn sem hafa einlægan áhuga á myndasögum og öllu sem tengist þeim.

Bretarnir tveir eru forfallnir geimverufíklar og bregður heldur betur í brún þegar þeir keyra fram hjá hinu fræga svæði númer 51 en þar segir sagan að bandaríski herinn geymi nokkuð áþreifanlegar sannanir um tilvist geimvera. Þeir rekast nefnilega á geimveruna Paul sem þeir ákveða að hjálpa að komast til síns heima. Seth Rogen talar fyrir geimveruna Paul en meðal annarra leikara má nefna Sigourney Weaver, Jason Bateman og Blythe Danner.



**HEIT TVENNA** Simon Pegg og Nick Frost eru að gera stjörnumprýdda gamanmynd um týnda geimveru.


Íslenskir ostar – hreinasta afbragð
DIMON
YRJA
CAMEMBERT
GULL
OSTUR
Dala
hringur



**HEIÐURSBAND** Magni Ásgeirsson og félagar í heiðursbandinu spila á Sódómu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Til heiðurs Pearl Jam

**Tónleikar til heiðurs bandarísku rokksveitinni Pearl Jam verða endurteknir á Sódómu Reykjavík í kvöld. Mikil stemning var á fyrri tónleikunum sem voru haldnir í byrjun júlí og munu strákarnir mæta tvíefldir á þessa aðra heiðurstónleika Pearl Jam.**

**Leikin verða lög af nánast öllum plötum sveitarinnar ásamt lögum sem hafa ratað í kvikmyndir. Heiðurshljómsveitina skipa Magni Ásgeirsson, Franz Gunnarsson, Haraldur V. Sveinbjörnsson, Stefán Ingimar Þórhallsson og Birgir Kárason. Miðaverð er 1.500 krónur og viðburðurinn hefst á miðnætti.**



**TÍSKUDRÓS** Blake Lively er spurð spjörunum úr af leikaranum Ben Affleck í viðtali við Interview Mag.

# Spurð spjörum úr

Ben Affleck leikstýrir og fer með eitt aðalhlutverkið í spennumyndinni The Town sem frumsýnd verður bráðum. Blake Lively, sem hefur gert garðinn frægan í sjónvarpsþáttunum Gossip Girl, fer einnig með hlutverk í myndinni. Tímaritið Interview Mag fékk Affleck til að taka langt og mikið viðtal við Lively þar sem hann spurði hana spjörunum úr. Í lokin er viðtalið meira eins og spjall tveggja vina og biður Affleck stúlkuna meðal annars að hætta að gagnrýna fataval sitt og kallar Lively tískudrós. „Þökk sé fólki eins og þér að ég er tískutákn, því ef það er ekkert rangt þá er heldur ekkert rétt,“ svarar stúlkan um hæl. „Þú ert orðin miklu tíkarlegri eftir að við lukum við tökur á myndinni,“ segir Affleck þá.

Annars staðar spyr Affleck leikkonuna hvort hún eigi sér fyrirmyndir innan bransans og segist hún oftast svara þessari spurningu með því að nefna nafn einhvers karlleikara. „Það er fullt af góðum leikkonum til, en mér finnst karlmenn almennt fá betri og fleiri tækifæri heldur en konur.“

# Hafna kvikmyndum og þáttum

Caleb Folowill, söngvari hljómsveitarinnar Kings Of Leon, sagði frá því nýlega að meðlimir hljómsveitarinnar hefðu hafnað fjölda tækifæra til að fá tónlist hljómsveitarinnar í þætti á borð við Glee, Ugly Betty og í sýnishorn fyrir ýmsar kvikmyndir.

„Fólk hefur hringt í okkur til að athuga hvort við myndum leyfa þeim að nota Use Somebody í sýnishornum fyrir kvikmyndir sínar og við höfum neitað þeim öllum. Daginn eftir hringja þeir aftur og gefa okkur samband við stjörnu myndarinnar – ég nefni engin nöfn, en hann er mjög frægur leikari – til að láta hann reyna að sannfæra okkur um að samþykkja þetta. Ég bað hann bara um að vera ekki að eyða tímanum í þetta,“ var haft eftir söngvaranum.



**KINGS OF LEON** Hafnar ítrekað boði um að tónlist þeirra sé spiluð í þáttum og sýnishornum fyrir kvikmyndir.



**BÆTTI AÐEINS Á SIG** Vilhelm segist hafa bætt nokkrum kílóum á sig í ferðinni yfir Bandaríkin enda hafi hann og Sveppi aðallega lifað á þurrkuðu nautakjöti og snakki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# ÁTU ÞURRKAÐ NAUTAKJÖT OG SNAKK Í HVERT MÁL

**Lið Vilhelms Antons Jónssonar og Sverris Þór Sverrissonar etur kappi við tvíeykið Auðun Blöndal og Gillz í sérstökum þrautakappakstri yfir endilöng Bandaríkin. Keppnin verður sýnd á föstudagskvöldum á Stöð 2 en við sögu koma einkennileg enskukunnátta Sveppa, fellibylur og afslappaðir Suðurríkjamenn.**

Fyrirkomulag keppninnar er þannig að liðin keyra hvort úr sinni áttinni og eiga að hafa upp á leynigesti í Mall of America í Minneapolis. Liðin leysa þrautir á leiðinni og fá stig fyrir að klára þær. Vilhelm var reyndar á leiðinni út í íslenskar óbyggðir þegar Fréttablaðið náði tali af honum, með riffil á bakinu að fara skjóta gæsir. „Þetta var snilldarferð,“ segir Vihelm, sem einhverjir kynnu að telja gáfumennið í þessum kvartett. „Þeir eru nú ekki allir jafn vitlausir þótt sumir þeirra séu það, þetta var bara mikil mannfræðistúdía fyrir mig, að kynnast þessum tegundum í sínu rétta umhverfi.“

Vilhelm hafði reyndar áður komið til Ameríku, verið bæði í New York og Washington. Ferðin gekk hins vegar ekki út á hinar dæmigerðu amerísku stórborgir heldur þau svæði sem fæstir ferðalangar komast í kynni við. „Þetta var mikill akstur, það lágu kannski sex til sjö hundruð kílómetrar að baki á hverjum degi enda keyrðum við í gegnum sjö eða átta ríki á aðeins ellefu dögum,“ útskýrir Vilhelm. Hann og Sveppi héldu sér uppi á þurrkuðu nautakjöti og suðurríkjasnakki og Vilhelm viðurkennir að hann hafi aðeins bætt á sig í ferðinni enda hafi fá tækifæri gefist til að hreyfa sig almennilega. Suðurríkjamenn komu honum mest á óvart. „Þeir eru alveg ótrúlega gestrisnir og ákaflega afslappaðir, það getur tekið marga klukkutíma að fara út í búð.“

Að sögn Vilhelms gekk samstarf hans og Sveppa ákaflega vel þótt „maskínuliðið“ eins og Villi kallar framleiðandann og tökumanninn hafi stundum verið með leiðindi. „Ég hélt uppi stuðinu með spurningakeppni og skemmtilegri tónlist þegar útvarpið ofbauð manni,“ segir Vilhelm og bætir því við að hann hafi verið guðs lifandi feginn að þurfa ekki að sitja í bíl með þeim Audda og Gillz. „Já, tónlistin sem þeir hlusta á gæti drepið fullvaxta karlmann úr leiðindum.“

Og þótt ferðin hafi að mestu leyti gengið vel fyrir sig voru þeir félagar stöðvaðir af lögreglunni í þrígang. Þar kom hins vegar sérkennileg enskukunnátta Sverris Þórs að góðum notum. „Það er ekki hægt að sekta krullhærðan og málhaltan karlmann,“ segir Villi. Þá hafi fellibylur sem reið yfir Houston einnig verið eftirminnilegur og þá sérstaklega þegar þeir flugu út úr honum, umkringdir af þrumum og eldingum. „Við Sveppi erum ákaflega flughræddir menn og þetta var síður en svo þægileg flugferð.“ Blásið verður til sérstaks frumsýningarhófs á Players í kvöld klukkan sjö en Vilhelm verður ekki viðstaddur vegna gæsaveiðanna.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**SYSTRASLAGUR** Kim, Kourtney og Khloe Kardashian berjast sín á milli um vinsældir sjónvarpsáhorfenda.

# Berjast sín á milli

Samkvæmt slúðurritum hið vestra ríkir mikil samkeppni milli Kardashian-systranna þriggja og hefur það verið svo alveg frá því þær voru börn. „Þær eru alltaf að gagnrýna hver aðra og Kourtney gerir látlaust grín að vexti Kim,“ var haft eftir innanbúðarmanni sem bætir við að Kim og Kourtney hafi keppt um athygli karlmanna alveg frá því þær voru táningar en nú keppa þær einnig um frægð og frama.

„Kim var alltaf fræga systirin en Kourtney hefur fengið aukna athygli eftir barnsburðinn og vegna erfiðs sambands. Kim vill ekki missa stöðu sína sem frægasta systirin og vinnur nú hörðum höndum að því að athyglin haldist fyrst og fremst á henni,“ sagði heimildarmaðurinn.



**STYRKJA TENGSLIN** Katy Perry og Russel Brand hittast á símafundum einu sinni á dag með ráðgjafa sínum til að styrkja tengslin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Fá pararáðgjöf í síma

Russel Brand og Katy Perry eru strax farin að sækja tíma í pararáðgjöf þrátt fyrir að átta vikur séu í brúðkaupið. Pararáðgjöfin er hugmynd söngkonunnar en hún er hrædd um að missa tengslin við tilvonandi eiginmann sinn vegna þess hvað þau eyða litlum tíma saman. Hann er á fullu við tökur á nýrri mynd og hún þeysist á milli heimshluta að syngja á tónleikum.

Perry og Brand taka bæði einn klukkutíma á dag frá og hittast í síma með ráðgjafa sínum og fara yfir málin. Skötuhjúin ætla að gifta sig á eyjunni Maui í lok október og herma fregnir vestanhafs að öllu verði tjaldað til í brúðkaupinu.




LATABÆJARHÁTÍÐ
Í HÖLLINNI - KOMIN ÚT!
GLÆSILEG ÚTGÁFA SEM INNIHELDUR
DVD OG CD SAMAN Í EINUM PAKKA
DVD + CD
FULLT AF SPENNANDI AUKAEFNI!
LATABÆJARHÁTÍÐ Í HÖLLINNI
UPPTÖKUR FRÁ GLÆSILEGUM TÓNLEIKUM Í LAUGARDALSHÖLL
Jógvan
Björgvin
Franzína mús
Ingó
Skoppa & Skrítla
Jóhanna Guðrún
Sveppi & Villi
Jónsi
Laddi
Verð: 3.199 kr.
AUKAEFNI
Tilboðsverð:
Latabæjarúlpa
7.999 kr.
verð áður 8.999 kr.
Latabæjarskíðabuxur
5.999 kr.
verð áður 6.999 kr.
Upptökur frá glæsilegum tónleikum í Laugardalshöll.
Ein allra glæsilegasta fjölskylduskemmtun fyrr og síðar er komin út í einstaklega veglegum pakka. DVD mynddiskur troðfullur af spennandi aukaefni og geisladiskur sem inniheldur öll lögin af tónleikunum. Allar helstu stjörnur landsins og íbúar Latabæjar fara á kostum ásamt hundruðum dansara og íþróttafólks.
Kominn í verslanir Hagkaups.
bravó!
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Móðir Brittany deildi rúmi með ekkli dóttur sinnar

**Móðir leikkonunnar Brittany Murphy sagði rannsóknarlögreglumönnum að hún deildi rúmi með ekkli dóttur sinnar. Sharon Murphy bjó heima hjá dóttur sinni og eiginmanni hennar og var það hún sem kom að dóttur sinni látinni.**

Leikkonan Brittany Murphy fannst látin á heimili sínu þann 20. desember í fyrra. Við rannsókn málsins tjáði móðir leikkonunnar rannsóknarlögreglumanni að hún deildi rúmi með ekkli dóttur sinnar. Í rannsóknarskýrslunni stendur að Sharon Murphy hafi leitt lögreglumann í gegnum húsið og þegar þau gengu í gegnum hjónaherbergið á hún að hafa bent á rúmið og sagt lögreglumanninum að þetta væri „hennar hlið rúmsins“. Auk þess fundust lyf á náttborði sem stóð við hlið rúmsins og voru þau skráð á nöfnin Sharon Murphy og Sharon Monjack.

Simon Monjack, ekkill Brittany, sagðist í viðtölum syrgja eiginkonu sína mjög og sagði hann Hollywood hafa dregið hana til dauða. Monjack fannst látinn á heimili þeirra hjóna þann 23. maí síðastliðinn og er talið að dánarmein hans hafi verið hið sama og hjá Brittany.

Slúðurrit vestanhafs vilja meina að Monjack og Sharon Murphy hafi átt í einhvers konar ástarsambandi eftir andlát Brittany, en slíkt hefur þó aldrei fengist staðfest.





**SAMRÝND** Móðir **Brittany Murphy, Sharon,** sagði við lögregluþjón að hún og ekkill dóttur hennar deildu rúmi eftir andlát Brittany. Slúðurblöð hið vestra hafa gert sér mat úr þessu og vilja meina að Sharon hafi átt í sambandi við **Simon** eftir dauða Brittany. NORDICPHOTOS/GETTY

# Manson og Wood hætt saman

Hið stórundalega par, söngvarinn Marilyn Manson og leikkonan Evan Rachel Wood hafa nú enn einu sinni slitið sambandi sínu og í þetta sinn einnig trúlofun sinni samkvæmt heimildum vestanhafs.

Parið, sem hefur verið í haltu mér–slepptu mér sambandi síðastliðin ár byrjuðu að stinga saman nefjum árið 2006, stuttu eftir að söngvarinn skildi við hina kynþokkafullu Burlesque-stjörnu, Ditu Von Teese. Þau hættu síðan saman árið 2008 en tóku saman í stuttan tíma aftur árið 2009. Það var síðan í janúar á þessu ári sem þau trúlofuðu sig í laumi en hafa nú slitið þeirri trúlofun átta mánuðum síðar.

Manson sást úti á lífinu í Hollywood án Wood nú um helgina og segja heimildir að það hafi verið tilraun vina hans til að hressa hann við eftir sambandsslitin.

„Þau voru að slíta trúlofuninni og hann þurfti á djammi með vinum sínum að halda,“ sagði heimildarmaður.



**MARILYN MANSON** Söngvarinn stórundarlegi hefur nú slitið trúlofun sinni við leikkonuna Evan Rachel Wood.

Þrátt fyrir slitin er þetta ekki í síðasta sinn sem parið sér hvort annað því þau eru bæði með hlutverk í splattermyndinni Splatter Sisters. Það verður því áhugavert að sjá hvort þau muni haldast í sundur í þetta sinn eða hvort sagan muni endurtaka sig.



**KOMIN Í FEITT** Líklegt er að fangelsisvistin verði aðal tekjulind Lindsay Lohan á næstunni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Græðir á fangelsisvist

**Tímaritið OK! hefur boðið leikkonunni Lindsay Lohan eina milljón Bandaríkjadala sé hún tilbúin til að veita þeim réttinn á fyrsta viðtalinu eftir fangelsisvist hennar.**

**Fyrsta viðtalið gæti einnig birst fyrr en áætlað var því búist er við því að Lohan ljúki áfengismeðferð sinni á skemmri tíma en upphaflega stóð til. Einu verkefni Lohan um þessar mundir eru tvær óháðar kvikmyndir sem munu ekki skila miklu inn á bankareikning leikkonunnar, því er talið að hún muni reyna að fá eins mikla peninga og auðið er fyrir viðtöl og annað slíkt.**


NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EXPENDABLES | 4, 6, 8 og 10(POWER) | 16 |
| SALT | 6, 8 og 10 | 16 |
| LAST AIRBENDER 3D | 4, 6 og 8 | 10 |
| GROWN UPS | 10 | 10 |
| LJÓTI ANDARUNGINN | 4 - ÍSL TAL | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| SALT | kl. 8 - 10:10 - 10:50 | 14 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 3:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| INCEPTION | kl. 7 - 8 - 10 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 10:50 | VIP |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4:20 | L |
| LEIKFANGASAGA 3-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 - 8 | L |
| KNIGHH AND DAY | kl. 10 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| KARATE KID | kl. 8 | L |
| 22 BULLETS | kl. 10:50 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LETTERS TO JULIET | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| THE LAST AIRBENDER | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 5:40 - 10:50 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3DM/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CATS & DOGS: ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 - 10 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE SORCERER'S APPRENTICE | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 10:20 | 12 |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| SALT | kl. 8 - 10.50 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 3.30 - 5.40 - 10.10 | 10 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 4 (650 kr.) | L |
| KARATE KID | kl. 5.10 - 8 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES | kl. 6.40 - 9 - 11.20 | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| SALT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE KARATE KID | kl. 8 - 10.50 | L |
| BABIES | kl. 6 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10* Kraftsýning | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 - 8 | 12 |
| SALT | kl. 10 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 6 | 10 |

OPIÐ 24 TÍMA

Opið allan sólarhringinn í Skeifunni

Office1

TÖKUM VIÐ INNEIGN FRÁ ÖLLUM HELSTU SKIPTIBÓKAMÖRKUÐUM LANDSINS

SKEIFUNNI - SMÁRALIND - KORPUTORGI - HAFNARFIRÐI - KEFLAVÍK - AKUREYRI - EGILSSTAÐIR - SELFOSS


ERTU Í VEIÐIHUG
MIKIÐ ÚRVAL AF VEIÐIVÖRUM
Abu Garcia FOR LIFE.
LOOP
Abu spúnar í miklu úrvali
Flugur í miklu úrvali. Fáðu ráðgjöf um hvaða flugur henta best fyrir veiðistaðinn þinn
LOOP ADVENTURE sett
Háþróað sett sem passar jafnt reyndum veiðimönnum og þeim sem vilja læra réttu handtökin í fluguveiðinni.
Verð 35.990 kr.
LOOP EVOTEC 12‘ no. 8
Lítill titringur hjálpar kastaranum að ná hámarks lengd af nákvæmni
Verð 84.990 kr.
LOOP vöðluskór
Þægilegir jafnt í vatni sem og á þurru landi
Verð 25.490 kr.
PENN SEABOY 190 sjóhjól
Fullkomið val fyrir sjóstangveiðimenn
Verð 13.990 kr.
ABU taska
Gæðataska sem hentar í veiðiferðina
Verð 2.990 kr.
LOOP jakki OPTI LW
Léttur, vatnsheldur jakki
Verð 19.900 kr.
LOOP MULTI 6/9 hjól
Hannað til að stoppa þann allra stærsta
Verð 39.990 kr.
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
PIPAR TBWA • SÍA • 101102

## > Styrktarleikur fyrir Rafn Heiðdal

Í kvöld fer fram styrktarleikur fyrir Rafn Heiðdal, leikmann Fjarðabyggðar, sem greindist með illkynja krabbamein fyrr í sumar. Vinir Rafns blása til knattspyrnuleiks á Vilhjálmsvelli í Ormsteiti klukkan 19.00. Landsliðsþjálfarinn, Ólafur Jóhannesson, mun stýra öðru liðinu en hver sem er getur spilað í leiknum. Aðeins þarf að greiða upphæð sem hver og einn ákvarðar til að spila. Frítt verður á völlinn. Þar verður tekið við frjálsum framlögum áhorfenda. Styrktarreikningur hefur verið stofnaður í nafni Rafns í útibúi Sparisjóðs Vestmannaeyja á Djúpavogi. Reikningsnúmerið er 1147-05-401910 og kennitalan 191087-3729 fyrir þá sem vilja leggja þessu góða málefni lið.



# sport

sport@frettabladid.is

KRISTJÁN ARI HALLDÓRSSON: ENDURTEKUR ÍR LEIKINN OG VINNUR AFTUR TOPPLIÐ LEIKNIS Í BREIÐHOLTSSLAGNUM?

## *Ekki hægt að lifa endalaust á einum sigurleik*



Kristján Ari Halldórsson og félagar hans í ÍR hafa haft montréttinn í Breiðholtinu síðustu 62 daga eftir 2-1 sigur á Leikni í fyrri Breiðholtsslag sumarsins. ÍR skaut þá Leikni af toppnum en erkifjendurnir úr Breiðholtinu eru komnir aftur á toppinn og verða á heimavelli þegar liðin mætast í 1. deild karla í kvöld.

„Þetta eru auðvitað öðruvísi leikir en aðrir í sumar og þá sérstaklega fyrir uppöldu leikmennina. Það er alltaf verið að keppa um aðeins meira. Við þekkjumst allir vel og það gerir þetta ennþá skemmtilegra," segir Kristján Ari Halldórsson sem skoraði annað marka ÍR-liðsins í fyrri leiknum. „Við vorum betur tilbúnir en þeir í fyrri leiknum og í rauninni var það bara barátta og leikgleði sem skilaði sigri," segir Kristján.

ÍR-ingar hafa aðeins gefið eftir síðan þá og eru sex stigum á eftir Leikni en með sigri í kvöld væru þeir komnir af fullu inn í baráttuna um sætin tvö upp í Pepsi-deild karla. „Við getum náttúrulega gert þetta mót þvílíkt spennandi með því að vinna þennan leik. Þá verða fjögur eða jafnvel fimm lið í einni klessu þarna í toppbaráttunni," segir Kristján Ari. Leiknismenn hafa fengið meiri athygli en ÍR-ingar í sumar en Kristján Ari er ekkert að pirra sig yfir því. „Það er líka fínt að vera þarna fyrir aftan og geta komið bakdyramegin að þessu. Við erum í baráttunni þannig að við hljótum að vera með nægilega gott til að fara upp," segir Kristján Ari. „Við vorum kannski að stríða Leiknismönnunum rétt eftir sigurinn en svo hélt bara mótið áfram. Það er ekki hægt að lifa endalaust á einum sigurleik frá því í fyrri umferðinni," segir Kristján en það kitlar hann vissulega að vinna báða leikina gegn Leikni í sumar.

„Það væri gaman að hafa unnið báða Breiðholtsslagina en það væri leiðinlegt ef það skilaði ekki neinu í haust. Það væri mun skemmtilegra ef það myndi skila manni einhverju."

## TÖLFRÆÐIN



**30.640** Áhorfendur sem hafa komið á leikina níu eða 3.404 að meðaltali á leik. Flestir komu á 5-0 sigurleik á móti Serbum 21. júní 2007.

**43-0** Markatala íslenska landsliðsins í níu leikjum undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar á Laugardalsvellinum.

**810** Landsliðsfyrirliðinn Katrín Jónsdóttir er eini leikmaðurinn sem hefur spilað alla níu leikina frá upphafi til enda.

**28** Leikmenn sem hafa tekið þátt í þessum níu leikjum landsliðsins á Laugardalsvellinum, 23 þeirra hafa byrjað inn á, 9 hafa skorað og 10 hafa átt stoðsendingu.

**15** Margrét Lára Viðarsdóttir hefur skorað langmest allra leikmanna í leikjunum níu eða 15 mörk í þeim átta leikjum sem hún hefur spilað. Margrét Lára skoraði að minnsta kosti eitt mark í fyrstu sjö leikjunum.

| 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. | 8. | 9. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 16. júní 2007 | 21. júní 2007 | 21. júní 2008 | 26. júní 2008 | 30. okt. 2008 | 15. ágúst 2009 | 17. sept. 2009 | 19. júní 2010 | 22. júní 2010 |
| Frakkland 1-0 | Serbía 5-0 | Slóvenía 5-0 | Grikkland 7-0 | Írland 3-0 | Serbía 5-0 | Eistland 12-0 | Norður-Írland 2-0 | Króatía 3-0 |

# Níu ástæður til að mæta í Dalinn

**Íslenska kvennalandsliðið leggur hundrað prósent árangur sinn að veði þegar áttunda besta kvennalandslið heims mætir í Laugardalinn á menningarnótt. Leikurinn er seinni úrslitaleikur liðanna um sigurinn í riðlinum og Frakkarnir mæta til leiks með tvö mörk í forskot frá því í fyrri leiknum í Lyon fyrir ári.**



**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson sagði í viðtali við Fréttablaðið að það væri allt hægt á Laugardalsvellinum og hann hefur tölfræðina til að sanna það. Framundan er gríðarlega mikilvægur landsleikur við Frakka á vellinum á menningarnótt þar sem stelpurnar okkar reyna við draumaúrslit en gætu einnig með „venjulegum" sigri stigið stórt skref í átt að því að komast inn á annað Evrópumótið í röð.

Það hafa margir frábærir sigrar unnist hjá stelpunum okkar á Laugardalsvellinum síðustu þrjú ár eða allt frá því að liði vann 1-0 sigur á umræddu Frakkaliði í fyrsta heimaleiknum undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar. Þar fæddist EM-vonin sem rættist svo á frosnum Laugardalsvellinum eftir 3-0 sigur á Írum sextán mánuðum seinna.

Í millitíðinni vann íslenska liðið þrjá stórsigra þar á meðal tvo fyrir framan meira en fimm þúsund áhorfendur.

Það er engin tilviljun að Sigurður Ragnar og stelpurnar okkar kalla eftir stuðningi fyrir leikinn á laugardaginn.

Þeir sem voru í Laugardalnum á umræddum leikjum þegar áhorfendatalan fór yfir fimm þúsund manns vita að slíkur stuðningur gefur stelpunum aukaorku.

Sá stuðningu getur gert útslagið í spennuleik eins og þeim sem bíður liðsins klukkan fjögur á laugardaginn.

ooj@frettabladid.is



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Það var létt yfir Margréti Láru Viðarsdóttur og félögum hennar í kvennalandsliðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






Pólska félagið Lechi Gdansk með tilboð í Alfreð:

# Útiloka hvorki Brasilíu, Kasakstan né Pólland

**FÓTBOLTI** Breiðablik staðfesti við Fréttablaðið í gær að pólska úrvalsdeildarfélagið Lechi Gdansk hefði gert tilboð í framherjann Alfreð Finnbogason. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hljóðar tilboðið upp á 15 milljónir íslenskra króna.

Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, sagði við Fréttablaðið í gær að samningaviðræður stæðu enn yfir en hann vonaðist til þess að fá botn í málið fyrir helgi.

„Þeir hafa áhuga á að fá mig og eftir því sem þeir hafa sagt þá vill félagið fá mig til þess að nota mig. Það skiptir miklu máli. Liðið hefur fylgst vel með mér og þjálfarinn þeirra var á leiknum gegn ÍBV. Ég hef ekki áhuga á því að fara út til þess að horfa á og því skiptir máli að vita að félagið hugsar mig sem mann í byrjunarliðið," segir Alfreð en hefur hann áhuga á að fara til Póllands og spila fótbolta?

„Ég útiloka hvorki Brasilíu, Kasakstan né Pólland. Ég er samt ekki dómbær á hversu góðar aðstæður eru fyrr en ég fer þangað út. Ég fer ekkert út í skoðunarferð nema félögin nái saman. Þetta gæti samt orðið góður kostur eins og hvað annað.

Þetta er víst stórt félag og það eru mörg stór félög í Póllandi. Þetta yrði alltaf skref upp á við fyrir mig að fara þangað," segir Alfreð.

Fari svo að félögin nái saman og Alfreð semji við félagið mun hann ekki klára tímabilið með Blikum heldur fara út fyrir mánaðarlok. Það finnst honum erfitt.

„Það yrði afar erfið staða. Auðvitað vill ég klára tímabilið og reyna að verða meistari með Breiðabliki. Ef það kemur aftur á móti upp gott tækifæri til þess að fara þá verð ég líka að hugsa um sjálfan mig. Það yrði samt afar erfitt að fara áður en tímabilinu lýkur."

- hbg, hþh



**EFTIRSÓTTUR** Svo gæti farið að Alfreð klári ekki tímabilið með Blikum í sumar sem yrði reiðarslag fyrir liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


nikerunning.com
JUST DO IT
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ SÍMI 545 1500

**Grindavík 3-1 FH**

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 1.132 Örvar Sær Gíslason (7)

*0-1 Atli Viðar Björnsson (18.)*
*1-1 Gilles Mbang Ondo (23.)*
*2-1 Gilles Mbang Ondo (90.)*
*3-1 Óli Baldur Bjarnason (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–12 (6–2) |
| Varin skot | Óskar 2 – Gunnleifur 3 |
| Horn | 6–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–7 |
| Rangstöður | 3–2 |

| **GRIND.** 4–4–2 | | **FH** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Óskar Pétursson | 6 | Gunnleifur Gunnleifs. | 7 |
| Alexander Magnús. | 5 | Guðm. Sævarsson | 5 |
| Auðun Helgason | 6 | Tommy Nielsen | 6 |
| Ólafur Örn Bjarnason | 7 | Freyr Bjarnason | 5 |
| Jósef Kristinn Jósefs. | 7 | (74., Gunnar Guðm. | -) |
| Scott Ramsay | 6 | Hjörtur Valgarðsson | 6 |
| (57., Ray Jónsson | 5) | Pétur Viðarsson | 5 |
| Orri Freyr Hjaltalín | 7 | Björn Daníel Sverris. | 5 |
| Jóhann Helgason | 6 | Matthías Vilhjálms. | 6 |
| Hafþór Vilhjálmsson | 6 | Ólafur Páll Snorras. | 6 |
| (81., Óli Bjarnason | -) | (74., Gunnar Krist. | -) |
| ***Gilles Ondo** | **8** | Atli Guðnason | 6 |
| Grétar Hjartarson | 5 | (83., Torger Motland | -) |
| (76., Matthías Friðr. | -) | Atli Viðar Björnsson | 6 |

**Maður leiksins*

## ÚRSLIT

*Pepsi-deild karla:*

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍBV** | **16** | **10** | **3** | **3** | **27-16** | **33** |
| Breiðablik | 16 | 9 | 4 | 3 | 36-18 | 31 |
| **FH** | **16** | **7** | **5** | **4** | **29-24** | **26** |
| KR | 15 | 7 | 4 | 4 | 26-20 | 25 |
| **Stjarnan** | **16** | **6** | **5** | **5** | **32-26** | **23** |
| Keflavík | 16 | 6 | 5 | 5 | 17-19 | 23 |
| **Valur** | **16** | **5** | **7** | **4** | **22-26** | **22** |
| Fram | 16 | 5 | 5 | 6 | 23-24 | 20 |
| **Fylkir** | **15** | **5** | **3** | **7** | **27-28** | **18** |
| Grindavík | 16 | 4 | 4 | 8 | 19-24 | 16 |
| **Selfoss** | **16** | **4** | **2** | **10** | **23-36** | **14** |
| Haukar | 16 | 0 | 7 | 9 | 20-39 | 7 |

*Evrópudeild UEFA:*

Rapid Vín-Aston Villa 1-1
Ardhe Nuhiu - Barry Bannan.
OB-Motherwell 2-1
Rúrik Gíslason lék í 74 mínútur fyrir OB.
Liverpool-Trabzonspor 1-0
1-0 Ryan Babel (45.)
AZ Alkmaar-Aktobe 2-0
Jóhann Berg Guðmundsson var í byrjunarliði AZ og Kolbeinn Sigþórsson lék síðustu 16 mín.
Timisoara-Man. City 0-1
0-1 Mario Balotelli (72.).



**MARKI FAGNAÐ** Ryan Babel fagnar marki sínu en Liverpool lagði Trabzonspor, 1-0, í Evrópudeildinni í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

**KR 2-1 Fram**

KR-völlur, áhorf.: 1.246 Einar Örn Daníelsson (4)

*1-0 Baldur Sigurðsson (48.)*
*1-1 Almarr Ormarsson (65.)*
*2-1 Kjartan Henry Finnbogason (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–6 (7–2) |
| Varin skot | Lars 1 – Hannes 4 |
| Horn | 3–11 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–11 |
| Rangstöður | 0–3 |

| **KR** 4–5–1 | | **FRAM** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Lars Ivar Moldsked | 6 | Hannes Halldórsson | 6 |
| Skúli Friðgeirsson | 7 | Jón Orri Ólafsson | 6 |
| Grétar Sigurðarson | 6 | Kristján Hauksson | 5 |
| Mark Rutgers | 6 | Jón Guðni Fjóluson | 6 |
| Jordao Diogo | 4 | Sam Tillen | 5 |
| (90., Guðm. Gunna. | -) | (75., Hörður Magn. | -) |
| Bjarni Guðjónsson | 6 | Daði Guðmunds. | 6 |
| Viktor B. Arnarsson | 5 | Jón Eysteinsson | 5 |
| (75., Egill Jónsson | -) | Halldór H. Jónsson | 6 |
| ***Baldur Sigurðs.** | **8** | Almarr Ormarsson | 7 |
| Kjartan Finnbogason | 6 | Joseph Tillen | 6 |
| Óskar Örn Hauksson | 5 | (84., Hjálmar Þórar. | -) |
| Guðjón Baldvinsson | 5 | Tómas Leifsson | 3 |
| (81., Björg . Takef. | -) | (63., Ívar Björns. | 4) |

**Maður leiksins*

Grindavík vann gríðarlega mikilvægan sigur á Íslandsmeisturum FH í gær:

# Titilvonir FH orðnar afar litlar

**FÓTBOLTI** Íslands- og bikarmeisturum FH var svo sannarlega kippt niður á jörðina þegar þeir töpuðu fyrir Grindavíkingum í 16. umferð Pepsi-deildar karla í gærkvöldi. Lokaúrslit urðu 3-1 fyrir Grindvíkinga sem skoruðu tvö mörk undir lok leiksins og tryggðu sér afar dýrmætan sigur í fallbaráttunni.

„Við spiluðum alls ekki í vel og töpuðum því leiknum,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, sem þvertekur fyrir að liðið hafi ekki verið tilbúið í leikinn vegna mikils fagnaðar eftir bikarsigur um liðna helgi.

„Það eru liðnir margir dagar og ef lið fagnar ekki eftir að verða bikarmeistari, hvenær á það þá að fagna? Við vorum hins vegar aldrei líklegir í þessum leik og mættum liði sem vildi sigurinn meira.“

FH byrjaði leikinn vel og komst yfir með marki Atla Viðars Björnssonar en það reyndist ekki nóg. Heimir segir að FH sé ekki úr leik í titilbaráttunni. „Ég er ekki sammála því að við séum úr leik í baráttunni um titilinn. Við munum berjast til loka.“

Auðun Helgason, varnarjaxl í liði Grindavíkur, var kampakátur með úrslitin. „Þetta er frábær sigur og mikill karaktersigur fyrir okkur. Við höfum aldrei barist svona mikið og vildum ná sigri,“ segir Auðun sem hrósar Gilles Mbang Ondo sérstaklega fyrir frábæran leik en hann skoraði tvö mörk fyrir heimamenn og lagði upp það þriðja. „Það er stórkostlegt að eiga framherja eins og Ondo sem kláraði færin frábærlega.“ - jjk



**KRAFTAVERKAMAÐUR?** Ólafur Örn Bjarnason hefur ótrúlega góð áhrif á Grindavíkurliðið.

# Vígsla sem mun seint gleymast

**Selfyssingar vígðu nýja grasvöllinn með því að vinna ótrúlegan 3-2 sigur á Keflavík. Gestirnir leiddu 0-2 í hálfleik og virtust eiga sigurinn vísan. Baráttuglaðir Selfyssingar sneru taflinu síðan sér í hag og unnu.**

**FÓTBOLTI** „Þessi sigur gefur okkur gríðarlega mikið. Við sýndum þvílíkt mikinn karakter og sýndum bara hvað liðið okkar getur gert,“ sagði Selfyssingurinn Viktor Unnar Illugason eftir 3-2 sigur á Keflavík í vígsluleiknum á nýja grasvellinum í gærkvöldi.

Keflavík komst í 2-0 í fyrri hálfleik og fékk fjölda færa til að auka muninn. Selfossliðið kom hins vegar gerbreytt inn í seinni hálfleik, með baráttuna að vopni og gestirnir úr Keflavík áttu bara engin svör.

Viktor Unnar spilaði heldur betur stórt hlutverk við að landa sigrinum í lokin. Hann jafnaði leikinn svellkaldur úr vítaspyrnu sem hann þurfti að endurtaka og lagði síðan upp sigurmarkið fyrir varamanninn Viðar Örn Kjartansson. Viðar hafði komið inn á 76. mínútu og fiskaði víti og skoraði gott mark á fjórtán eftirminnilegum mínútum.

„Ég viðurkenni það alveg að ég var stressaður í vítinu, sérstaklega af því að það var búið að dæma fyrsta vítið ógilt,“ sagði Viktor sem leit þó út fyrir að vera algjörlega taugalaus þegar hann lyfti boltanum í mitt markið í vítinu og jafnaði þá leikinn í 2-2 tíu mínútum fyrir leikslok. „Ég hugsaði bara að það væri öruggast að taka vítið svona því ég var búinn að setja hann í hornið,“ sagði Viktor kátur og hann er pottþéttur á að Selfoss muni bjarga sér. „Við erum að fara að bjarga okkur, það er ekki spurning,“ sagði Viktor.

„Ég er gríðarlega stoltur af strákunum og hér sýndu menn ótrúlegan karakter í seinni hálfleik. Við rúlluðum aðeins yfir það í leikhléinu hvernig menn vildu muna eftir fyrsta leiknum á þessum velli og það sýndi sig bara í seinni hálfleik hvernig við ætluðum að muna eftir honum. Þetta var frábær endurkoma gegn sterku Keflavíkurliði sem fór illa með okkur í fyrri hálfleik,“ sagði Guðmundur Benediktsson, þjálfari Selfoss.

Keflvíkingar voru að vonum svekktir og pirraðir í leikslok. „Ég veit ekki hvað ég á að segja því við áttum að klára þennan leik. Við skorum tvö mörk og það á að duga. Við gjörsamlega yfirspiluðum Selfossliðið og réðum leiknum alveg í fyrri hálfeik. Þeir pressuðu á okkur í seinni hálfleik og við réðum illa við það,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflvíkinga.

Selfyssingar buðu heldur betur upp á eftirminnilegan vígsluleik í gær og hver veit nema neistinn sem kviknaði í gær gæti dugað liðinu til að vinna sig út úr afar erfiðri stöðu í fallbaráttunni.

ooj@frettabladid.is



**HETJURNAR** Viðar Örn Kjartansson kom af bekknum, fiskaði víti og skoraði sigurmarkið. Viktor Unnar Illugason skoraði líka og lék best allra. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓÓJ

**SELFOSS 3-2 KEFLAVÍK**

*0-1 Magnús Þórir Matthíasson (12.)*
*0-2 Hörður Sveinsson (37.)*
*1-2 Jón Guðbrandsson (52.)*
*2-2 Viktor Unnar Illugason, víti (81.)*
*3-2 Viðar Örn Kjartansson (88.)*

Selfossvöllur, áhorf.: 1.239

Dómari: Gunnar Jarl Jónsson (8)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 13–12 (6–8) |
| Varin skot | Jóhann 4 – Lasse 2 |
| Horn | 9–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–14 |
| Rangstöður | 10–2 |

**Selfoss 4–5–1** Jóhann Ólafur Sigurðsson 7 - Martin Dohlsten 5, Jón Guðbrandsson 6, Agnar Bragi Magnússon 6, Guðmundur Þórarinsson 6 - Gunnar Borgþórsson 4 (46., Einar Ottó Antonsson 6), Jean YaoYao 6, Jón Daði Böðvarsson 6, Arilíus Marteinsson 5 (77., Viðar Örn Kjartansson -), Sævar Þór Gíslason 4 (85., Ingi Rafn Ingibergsson -), **Viktor Unnar Illugason 7 - Maður leiksins**.

**Keflavík 4–5–1** Lasse Jörgensen 5 - Guðjón Árni Antoníusson 5 (86, Andri Steinn Birgisson -), Bjarni Aðalsteinsson 6, Haraldur Freyr Guðmundsson 5, Alen Sutej 5 - Einar Orri Einarsson 5, Hólmar Örn Rúnarsson 6, Magnús Þorsteinsson 5, Guðmundur Steinarsson 5 (85., Brynjar Guðmundsson -), Magnús Matthíasson 5, Hörður Sveinsson 5.

Kjartan Henry Finnbogason tryggði KR sigur á elleftu stundu gegn Fram í Vesturbænum í gær:

# KR mjakast nær toppnum með hverjum leik

**FÓTBOLTI** „Ég trúi þessu varla enn þá, ég var búinn að vera svo ógeðslega lélegur í þessum leik,“ sagði Kjartan Henry Finnbogason sem tryggði KR-ingum mikilvægan og sykursætan sigur á erkifjendunum í Fram með glæsilegu sigurmarki í blálokin.

„Ég hélt að þetta myndi ekki detta með mér í dag. Ég var að missa boltann mikið og var ekki beint inni í leiknum,“ sagði Kjartan sem þó lagði upp fyrsta markið í leiknum fyrir Baldur Sigurðsson. „Það var ansi mikilvægt að ná að vinna þennan leik til að halda áfram á þessu skriði sem við erum á í deildinni.“

Staða KR-inga í deildinni hefur umturnast á skömmum tíma með sigurgöngu sem hófst þegar Rúnar Kristinsson tók við liðinu. Vesturbæingar eiga leik inni á önnur lið í efri hlutanum og með sigri þar verður liðið aðeins fimm stigum frá toppsætinu.



**TEKIST Á** Það fór meira fyrir baráttu en góðu spili í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er bara gamla klisjan, við getum ekki verið að hugsa um önnur lið. Við höfum átt í nægilegu basli með okkur sjálfa. En þetta er komið í rétta átt. Við erum farnir að hafa miklu meira gaman af þessu,“ sagði Kjartan.

Framarar eru á niðurleið og var þetta fjórði tapleikur þeirra í röð. Þá var þetta níundi leikur liðsins í Frostaskjólinu í röð án sigurs. Þorvaldur Örlygsson var óhress í viðtölum eftir leik eins og búast mátti við.

„Mér fannst við spila vel í dag og vorum með öll völd í fyrri hálfleik. Við byrjuðum seinni hálfleik skelfilega en samt fannst mér við vera með góð tök á leiknum. Enn og aftur erum við að fá á okkur mörk og náum ekki að klára leikina,“ sagði Þorvaldur.

Eins og leikir gærkvöldsins spiluðust vel fyrir KR þá spiluðust þeir herfilega fyrir Framara. Skyndilega eru þeir bláklæddu aðeins sex stigum frá fallsæti. Eftir góða byrjun á sumrinu hefur liðið farið algjörlega út af sporinu og ljóst að Þorvaldur á erfitt verkefni fyrir höndum að koma því aftur á beinu brautina. Þeir voru ekki verri aðilinn á heildina litið í gær en bitið í sóknarleiknum lítið sem ekkert.

- egm

## Opið til kl.18 í kvöld og laugardag kl. 12-16

**Komdu og sjáðu úrvalið á rýmingarsölu hjá Thrifty bílaleigu**

# Gerðu bílakaup dagsins!

Notaðu tækifærið og gerðu góð kaup á notuðum bíl í dag. Thrifty bílaleiga þarf að rýma til fyrir veturinn. Komdu og sjáðu úrvalið af fólksbílum, jeppum, sportjeppum og sendiferðabílum sem standa þér til boða með alvöru afslætti. Reynsluaktu smáum og stórum gæðabílum í öllum verðflokkum frá Thrifty bílaleigu. Komdu í dag og gerðu frábær kaup.

**Thrifty bílaleiga rýmir til fyrir veturinn**

Rýmingarsala á bílaleigubílum

Opið til 18 í kvöld

**Ford Escape XLT (MZ601)**
Skrd. 05/2007
Thrifty rýmingarverð 2.270.000 kr.



Þessi bíll er í hópi bíla í leit að nýjum eiganda.
***Komdu í dag og skoðaðu úrvalið!***

**Komdu í dag!**
Nýttu tækifæri þessa árs!
Kauptu bíl af Thrifty. Frábært úrval af fólksbílum og sportjeppum og jeppum á frábærum kjörum.

## Rýmingarsala! Kauptu bíl á rýmingarverði af Thrifty

**Þú finnur okkur þar sem Brimborg er, að Bíldshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri. Sölufulltrúar Brimborgar sjá um söluráðgjöf fyrir Thrifty.**

Opið til kl. 18 í kvöld

**Thrifty Íslandi**
Bíldshöfða 6
110 Reykjavík
Sími 515 7115

**Thrifty Íslandi**
Tryggvabraut 5
600 Akureyri
Sími 515 7115

Thrifty® Bílaleiga
www.thrifty.is

Dregið í 32 liða úrslit Meistaradeildarinnar þar sem Valur fer til Spánar en Blikar mæta liðinu sem þeir spiluðu við í undankeppninni:

# Rosalegur getumunur á þeim sem við gátum fengið

**FÓTBOLTI** Þjálfarar Breiðabliks og Vals voru báðir varkárir eftir Meistaradeildardráttinn í gær. Dregið var í 32 liða úrslit þar sem Valur mætir Rayo Vallecano de Madrid frá Spáni en Blikar franska liðinu Juvisy sem það þekkir vel. Liðin mættust í forkeppninni þar sem þau skildu jöfn 3-3.

Valur mætir Arsenal frá Englandi eða Mašinac frá Serbíu komist liðið áfram en Blikar mæta Zürich frá Sviss eða Torres frá Ítalíu sem sló einmitt Val út í fyrra.

„Þetta er ekki óskadráttur en samt skemmtilegt verkefni," segir Freyr Alexandersson, þjálfari Vals. „Það var rosalegur getumunur á þeim liðum sem við áttum möguleika á að fá. Það er fáránlegt hvað munar miklu á fjórum bestu og fjórum slökustu," segir þjálfarinn.

„Við erum að mæta einu af þremur bestu liðunum sem við gátum mætt. Þetta er hörkuskemmtilegt verkefni og það eru mjög góðir möguleikar þarna. Við erum að fara í tvo erfiða leiki en það er jákvætt að möguleikarnir eru til staðar. Við ætlum okkur áfram í 16 liða úrslitin og þar bíður Arsenal eftir okkur. Það er skemmtilegt," sagði Freyr.

Valur er í tíunda sæti á styrkleikalista UEFA en Rayo Vallecano í sæti númer 22. Breiðablik er í átjánda sæti en Juvisy í tólfta sæti.

„Ég er svekktur, það er ekkert gaman að mæta sama liðinu aftur. Ég hefði alveg verið til í að fá annað lið," sagði Jóhannes Karl Sigursteinsson, þjálfari Blika. Heyra mátti á honum að þetta var enginn draumadráttur.

„Getulega er þetta þó í lagi. Við gerðum jafntefli við þær hérna heima og eigum svolítið inni. Juvisuy sýndi líka í þessum leikjum að þær geta átt slaka leiki. Það er lykilatriði að halda hreinu í fyrri leiknum heima en það er kostur og galli að þekkja andstæðinginn svona vel. Þær þekkja okkur auðvitað á móti en stundum er gaman að vita ekki alveg við hverju maður á að búast," sagði þjálfarinn.

Fyrri leikirnir fara fram 22. eða 23. september og síðari leikirnir 13. eða 14. október. **- hþh / - óój**



**FAGNAÐ** Harpa Þorsteinsdóttir fagnar marki gegn Juvisy. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Eggert Magnússon:

## Endurkoma í enska boltann?

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon var í gær sagður vera í viðræðum við forráðamenn Sheffield Wednesday um að festa kaup á hinu sögufræga félagi. Það er í miklum fjárhagskröggum og skuldar tæpar 30 milljónir punda og því fæst það á sannkölluðu tombóluverði, aðeins fimm milljónir punda.

Eggert hefur lítið látið fyrir sér fara síðan hann var rekinn frá West Ham fyrir þremur árum. Hann er sagður leiða hóp fjárfesta sem vilja byggja Miðvikudagsfélagið upp á nýjan leik.

Félagið er fallið niður í þriðju efstu deild en það á dygga stuðningsmenn og til að mynda mættu 23 þúsund manns á heimaleik félagsins um síðustu helgi.

Félagið var stofnað árið 1867 og er þriðja elsta félagið í Englandi. Tveir aðrir hópar eru sagðir áhugasamir um að kaupa félagið. Annar þeirra er frá Bandaríkjunum en hinn leiða tveir stuðningsmenn félagsins frá því í æsku. **- hþh**



**SAMNINGSLAUS** Hermann getur samið við hvaða félag sem er og er ekki bundinn við félagaskiptagluggann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hermann Hreiðarsson:

## Er í viðræðum við fleiri félög

**FÓTBOLTI** Ekki er útilokað að Hermann Hreiðarsson verði áfram hjá Portsmouth. Varnarjaxlinn hefur átt í viðræðum við „tvö til þrjú félög" til viðbótar auk þess sem hann ræðir enn við félag sitt.

Þetta staðfestir Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Hermanns. Hann segir að viðræður séu í fullum gangi en ekki liggi á að klára neina samninga fyrir lok félagaskiptagluggans þar sem Eyjamaðurinn er samningslaus.

Það þýðir að hann getur samið við hvaða lið sem er, hvenær sem er. Líklegt er að mörg félög vilji styrkja vörnina hjá sér í haust, um það leyti sem Hermann verður leikfær en hann er óðum að ná sér eftir að hafa slitið hásin. Hann ætti að verða klár í slaginn um miðjan október. **- hþh**

Jón Guðni Fjóluson gæti verið á leiðinni til stórliðsins PSV Eindhoven:

# Góður staður til að bæta sig

**FÓTBOLTI** Jón Guðni Fjóluson er kominn heim frá PSV Eindhoven í Hollandi þar sem hann dvaldi í fimm daga. Jón Guðni fór út á fimmtudaginn í síðustu viku og kom heim á þriðjudaginn.

Hann æfði með liðinu og spilaði einnig leik sem settur var upp til að sjá hann spila. Þar lék blanda af varaliðsleikmönnum og ungum leikmönnum þar sem Jón stóð sig vel að eigin sögn.

„Þetta gekk mjög vel hjá mér. Ég er ánægður með ferðina og þetta var allt til fyrirmyndar. Leikurinn sem ég spilaði gekk bara vel líka,“ sagði Jón Guðni við Fréttablaðið í gær.

Hann segist vera spenntur fyrir því að ganga í raðir félagsins sem hefur unnið 21 meistaratitil, síðast árið 2008. Fred Rutten er stjóri liðsins sem lenti í þriðja sæti í hollensku deildinni á síðasta tímabili.

„Þetta er góður staður til að fara til að bæta sig í fótbolta,“ sagði Jón Guðni.

Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, segir að forráðamenn PSV muni hafa samband við Framara um helgina. Þar gæti félagið boðið í Jón Guðna sem hefur leikið mjög vel með Fram í sumar.

„Þeir eru að spila Evrópuleik núna og hafa því ekkert verið í sambandi við okkur enn þá. Við munum ræða við þá þegar þeir snúa aftur frá Úkraínu,“ segir þjálfarinn en PSV tapaði fyrri leiknum sínum í gær, 1-0 fyrir Sibir Novosibirsk.

Jón er lykilmaður í liði Framara og skarð hans yrði vandfyllt færi hann út í sumar. - hþh



**GÆTI FARIÐ ÚT** Jón Guðni fagnar hér marki með ungmennalandsliði Íslands gegn Þjóðverjum. Þar voru forráðamenn PSV að fylgjast með honum ásamt útsendurum fleiri félaga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÍSLENSKI BOLTINN** Stelpurnar í Pepsi-deildinni hafa ekki heillað þjálfarann.

Sigurður Ragnar gagnrýninn:

## Fáar hafa bætt sig á þessu ári

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins, er ekki alltof ánægður með þróun mála í kvennaboltanum í sumar. Hann valdi 22 manna landsliðshóp sinn á mánudag en í liðið vantar mikið af sterkum leikmönnum sem eru frá vegna meiðsla. Landsliðsþjálfarinn hefði viljað sjá meiri framfarir hjá íslenskum knattspyrnukonum á þessu ári.

„Mér finnst meðalmennska vera svolítið ráðandi í deildinni í sumar. Það hafa fáir leikmenn stigið fram og virkilega skarað fram úr. Ef ég ber frammistöðu leikmanna í ár saman við frammistöðuna í fyrra þá finnst mér mjög fáir leikmenn hafa bætt sig,“ segir Sigurður Ragnar.

„Það eru mjög fáar að spila betur í ár heldur en í fyrra. Ég er alltaf að leita að þeim sem skara fram úr. Einum og einum leikmanni hefur tekist að skara fram úr og vonandi sjáum við eitt eða tvö ný andlit skara fram úr á móti Frökkum,“ sagði Sigurður. - óój



**Í HVÍTU** Eiður átti fína spretti með Tottenham inn á milli. AFP

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Gæti farið aftur til Tottenham

**FÓTBOLTI** Enn er möguleiki á því að Eiður Smári Guðjohnsen fari aftur til Tottenham. Eiður er á förum frá Monaco og hefur verið sterklega orðaður við Fulham undanfarið.

„Við vorum með Eið Smára á síðasta ári og við vorum mjög hrifnir af honum. Ég held að Monaco vilji enn lána hann og ég er mjög hrifinn af honum,“ sagði Harry Redknapp, stjóri Tottenham.

„Eina vandamálið er að ég er nú þegar með fjóra framherja. Reyndar getur Eiður spilað í holunni fyrir aftan þá og nýst á ýmsum stöðum. Það er enn möguleiki á því að hann komi til okkar aftur,“ sagði Redknapp. - hþh



> **Lindsey Lohan**

„Aldrei að segja aldrei. Hlutir sem gerast óvart eru skemmtilegastir. Ég er mjög hvatvís manneskja."

***Vandræðagemlingurinn Lindsey Lohan leikur eitt hlutverkanna í kvikmyndinni Bobby, sem er á dagskrá Sjónvarpsins kl. 22.10 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON FINNUR MERKILEGT TÆKI

# *Bjargvætturinn frá sömu bókinni*

Þegar börn ná ákveðnum aldri fer þeim að þykja gaman að lesnar séu fyrir þau sögur. Foreldrum þykir þetta skeið ekkert síður skemmtilegt, það tekur við af frekar pögulli peladrykkju og nuddi. Það er líka ansi notalegt að rifja upp söguna um græna hattinn sem leiðist óskaplega í hattabúðinni og finnur lífsförunaut sinn í litlli telpu eða frásögnina af jarðálfinum Láka en hann nær með góðverkum sínum að breytast úr prakkara í fallega innrættan strák.

Börn eru hins vegar í eðli sínu vanaföst. Og því krefst það töluverðar þolinmæði að lesa fyrir börn sem eru rétt nýbyrjuð á þessu skeiði. Þau geta sett fram sterkar skoðanir á því hvað þau vilja heyra og hvað ekki og oftast eru það sömu bækurnar. Á mínu heimili eru það Láki, Græni hatturinn og tvær múmínálfabækur. Að minnsta kosti. Börnum þykir nefnilega svo þægilegt að heyra og sjá eitthvað sem þau þekkja.

Slíkar þarfir geta hins vegar tekið á þreytta foreldra sem eru kannski komnir með nóg af því að lesa um ævintýri múmínálfsins eða spennandi flótta hemúlsins undan hattífötum í tíunda sinn… á jafnmörgum dögum. Og þá getur Útvarp Latibær bjargað kvöldinu. Því þótt Íþróttaálfinum hafi formlega verið úthýst af heimilinu og hann dæmdur í útlegð þá býður Latabæjarútvarpið upp á sögulestur og rólegar vögguvísur um svipað leyti og smáfólkið leggst á koddann með allar sínar kröfur og þarfir. Þess vegna er kannski ágætt fyrir útivinnandi pabba og mömmur að beita þessu tæki, þótt ekki væri nema endrum og eins, til að hvíla sig aðeins á bókinni sem þiggur líka kærkomna hvíld.



**SAMA SAGAN** Börn eru vanaföst í eðli sínu og vilja þess vegna oftast heyra sömu söguna, aftur og aftur… aftur og aftur.

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.45 The Simpsons** STÖÐ 2



▶ **20.00 I now Pronounce You Chuck and Larry** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 Biggest Loser** SKJÁREINN



▶ **20.15 Oprah's Big Give** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.10 Bobby** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Áfangastaðir - Reykjanesfólkvangur** (8:12)

**17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Löngufjörur** (17:24)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fyndin og furðuleg dýr** (25:26)

**17.35 Fræknir ferðalangar** (59:91)

**18.00 Leó** (21:52)

**18.05 Manni meistari** (11:13)

**18.30 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Golfkeppni allra tíma** (The Greatest Game Ever Played) Bandarísk bíómynd frá 2005. Myndin er byggð á sannri sögu og segir frá opna bandaríska meistaramótinu í golfi 1913 þar sem tvítugur piltur, Francis Quimet, átti í höggi við átrúnaðargoð sitt, Englendinginn Harry Vardon. (e)

▶**22.10 Bobby** (Bobby) Bandarísk bíómynd frá 2006. Þetta er sagan af því er öldungadeildarþingmaðurinn Robert F. Kennedy var skotinn til bana á Ambassador-hótelinu í Los Angeles að morgni 5. júní 1968. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. (e)

**00.05 Wallander – Brögð í tafli** (Wallander: Täckmanteln) Sænsk sakamálamynd frá 2006. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)

**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Speed Racer**

**10.10 Dave Chappelle's Block Party**

**12.00 Flubber**

**14.00 Speed Racer**

**16.10 Dave Chappelle's Block Party**

**18.00 Flubber**

▶**20.00 I Now Pronounce You Chuck and Larry**

**22.00 Analyze This**

**00.00 Fantastic Four: Rise of the Silver Surfer**

**02.00 Ghost Rider**

**04.00 Analyze This**

**06.00 When Harry Met Sally**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Elías, Hvellur keppnisbíll, Kalli litli kanína og vinir, Lalli

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Beauty and the Geek** (5:10)

**11.00 60 mínútur**

**11.50 Amne$ia** (2:8)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Project Runway** (11:14)

**13.45 La Fea Más Bella** (222:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (223:300)

**15.25 Wonder Years** (8:17)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli kanína og vinir, Tommi og Jenni

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (1:25)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 American Dad** (9:20)

▶**19.45 The Simpsons** (9:21) Tuttugasta þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu.

**20.10 Ameríski draumurinn** (1:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng. Þeim til aðstoðar í ferðinni eru þeir Egill Gilzenegger og Villi Naglbítur.

**20.50 A Fish Called Wanda** Sígild og drepfyndin gamanmynd þar sem þeir Monty Python-snillingar John Cleese og Michael Palin fara á kostum ásamt Kevin Kline og Jamie Lee Curtis.

**22.35 Silent Hill** Hrollvekjandi spennutryllir byggður á samnefndum tölvuleik.

**00.35 Lonesome Hill** Gráglettin gamanmynd í anda Garden State með Casey Affleck í aðalhlutverki.

**02.05 The Hand That Rocks the Cradle**

**03.50 Ameríski draumurinn** (1:6)

**04.35 American Dad** (9:20)

**05.00 The Simpsons** (9:21)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Selfoss - Kefalvík** Sýnt frá leik Selfoss og Keflavíkur í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**17.20 Liverpool - Trabzonspor** Sýnt frá leik Liverpool og Trabzonspor í umspili fyrir Evrópudeildina í knattspyrnu.

**19.00 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

**19.40 Turning Stone Resort Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA-mótaröðinni skoðuð í þaula.

**20.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.

**21.00 NBA-körfuboltinn: LA Lakers - Boston** Útsending frá leik Lakers og Boston í úrslitum NBA-körfuboltans.

**23.30 Prague 1** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en til leiks eru mættir margir af bestu og snjöllustu pókerspilurum heims. Að þessu sinni fer mótið fram í Prag.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.50 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara.

**16.50 Aston Villa - West Ham** Útsending frá leik Aston Villa og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

**18.40 Blackburn - Everton** Útsending frá leik Blackburn og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.

**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.

**22.00 Football Legends - Rivellino**

**22.30 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.

**23.00 Bolton - Fulham** Útsending frá leik Bolton og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Dynasty** (16:30) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.40 Dynasty** (17:30)

**17.25 Rachael Ray**

**18.10 Three Rivers** (11:13) (e)

**18.55 How To Look Good Naked - Revisited** (1:6) (e)

**19.45 King of Queens** (9:13) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.

▶**20.10 Biggest Loser** (17:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið. Úrslitastundin nálgast og það eru aðeins fjórir keppendur eftir. Þeir snúa heim frá Ástralíu án þjálfara sinna og þurfa sjálfir að sjá um æfingarnar síðustu vikuna á heilsuhælinu.

**21.35 Bachelor** (3:11) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum. Tólf stelpur standa eftir og tvær þeirra fá tækifæri til að kynnast honum betur á rómantískum stefnumótum en hinar þurfa að stætta sig við að fara á hópstefnumót. Í lok þáttarins fá aðeins 9 þeirra rósir.

**23.05 Parks & Recreation** (16:24) (e)

**23.30 Law & Order: Special Victims Unit** (2:22) (e)

**00.20 Life** (18:21) (e)

**01.10 Last Comic Standing** (8:11) (e)

**01.55 King of Queens** (9:13) (e)

**02.20 Premier League Poker II** (3:15) Skemmtilegt pókermót þar sem 12 af sterkustu pókerspilurum heims reyna með sér.

**04.05 Girlfriends** (21:22) (e)

**04.25 Jay Leno** (e)

**05.10 Jay Leno** (e)

**05.55 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórninni líst illa á klaufana Árna Pál og Gylfa.

**21.00 Golf fyrir alla** Við spilum sjöttu og sjöundu braut í Borgarnesi með Bjarka klúbbmeistara.

**21.30 Eldum íslenskt** Það gerist ekki betra íslenska nýmetið.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD




**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Ameríski draumurinn

Sveppi og Villi keppa við Audda og Gillz í æsilegum kappakstri þvert yfir Bandaríkin.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Analyze This**

**Stöð 2 bíó kl. 22.00**

Stjörnum prýdd gamanmynd um harðsvíraðan mafíósa, Don, sem heldur á fund sálfræðings vegna kvíðakasta. Margt skemmtilegt kemur upp á yfirborðið, en á Don hvíla mörg og stór leyndarmál úr undirheimum mafíunnar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Kall sat undir kletti
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Eldfórnin
**15.25** Rölt milli grafa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Jazzhátíð Reykjavíkur 2010
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Tónlist fólksins
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hringsól
**21.30** Kvöldsagan: Rómeó og Júlía í sveitaþorpinu
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur

▶**20.15 Oprah's Big Give** (5:8) Þáttaröð þar sem sjónvarpsdrottningin Oprah Winfrey skipuleggur heljarinnar reisu um Bandaríkin og lætur tíu ólíka einstaklinga keppa innbyrgðis í gjafmildi. Þeir fá til umráða umtalsverða fjármuni sem þeir geta ráðstafað að vild til góðgerðamála og þeirra sem virkilega þurfa á aðstoð að halda.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 NCIS: LA** (2:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjallar um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.

**22.30 The Closer** (8:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.

**23.15 The Forgotten** (5:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.

**00.00 Oprah's Big Give** (5:8)

**00.45 The Doctors**

**01.25 Ameríski draumurinn** (1:6)

**02.10 Fréttir Stöðvar 2**

**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** Black Adder **13.00** Black Adder **13.35** My Family **14.05** My Family **14.35** ,Allo ,Allo! **15.05** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** Fawlty Towers **18.00** Harry And Paul **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Little Britain **19.30** Hustle **20.25** The Jonathan Ross Show **21.15** Harry And Paul **21.45** Come Dine With Me **22.10** The Jonathan Ross Show **23.00** Torchwood **23.50** Fawlty Towers

## DR 1

**12.00** Redningstjenesten på vej **12.30** Nabokrig **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Radiserne **14.30** AF1 - alle for 1 **14.50** Alfred **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Sallies historier **15.30** Fredagsbio **15.40** Alfons Åberg **15.50** Lillefinger **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2010 **19.00** TV Avisen **19.30** Charlie's Angels: Uden hæmninger **21.10** Mr. Jones **23.00** Boogie Mix

## NRK 1

**12.20** Ut i naturen **12.45** Solens mat **13.15** Diamond League fra Zürich **14.25** Diamond League fra Zürich **15.30** Tingenes tilstand **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Ønske-Fleksnes **18.35** Pionertida i NRK Fjernsynet **19.35** Med lisens til å sende **20.35** Ønske-detektimen **21.15** Kveldsnytt **21.35** The Norwegian Solution **23.05** Little Britain USA **23.35** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.30** Mat och grönt på Friland **13.00** Engelska Antikrundan **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Så såg vi sommaren då **15.00** Vägen till öriket **15.30** Grön glädje **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundkoll **16.45** Jakten på den perfekta maträtten **16.55** Grön glädje **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Efter bröllopet **21.00** Friidrott **21.20** Nightmares and dreamscapes **22.05** Lucky Number Slevin **23.50** Val 2010: Tom Alandh i Sverige




## VENJULEG HELGI



*„Ég ætla á útitónleika á Faktorý á menningarnótt en þó vera stillt og prúð því á sunnudaginn verð ég hress þar sem unnustinn verður guðfaðir hennar Kolbráar. Inn á milli mun ég síðan standa í opnunarundirbúningi Fjallkonubakarísins. Helgin verður því smá stund milli stríða.“*

Lára Guðrún Jóhönnudóttir, fjölskyldukaffihúsafrumkvöðull.



**LÁRÉTT**
**2.** teikning af ferli, **6.** frá, **8.** fæða, **9.** slagbrandur, **11.** fyrir hönd, **12.** land í Asíu, **14.** kryddblanda, **16.** í röð, **17.** væl, **18.** til viðbótar, **20.** þessi, **21.** sníkjur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ónæði, **3.** guð, **4.** plöntutegund, **5.** skip, **7.** margbrotinn, **10.** púka, **13.** mælieining, **15.** skál, **16.** húðpoki, **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** graf, **6.** af, **8.** ala, **9.** slá, **11.** pr, **12.** kórea, **14.** karrí, **16.** hí, **17.** gól, **18.** enn, **20.** sá, **21.** snap.
**LÓÐRÉTT: 1.** rask, **3.** ra, **4.** alparós, **5.** far, **7.** flókinn, **10.** ára, **13.** erg, **15.** ílát, **16.** hes, **19.** na.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 10.

1. Helgi Þór Ingason.
2. Lechi Gdansk.
3. Frank Hvam.




# Kaffihús Dóru slær í gegn hjá Dönum

„Hér er búið að vera brjálað að gera síðan við opnuðum,“ segir Dóra Takefusa en hún er nýbúin að opna kaffihúsið Lyst á Norðurbrú í Kaupmannahöfn. Dóra segir viðtökurnar hafa farið fram úr sínum björtustu vonum og hún bjóst alls ekki við þessu. „Við ætluðum að opna í rólegheitum fyrir tveimur vikum og kannski senda sms á vini og kunningja og segja þeim að kíkja við. Svo bara fylltist staðurinn um leið og hefur varla tæmst síðan,“ segir Dóra.

„Sitt hvoru megin við okkur eru tvær stórar danskar kaffihúsakeðjur svo ég var alveg búin að búa mig undir að þetta myndi taka smá tíma en við byrjuðum bara strax að ræna kúnnunum þeirra,“ segir Dóra hlæjandi en kaffihúsið býður upp á léttar veitingar og svo er íslenskt kaffi á boðstólum.

Það má því segja að kaffihúsið sé hálfgert Íslendingakaffihús því allir starfsmenn þess eru frá Íslandi. „Við erum með kaffi frá Te&kaffi en ég ætla líka að selja baunapoka frá fyrirtækinu hér á kaffihúsinu,“ segir Dóra og bætir við að íslenska kaffið hafi lagst vel í viðskiptavinina.

Dóra segir hverfið sem kaffihúsið er í rólegt og að margir viðskiptavinir komi á leið sinni í vinnuna. „Hverfið er mjög kaffihúsavænt og hér býr fólk sem hefur gaman af því að hanga á kaffihúsum,“ segir Dóra og viðurkennir að kaffihúsabransinn sé frábrugðinn barrekstri en hún hefur rekið barinn Jolene á Vesterbro síðan árið 2007. „Það er mikil vinna að vera með eldhús, þó að við bjóðum bara upp á létta kaffihúsarétti. En þetta er æðislega gaman og náttúrulega bara frábært að okkur sé tekið svona vel.“

- áp



**VEL TEKIÐ** Dóra Takefusa er ánægð með móttökurnar sem nýopnað kaffihús hennar í Kaupmannahöfn hefur fengið.

**ERNA ÞÓRARINSDÓTTIR:** ANÍTA AFSLÖPPUÐ FYRIR BRÚÐKAUPIÐ

# Aníta Briem giftir sig í dag

„Við erum bara á leiðinni á æfingu í kirkjunni núna og allt gengur svakalega vel,“ segir Erna Þórarinsdóttir söngkona en dóttir hennar, Hollywood-leikkonan Aníta Briem, gengur í það heilaga með unnusta sínum Dean Paraskevopoulus í dag. Athöfnin fer fram á grísku eyjunni Santorini en eyjan er einmitt fræg fyrir að vera sögusvið söngvamyndarinnar Mamma Mia.

Erna segir umhverfið og eyjuna vera stórkostlegt. „Þetta er bara alveg yndislegt hérna, frábært veður og allir glaðir og ánægðir.“ Spurð hvort Aníta sé nokkuð stressuð eins og margar verðandi brúðir eru daginn fyrir stóra daginn, svarar Erna neitandi „Nei, alls ekki, það er allt svo þægilegt og allir mjög afslappaðir hérna.“

Níutíu gestir eru mættir til Grikklands til að heiðra brúðhjónin en Aníta sagði í samtali við Fréttablaðið fyrr í sumar að veislan yrði í tvær vikur. Erna gerir ráð fyrir að flestir gestirnir verði allavega fram yfir helgi. „Við erum um 30 Íslendingar hérna, ættingjar og nánir vinir, og svo gríska fjölskylda hans og fullt af vinum frá Los Angeles. Alveg frábær hópur,“ segir Erna og bætir við að nokkur fræg andlit séu meðal gesta. Til dæmis leikarinn úr sjónvarpsþáttaröðinni House og kvikmyndinni Alfie, Omar Erps, en hann framleiðir myndina You, me & the Circus sem Aníta leikur í.

Þrátt fyrir að brúðkaupið sé haldið í útlöndum er íslenskur bragur yfir viðburðinum. Stjörnupresturinn Pálmi Matthíasson mun gefa parið saman og allar brúðarmeyjarnar eru í kjólnum frá íslenska fatamerkinu Emami. „Kjólarnir frá Emami eru æðislegir og svo er íslensk hárgreiðslukona að sjá um hárið og íslensk stelpa sem sér um að farða Anítu í dag, svo það eru margir með puttana í þessu og hjálpa okkur að gera þennan dag sem bestan,“ segir Erna glöð í bragði.



**GEISLANDI BRÚÐUR** Aníta Briem leikkona var geislandi á rauða dreglinum stuttu áður en hún hélt til Grikklands þar sem hún giftist unnusta sínum, Dean Paraskevopoulus, við hátíðlega athöfn í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Unnusti Anítu, leikstjórinn Paraskevopoulus, er frá Grikklandi og þau ætla að fylgja þeim gríska sið að láta brúðkaupsgesti sækja brúðina með hljóðfæraleikurum og lófaklappi og fylgja henni þannig í kirkjuna. Parið ætlar að dveljast á eyjunni í tvær vikur áður en haldið verður til Los Angeles þar sem þau eru búsett.

alfrun@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Valdís Óskarsdóttir** hefur samþykkt að taka sæti í dómnefnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, sem fer fram 23. september til 3. október. Hún mun taka þátt í að velja bestu mynd hátíðarinnar sem fær aðalverðlaunin Gyllta lundann. Valdís hefur mikla reynslu úr kvikmyndabransanum því hún hefur leikstýrt Sveitabrúðkaupi og Kóngavegi og klippt myndirnar Eternal Sunshine of the Spotless Mind og Festen. Fimm manns skipa dómnefndina á RIFF og verður Cameron Bailey, stjórnandi kvikmyndahátíðarinnar í Toronto, þar á meðal.



Ekkert lát virðist vera á vinsældum skutlubókarinnar Makalaus eftir **Tobbu Marinósdóttur** þar sem hún skrifar hispurslaust um íslenska stefnumótamenningu. Bókin selst eins og heitar lummur og er núna að fara í sína þriðju prentun. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu er Makalaus 2 væntanleg í maí á næsta ári og bíða hennar vafalítið margar skutlurnar með mikilli eftirvæntingu.

**Benedikt Erlingsson** verður bæði í hlutverki leikara og leikstjóra í Borgarleikhúsinu í vetur. Það er orðið langt síðan hann steig á svið sjálfur en það mun hann gera í leikritinu Elsku barn sem verður frumsýnt eftir áramótin. Þá mun hann einnig leikstýra dagskrá sem byggir á Sóleyjarkvæði eftir Jóhannes úr Kötlum. Sem kunnugt er leikstýrði Benedikt sýningunni Jesús litli sem fékk Grímuverðlaunin í ár og snýr aftur á svið í nóvember.



# Samdi sönglög fyrir Gurru Grís

Máni Svavarsson, höfundur tónlistarinnar í Latabæ, hefur samið nokkur ný lög fyrir brúðuleikrit sem farið hefur sigurför um Bretland að undanförnu. Aðalpersóna brúðuleikritsins er Gurra grís eða Peppa Pig en hún hefur verið einhver vinsælasta persóna breskra barna undanfarin ár. Þættir um hana eru sýndir í 180 löndum og sýningin verður á næstunni í Liverpool. „Þetta passar, það eru sömu framleiðendur sem gera þessa sýningu og framleiddu Latabæjarsýninguna og þeir spurðu mig í fyrra hvort ég væri til í að semja nokkur lög. Það er ekki mikið af tónlist í kringum þessa persónu nema upphafslagið og ég bætti bara aðeins við.“

Máni segist ekki vera að horfa í kringum sig enda séu nóg verkefni hjá Latabæ. „Nei, þessir framleiðendur eru góðvinir okkar og ég samdi þessi lög bara í sumarfríinu mínu. Þetta eru svona lítil og léttvæg lög enda stílar Gurra grís inn á yngstu börnin,“ útskýrir Máni og bætir því við að sýningin sé líka mun minni í sniðum en til að mynda Latabæjarsýningin.

Máni er nýbúinn að semja nýtt lag fyrir Latabæ sem verður notað í risastórri auglýsingaherferð fyrir matvörukeðjuna ASDA. Þar verður Latibær í aðalhlutverki nýrrar markaðsherferðar sem byggir á því að deila út skrefamælum til breskra barna og hvetja þau til að ganga meira. Magnús Scheving og Julianne Margulies verða í forsvari fyrir átakið en þetta verður í fyrsta skipti í háa herrans tíð sem þau tvö verða saman á ferðalagi við að kynna Latabæ.

- fgg




**LÖG FYRIR GRÍS** Máni Svavarsson samdi nokkur lög fyrir brúðuleikrit um Peppa Pig eða Gurru grís en hún er feykivinsæl meðal barna á Bretlandi.


PIXMA
Prentaðu út ritgerðir fyrir skólann.
Prentaðu út ljósmyndir fyrir heimilið.
PIXMA prentarar eru frábærir til að prenta út ljósmyndir í hámarks gæðum. PIXMA henta einnig vel fyrir skólann og skrifstofuna til að prenta út ritgerðir, skýrslur o.s.frv.
Með PIXMA getur þú líka ljósritað og skannað, jafnvel sent fax, og verið með hann þráðlausan (Wi-Fi) þannig að fleiri en þú, hvort sem er á heimilinu eða skrifstofunni, geta haft að aðgang að þínum PIXMA fjölnota prentara.
Nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is
Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook
PIXMA iP2700
• Hágæða ljósmyndaprentun og framúrskarandi skjalaprentun.
• Canon FINE tæknin með 2 píkólítra smádropum.
• Allt að 4800x1200dpi prentupplausn.
• Sniðugir eiginleikar og hugbúnaður.
• Fallegar myndir sem endast lengi.
• Flott hönnun - Tekur lítið pláss.
Tilboðsverð aðeins 8.900 kr.
PIXMA iP3600
• Framúrskarandi hágæða útprentanir.
• Sérstakt svart blek fyrir myndir.
• Canon FINE tæknin með 1píkólítra smádropum.
• 9600x2400dpi prentupplausn.
• Single Ink fimm lita blekhylkjakerfi eykur gæði og lágmarkar blekeyðslu.
• Myndir endast í allt að 300 ár með Canon bleki & pappír.
• Tveir pappírsbakkar, PictBridge tengi.
• Notendavænn hugbúnaður fylgir með.
Tilboðsverð aðeins 13.900 kr.
PIXMA MP550
• Prentaðu, ljósritaðu & skannaðu.
• Canon FINE tæknin með 1 píkólítra smádropum.
• 9600x2400dpi prentupplausn.
• Single Ink fimm lita blekhylkjakerfi eykur gæði og lágmarkar blekeyðslu.
• Skoðaðu myndir á skörpum 5.0 cm lita TFT skjá.
• Notendavænn hugbúnaður fylgir með.
• Skannaðu með 2400dpi skanna.
Tilboðsverð aðeins 19.900 kr.
PIXMA MP560
• Prentaðu, ljósritaðu & skannaðu.
• Vertu þráðlaus - Wi-Fi.
• Canon FINE tæknin með 1píkólítra smádropum.
• 9600x2400dpi prentupplausn.
• Single Ink fimm lita blekhylkjakerfi eykur gæði og lágmarkar blekeyðslu.
• Skoðaðu myndir á skörpum 5.0 cm lita TFT skjá.
• Notendavænn hugbúnaður fylgir með.
• Skannaðu með 2400dpi skanna.
Tilboðsverð aðeins 29.900 kr.
PIXMA MX340
• Fjögur tæki í einu & Wi-Fi. Tilvalinn á skrifstofuna.
• Hraðvirkt fax - 33.6kbps Super G3.
• Hægt að vista föx á USB lykil.
• 30 blaða frumritamatari (ADF).
• Canon FINE tæknin með 2 píkólítra smádropum.
• Allt að 4800x1200dpi prentupplausn.
• Notendavænn hugbúnaður fylgir með.
Tilboðsverð aðeins 19.900 kr.
Canon
you can
Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt
Reykjavík Sense Center, Kringlunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - Tölvutek, Borgartúni 31 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Mjódd / Akureyri Pedromyndir - A4 - Tölvutek / Húsavík Bókaverslun Þórarins / Ísafjörður Bókahornið - Penninn / Sauðárkrókur Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / Blönduós Kjalfell / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hrannarbúðin / Stykkishólmur Skipavík / Borgarnes Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martölvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmiðjan / Vestmannaeyjar Geisli - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



KÍKTU Í HITT HORNIÐ


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Erfið ráðning

Enn er beðið eftir því að stjórn Íbúðalánasjóðs ráði nýjan forstjóra í stað **Guðmundar Bjarnasonar** sem er hættur fyrir tæpum tveimur mánuðum. Stjórnin fundaði í gær og þriðja fundinn í röð frestaði hún ákvörðun í málinu. Stjórnin á að hætta um áramót en fjórir af fimm stjórnarmönnum eru fulltrúar framsóknarmanna og sjálfstæðismanna. Ásta H. Bragadóttir, sem var staðgengill Guðmundar Bjarnasonar, gegnir forstjórastarfinu til bráðabirgða. Það er opinbert leyndarmál að stjórn Íbúðalánasjóðs vill ráða hana í starfið í fullkominni andstöðu við ráðherrann sem ber ábyrgð á Íbúðalánasjóði. Árni Páll Árnason vill fá sinn mann, Ingva Örn Kristjánsson, fyrrverandi Landsbankamann, í forstjórastólinn.



### Pistlahöfundur í bókaskrifum

**Lára Björg Björnsdóttir** vakti töluverða athygli fyrir skrif sín á menningarvefinn Miðjuna. Hefur henni meðal annars verið eignaður frasinn „takk útrásarvíkingar". Skrifin komu inn á borð hjá útgáfufélaginu Senu sem hefur verið fikra sig áfram í bókaútgáfu og nú situr Lára sveitt við skriftir enda væntanleg bók frá henni sem byggir á pistlunum en hún mun væntanlega taka þátt í jólabókaflóðinu víðfræga.



## Mest lesið VISIR.IS

1. Yfirmenn lögreglunnar féllu á prófinu
2. Þrettán ára drengur hengdi sig fyrir slysni vegna netæðis
3. Maður í haldi vegna morðsins
4. Risarottur hrella Breta
5. Fyrirtöku í máli Eiðs Smára frestað
6. Morðið í Hafnarfirði: Fjölskyldan biðlar til þjóðarinnar – myndband







